

Kolbeinn Marteinnsson & Gunnar Dofri Ólafsson

LEITIN AÐ PENINGUNUM



LEIÐARVÍSIR AÐ FJÁRHAGSLEGU SJÁLFSTÆÐI

Kolbeinn Marteinnsson
og Gunnar Dofri Ólafsson

LEITIN AÐ PENINGUNUM

REYKJAVÍK
2025

Leitin að peningunum

© Kolbeinn Marteinsson

Reykjavík 2025

1. útgáfa – kilja 2025
2. útgáfa – rafbók 2025

Teikningar: Rán Flygenring

Bók þessi er gefin út í samstarfi við umboðsmann skuldara,
með stuðningi frá félagsmálaráðuneytinu

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti,
svo sem með ljósmyndun, prentun eða hljóðritun
eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild,
án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

ISBN 978-9979-9514-8-3

INNGANGUR

Að skilja peninga og átta sig á hvernig þeir virka er eitt það mikilvægasta sem við getum lært. Mistök og slæm hegðun varðandi fjármál getur nefnilega haft mikið um það að segja hvernig stefnu líf okkar tekur. Samband okkar við peninga er oft á tíðum óþægilega flókið en ef við tileinkum okkur nokkur grundvallaratriði getur það orðið eins og gott hjónaband og gert líf okkar auðveldara og um leið einfaldara.

Það að þú sért að lesa þessa bók er fyrsta skrefið af vonandi mörgum í að bæta fjárhagslega heilsu þína og líf þitt. Það er ágætt að taka það strax fram að þessi bók mun ekki hjálpa þér að eignast fullt af peningum hratt. Sannleikurinn er sá að ríkidæmi sem kemur hratt fer oftast líka jafnhratt í burtu. Því er betra að leggja áherslu á fjárhagslegt sjálfstæði. Með fjárhagslegu sjálfstæði losnum við undan fjárhagsáhyggjum. Þegar því er náð höfum við komið fjármálum okkar á þann stað að við getum tekist á við áföll og erfiðleika án þess að þurfa jafnframt að horfa á fjármál okkar hrynja. Alltof mörg okkar enda föst í lífi sem þau myndu gjarnan vilja breyta en geta ekki vegna fjárhagslegra skuldbindinga. Fjárhagslegt sjálfstæði skapar okkur frelsi sem eykur tækifæri okkar. Með fjárhagslegu sjálfstæði getum við skipt um starf eða farið í nám vegna þess að fjármál okkar leyfa okkur það. Þess vegna er fjárhagslegt sjálfstæði grunnur að góðu lífi og þegar því er

náð eignumst við svo margt annað en bara peninga, svo sem tíma og tækifæri.

Við getum öll náð árangri í fjármálum og sá árangur er ekkert ósvipaður því að læra að ganga. Fyrst stígum við varlega eitt skref eða tvö en með þjálfun og tíma verða skrefin öruggari og við getum gengið hratt og rösklega. Þessi bók er hugsuð á sama hátt. Við veltum fyrir okkur hvernig við tökum fyrsta skrefið og af hverju það er oft erfitt.

Bókinni er skipt upp í stutta kafla þar sem skoðaðar eru hinar ýmsu hliðar fjármála út frá viðhorfum, tekjum, lánum, lífsstíl og öðrum þáttum. Hún er skrifuð í framhaldi af hlaðvarpinu *Leitinni að peningunum* sem framleitt var af Kolbeini Marteinsyni fyrir umboðsmann skuldara og Gunnar Dofri Ólafsson hafði umsjón með. Þó sumir kaflar í þessari bók séu kannski ekki mjög áhugaverðir, eins og t.d. lífeyrismál ef þú ert 18 ára, þá er ein mikilvæg regla þegar kemur að fjármálum: Af litlu getur orðið mikið. Það þýðir að fjárfestingar sem fá að ávaxtast til áratuga verða í flestum tilfellum umtalsverðar. Því fyrr sem við áttum okkur á því þeim mun sterkari verðum við fjárhagslega.

Höfum það ávallt hugfast að fjármál eru 80% hegðun og 20% færni sem þýðir að við getum öll náð árangri í fjármálum með því að tileinka okkur smávægilegar breytingar á hegðun.

HVAÐ HUGSAR ÞÚ UM ÞEGAR ÞÚ HUGSAR UM PENINGA

Það er mikilvægt að opna umræðuna um fjármál og peninga enda eru peningar allt umlykjandi í daglegu lífi okkar. Umræða um fjölda ólíkra málefna sem áður þótti óviðeigandi hefur blessunarlega opnast í samfélaginu á undanförunum árum. Upplýst umræða og aukin þekking styrkir okkur, eykur víðsýni og leggur grunn að nýjum tækifærum. Þrátt fyrir opnari umræðu á ýmsum sviðum höfum við ekki náð þessum stað í umræðum um peninga. Það er að segja, umræða um okkar persónulegu fjármál er ennþá hálfgerð tabú þó umræða um peninga sé almennt mikil.

- # Hvað hugsar þú til dæmis þegar þú hugsar um peninga og hvaða tilfinningar vakna hjá þér?
- # Hvernig er samband þitt við peninga?
- # Líður þér óþægilega við tilhugsunina um þín fjármál?
- # eru peningar eitthvað sem þú hefur lítinn skilning á?
- # eru peningar eitthvað sem þú forðast í lengstu lög að ræða um?
- # Helst þér illa á peningum?
- # Viltu eiga meira af þeim en veist ekki hvar þú átt að byrja?

Þetta eru allt spurningar sem við höfum gott af að velta fyrir okkur

Í hverjum einasta fréttatíma er talað um ríkisfjármál, verðbólgu og vexti, hagnað, tap og gjaldþrot fyrirtækja, fjárhagsvanda stofnana, pretti og svik. En þetta eru sjaldnast peningarnir sem við sjálf höfum bein áhrif á. Peningarnir sem snerta okkur daglega eru mánaðarlegar tekjur okkar og þeir sem við eigum á bankareikningum eða í eignum svo dæmi séu tekin. Peningarnir sem við notum til að greiða af lánum eða í leigu, til að kaupa í matinn og til að borga fyrir fríin okkar. Það eru okkar persónulegu fjármál sem við mörg forðumst að tala um. Það vandamál stækkar enn fremur þegar við erum ekki góð í að fara með peninga eða náum ekki endum saman. Þegar við skiljum ekki húsnæðislánið okkar og orkum ekki að setja okkur almennilega inn í stöðuna þó hún haldi jafnvel fyrir okkur vöku um nætur. Slík staða getur leitt til þess að við greiðum meira en við þurfum í daglegar þarfir og þannig haldið aftur af okkur við að láta drauma okkar rætast.

Það að fara með peninga er leikur sem þú kemst ekki hjá að spila. Þú verður að taka þátt. Því er eins gott að setja sig aðeins inn í það hverjar leikreglurnar eru.

ÓLÍK VIÐHORF TIL PENINGA

Byrjum að skoða hvernig flokka má viðhorf okkar til peninga og hver áhrif þeirra eru. Það er ágætt að muna að viðhorf þín geta vel fallið undir fleiri en einn flokk.

1. Stöðutákn

Fólk sem er í þessum hópi lítur svo á að peningum fylgi völd og staða og að dýr lífsstíll sé mælikvarði á velgengni í lífinu. Þeim finnst að merkjavara, dýrir bílar og dýr lífsstíll, sem er



öllum sýnilegur á samfélagsmiðlum og á götum úti, bendi til þess að viðkomandi hafi náð langt í lífinu. Þessi hegðun er oft dýru verði keypt og jafnvel með dýru lánsfé. Enda skiptir þetta fólk í raun meira máli að sýnast ríkt en að vera það í raun og veru. Rannsóknir benda einnig til þess að fólk sem lítur á peninga sem valdataeki og stöðutákn sé í meiri hættu á að lenda í fjárhagsvandræðum en aðrir.

2. Gjafmildi

Annar hópurinn lítur svo á að hann geti haft áhrif á líf annarra með dýrum gjöfum.

Peningar verða því einhverskonar táknmynd um væntumþykju og ást: Með því að gefa peningagjafir sýnir þetta fólk öðru fólki hversu miklu máli það skipti.

Þetta er á vissan hátt göfugt og gott viðhorf en það getur líka verið varasamt. Börnum sem iðulega fá allt það sem hugurinn girnist farnast sjaldan vel síðar á lífsleiðinni og að sama skapi vilja flest börn miklu frekar verja tíma með foreldrum sínum en að fá frá þeim dýrar gjafir eða flotta hluti. Það er ekki gott veganesti út í lífið að halda að við getum bætt upp skort á ást og umhyggju með gjöfum. Það er í finu lagi að gefa fallega og dýra hluti en það kemur ekki í stað alvöru tengsla og tilfinninga.

3. Öryggi

Þriðji hópurinn sækir í fjárhagslegt öryggi og líður ekki vel ef uppi er óvissa í fjármálum. Skortur á peningum eða óttinn við slíkt getur þannig vakið hjá þeim erfiðari tilfinningar en gengur og gerist. Það er góð tilfinning að vita að maður eigi fyrir útgjöldum til nokkurra mánaða ef eitthvað óvænt kemur upp á, eins og atvinnumissir eða veikindi. Þetta er oft fólk sem

hefur liðið skort á grunnþörfum í æsku eða séð foreldra sína berjast fjárhagslega í bökkum. Því kemur kannski ekki á óvart að það fólk sem keppist við að tryggja öryggi sitt í fjármálum er síður líklegt til að lenda í fjárhagsvandræðum en aðrir.

4. Sjálfstæði

Fjórði og síðasti hópurinn lítur svo á að peningar veiti honum sjálfstæði. Þetta viðhorf er eitthvað sem við ættum flest að stefna að til að vegna betur í fjármálum. Með heilstæðri hugsun í fjármálum er hægt að setja peninga í samhengi við tímann sem það tekur að afla þeirra og líta á peninga sem tæki sem getur unnið fyrir okkur og um leið skapað okkur tíma til að gera það sem við viljum gera. Með fjárhagslegu sjálfstæði getum við minnkað við okkur vinnu eða jafnvel hætt að vinna fyrr en ella, lækkað í launum, farið í nám eða flutt erlendis. Fjárhagslegt sjálfstæði veitir okkur frelsi og svigrúm til að láta drauma okkar rætast og opnar á tækifæri út úr aðstæðum sem veita okkur ekki lífsfyllingu og gleði.

Skoðaðu þín viðhorf og hvaða hópi þú tilheyrir hér að ofan. Það mun hjálpa þér að átta þig á hvernig þú umgengst og hugsar um peninga og vonandi verða til þess að þú eignist meira af þeim og farir betur með þá.

Markmið þessarar bókar er nefnilega að draga saman á skýran hátt litla og einfalda hluti sem við getum öll tileinkað okkur. Smám saman geta þessir litlu og einföldu hlutir byggt undir fjárhagslega sjálfstæða framtíð þar sem við erum laus við fjárhagsáhyggjur.

Við getum öll náð árangri í fjármálum og að breyta hegðun hefst með því að taka ákvörðun um að gera það. Veruleiki okkar er auðvitað mjög ólíkur en með því að breyta nokkrum

litlum hlutum í fjármálahegðun okkar er hægt að stíga stór skref í átt að árangri. Þessar litlu breytingar munu einnig dýpka þekkingu þína og skilning á fjármálum.

Það eitt að þú sért að lesa þessa bók bendir til að þú sért á réttri leið. Það er aldrei of seint að afla sér þekkingar og færni í fjármálum. Því fyrr sem þú tekur ákvörðun um að þú ætlir að stefna að fjárhagslegu sjálfstæði því fyrr ættir þú að ná markmiðum þínum. Með bættri hegðun temjum við okkur heilbrigðari viðhorf til peninga en meðvituð og upplýst hegðun í fjármálum er eitt það mikilvægasta sem við getum tileinkað okkur.

FJÁRHAGSLEGIR ÓSIÐIR

Viðhorf okkar til peninga hafa mikil áhrif á fjárhagslega framtíð okkar. Ef þú hefur óheilbrigt eða neikvætt viðhorf til peninga, hefur ekki stjórn eða yfirsýn á eyðslu og átt engan sparnað, þá eru meiri líkur en minni á að þér muni ekki farnast vel í fjármálum. Hér á eftir munum við skoða helstu viðhorf sem geta haft neikvæð áhrif á hegðun okkar og leiðir til að leiðrétta þau.

FJÁRHAGSKVÍÐI

Kvíði yfir fjármálum hefur mikil áhrif á bæði fjárhagslega og andlega heilsu okkar. Mörg sem haldin eru kvíða vegna fjármála eru einnig með sektarkennd vegna þess að eyðsla er of mikil á kostnað sparnaðar. Vandí sem ekki er leystur vegna kvíða mun bara vaxa og verða erfiðari og ógnvænlegri. Með tímanum geta þessi viðhorf leitt til þess við myndum óheilbrigt samband við peninga. Eyðsla, níska og aðrir slæmir ávanar eiga oft upptök sín í óheilbrigðu sambandi við peninga, þar sem kvíði er rót vandans.


Mikilvægt er að við gefum okkur tíma til að fara yfir fjármál okkar. Hugsa um peninga og reyna að átta okkur á því hvernig okkur líður. Ef að þú tekur reglulega stöðuna á fjármálum þínum og sérð hver raunstaðan er, þá minnkar þú líkurnar á fjárhagskvíða umtalsvert því þú veist hvað þarf að gera. Ef að þú ert að safna peningum þá geta kaup á einhverju

sem þú þarft ekki nauðsynlega, eins og skyndibita, skapað kvíða. Ef þú hefur lagt peninga til hliðar fyrir slíka hluti þá getur þú eytt peningum í slík útgjöld án neikvæðra tilfinninga. Einföld markmið og reglur um sparnað og skipulagningu fjármála, sem við ræðum síðar í þessari bók, geta einfaldað lífið og gert það betra.

FORÐUN

Algengt er að fólk forðist að hugsa um fjárhagsvandræði sín frekar en að reyna að leysa þau. Það er kvíðvænlegt að sjá að staðan á heimabankanum er öll í mínus. En ef vandanum er sópað undir teppið þá vex hann og verður erfiðari viðfangs. Ef þú hefur hent reikningi í ruslið án þess að opna hann eða hefur sleppt því að skoða stöðuna í netbankanum þínum, þá eru líkur til að þú þjáist af forðun. Það skiptir engu máli hver fjárhagsstaða þín er, að horfast ekki í augun við vandann er aldrei rétta leiðin. Það er alltaf betra að vita hver staðan er, hver sem hún er, frekar en að veltast um í kvíða yfir því hversu slæm hún mögulega er. Við þurfum að fylgjast með stöðunni á bankareikningum og eyðslu okkar ef við ætlum að eiga betri framtíð. Því fyrr sem þú horfist í augu við raunverulega stöðu fjármála þinna því auðveldara verður að vinna úr þeim.

Gott ráð við þessum vanda, og þeim fjárhagsvanda sem getur verið afleiðing forðunar, er að fara vel yfir útgjöld og um leið átta sig á því hvar mest er eytt af peningum. Það er ekki góð leið að ætla að umturna öllu með stórkostlegum breytingum strax. Byrjaðu á að venja þig á að hugsa um fjármálin, venjast því að vita hver staðan er. Síðan geturðu byrjað að taka eitt skref í einu í átt að betri stöðu. Það er miklu betra að reyna að temja sér góða siði og um leið breyta hegðun. Næsta skref er að setja sér raunhæf markmið, eins og til dæmis að



safna 100.000 kr. til að eiga fyrir fyrir óvæntum útgjöldum. Þú mátt síðan klappa þér á bakið þegar þú hefur náð markmiðinu. Þó ekki með því að eyða öllu sem þú hefur sparað. Þú getur fundið fjölmargar ráðleggingar og stuðning ef þú bara tekur fyrsta skrefið.

Þegar við setjum okkur markmið er mikilvægt að þau séu raunhæf með tilliti til stöðu okkar hverju sinni. Ef við setjum okkur of háleit markmið og þrengjum um of að fjárhagnum eru meiri líkur á því að við við förum aftur til baka í sama farið. Engin upphæð er of smá til að stíga fyrsta skrefið. Því er einnig mikilvægt að endurmeta stöðuna reglulega og uppfæra áætlunina byggt á reynslu fyrri mánaða og eins vegna ytri aðstæðna sem við höfum ekki stjórn á. Mikilvægt er að átta sig á að við getum ekki alltaf haft fullkomna stjórn. Stundum koma upp aðstæður sem verða til þess að við höldum ekki áætlun. Ef við misstígum okkur á leiðinni, eyðum of miklu einn dag eða einn mánuð, er mikilvægt að líta ekki svo á að allt sé farið í vaskinn. Það sem skiptir mestu máli er hvað við gerum næst, hvað við gerum næsta dag eða næsta mánuð. Byrjum á að fara yfir stöðuna, endurmeta og koma okkur svo aftur á áætlun.

AÐ EYÐA OF MIKLU

Oft fylgir það forðun að eyða um efni fram. Hjá sumum getur eyðslan snúist um stöðutákn eins og merkjavörur á meðan aðrir eyða í mat og veitingastaði. Ef þú eyðir meira en þú aflar þá er mikil hætt á að þú lendir í fjárhagsvandræðum síðar meir. Þetta hljómar bjánalega einfalt, en þrátt fyrir það fellur ótrúlegasta fólk í þessa gryfju. Það eru sem betur fer til leiðir til að vinna gegn þessu. Ef þú hefur náð yfirsýn yfir þá hluti sem þú eyðir of miklu í er næsta skref að setja þér raun-

hæf útgjaldamarkmið með áætlun um það sem peningunum er varið í.

Ef við eyðum til dæmis allt of miklu í að fara út að borða, þá getum við sett okkur markmið um að eyða ekki meira en 10% af útborguðum launum okkar á veitingastöðum í stað kannski 20% af útborguðum launum okkar. Sumir bankar bjóða upp á öpp eins og Meniga þar sem við getum séð í hvað peningarnir okkar fara. Slík öpp eða þjónustur geta auðveldað okkur að ná yfirsýn og greina útgjöldin. Að sama skapi er afleitt að taka neyslulán eins og smálán eða skyndilán til að fjármagna umframeyðslu. Það veitir vissulega gleði að fá hlutina strax en mundu að ef þú átt ekki fyrir hlutunum þá ertu að greiða fyrir hlutina með peningum sem þú átt ekki – plús vexti!

Kreditkort eru oft verst þegar umframeyðsla er annars vegar. Þess vegna getur verið skynsamlegt að leggja þeim eða einfaldlega loka og hafa þannig betri stjórn á eyðslu, eða í það minnsta tryggja að það séu til peningar fyrir henni.

AÐ ÞURFA ALLTAF MEIRA

Sumt fólk er því miður í þeirri stöðu að ná ekki endum saman. Það getur komið fyrir okkur öll. Þá þurfum við á öllu okkar að halda til þess eins að draga fram lífið. Þegar við fjöllum um að þurfa alltaf meira er ekki átt við fólk í þeim aðstæðum. Staðreyndin er hins vegar sú að hjá fjölmörgum skiptir engu máli hvað þau þéna mikið, það er aldrei til nóg. Fyrir fólk með meðaltekjur ætti innkoman að vera nægjanleg til að lifa ágætu lífi.

Vandamálið er að okkur er talin trú um að lífsstíllinn sem við lifum sé ekki fullnægjandi. Ef þér finnst að þú þurfir meiri peninga en þú hefur til að lifa lífinu sem þig langar í, þá eru

meiri líkur á að þú eyðir meira en þú ættir að gera heldur en að þú eigir ekki nóg. Þetta viðhorf getur leitt til þess að við vinnum meira til að geta eytt meira. Önnur hlið á þessu viðhorfi er sú að horfa á tekjurnar sem stöðutákn. Að við metum virði okkar eingöngu út frá því sem við öflum. Slík viðhorf eru ekki vænleg til árangurs og því skiptir máli að reyna að átta sig á þeim, leiðrétta þau og tileinka sér lífsstíl í samræmi við fjárhagslegan raunveruleika. Ef þú upplifir að þú eigir aldrei nóg af peningum og að þú þurfir alltaf meira, þá er allt eins líklegt að enn meiri peningar leysi ekki vandann.

Í grunninn er gott að miða við að heilbrigð fjármál ættu að einkennast af því að peningar vinni fyrir okkur en ekki öfugt. Ef okkur finnst við aldrei eiga nóg þá er hætt við að eyðsla okkar rjúki upp í beinu hlutfalli við auknar tekjur. Samhliða því að við öflum meira ætti líf okkar að verða þægilegra og vonandi betra. Heilbrigð nálgun er að með hækkandi tekjum eigi sparnaður að aukast í svipuðu hlutfalli og tekjuhækkunin. Ef laun okkar hækka um 20% þá mætti til dæmis auka sparnað um 15% en eyðslu um 5%.

LANGTÍMAMARKMIÐ Í STAÐ SKAMMTÍMAÞARFA

Því miður er það svo að langflest okkar lifa frá einum launa-seðli til þess næsta og eiga oft lítið sem ekkert afgangsrétt fyrir mánaðamót. Það er erfið staða. Til að ráða bót á því er mikilvægt að við horfum til langtíamarkmiða í stað þess að einblína eingöngu á skammtímaþarfir og langanir. Mörg sjá sparnað sem eitthvað sem má hugsa um seinna á lífsleiðinni, þegar aðstæður verða betri. Með slíku hugarfari verða aðstæður okkar sennilega aldrei betri. Rétti tíminn mun aldrei koma því tækifærin til að auka eyðslu eru óþrjótandi.

Eins og nefnt er hér að framan þá eyðir fólk oft meira ef

tekjur þess hækka. Samhliða auknum tekjum vaxa skuldbindingar og útgjöld oft jafnmikið eða meira.

Góð vísa er aldrei of oft kveðin. Því lengur sem við seinkum því að vinna að langtímamarkmiðum í fjármálum, því erfiðara verður að ná þeim. Þess vegna verður að setja sparnað í forgang. Þetta er bara eins og að mæta í ræktina. Því fyrr sem þú byrjar að mæta, því fyrr sérðu árangur. Sama á við um fjármálin. Oft er talað um að við eigum að leggja til hliðar 20% af launum okkar í sparnað. Það þýðir samt ekki að við eigum ekki að leggja neitt til hliðar ef við náum ekki þessum 20%. Það er betra en ekkert að byrja á því að leggja fimm hundruð krónur til hliðar í hverjum mánuði frekar en ekkert. Þessar fimm hundruð krónur verða svo að þúsund krónum og síðar að tíu þúsund krónum.

BIÐIN EFTIR ÚTBORGUNARDEGI LAUNA

Fyrir mörg er útborgunardagur mikið tilhlökkunarefni. Loksins, loksins getum við keypt það sem okkur hefur vantað eða langað í. Þessi tilfinning er birtingarmynd á öðrum og kannski alvarlegri vanda en blankheitum einum saman. Það er ekki góður ávani að keyra niður innistæðuna á bankareikningnum eins hratt og við getum um leið tækifæri gefast. Ef launin duga skammt og mánuðurinn snýst um bið eftir næsta útborgunardegi, er tími til að setjast niður og fara yfir markmið og leiðir. Ef þetta er eitthvað sem þú kannast við er rétt að staldra við, stíga skref til baka og reyna að ná betri stjórn á fjármálunum. Það getum við gert með því að setja upp sjálfvirkar millifærslur í netbanka eða taka út pening fyrir mánuðinn og skipta niður í umslög.

Þau sem eiga í erfiðleikum með að láta launin duga út mánuðinn, hafa eðli málsins samkvæmt sjaldnast laust fé í

sparnað. Ef forgangsroðunin er útgjöld í stað sparnaðar þá er sniðugt að láta sjálfvirkar millifærslur í upphafi mánaðar taka ákvörðun fyrir þig. Með slíku fyrirkomulagi veistu hvað þú átt til að eyða og eyðir síður meira en þú þarft. Það er aldrei of seint að breyta hegðun og venjum, um leið og við tökum upp eina góða venju fara oft aðrir litlir hlutir í fjármálum að lagast líka. Mikilvægast er þó að byrja sem fyrst.

FJÁRHAGSLEGT SJÁLFSTÆÐI

Sumt fólk setur sér markmið um að efnast og verða ríkt. Það er í sjálfu sér ekki slæmt markmið en eru slík markmið alltaf raunhæf? Skynsamlegra markmið er að vinna markvisst að fjárhagslegu sjálfstæði. Við segjum að einhver sé fjárhagslega sjálfstæður þegar viðkomandi er með nægar eignir eða tekjur til standa undir útgjöldum án þess að þurfa að vinna eða vera öðrum háð um afkomu. Slíkt markmið tekur tíma en það er gott að muna að við vanmetum oft hversu miklu við getum áorkað yfir langan tíma en ofmetum hvað getum gert yfir skemmri tíma.

AÐ DETTA Í LUKKUPOTTINN

Til að ná fjárhagslegu sjálfstæði er agi í peningamálum og heilbriggt viðhorf til fjármála grunnforsenda langtíma árangurs.

Vís maður sagði eitt sinn að happdrætti væri skattur á fólk sem væri lélegt í tölfræði. Það má svo sem horfa í gegnum fingur sér með smávægilega eyðslu í happdrætti. Við ættum þó frekar að horfa til þess að oft er tilgangurinn með fjárhættuspilum að styðja við góð málefni frekar en að vonast til að stóri vinningurinn muni leysa öll okkar vandamál. Stundum vinnur fólk vissulega í happdrætti (þótt líkurnar séu litlar) en ef stóri vinningurinn er eina raunhæfa leiðin úr fjárhagsvanda

og áhyggjum þeim tengdum hjá þér þarftu að horfast í augu við að það eru mjög litlar líkur að nokkuð muni breytast. Ef svo ólíklega vill til að þú svo vinnir stórar upphæðir þá eru meiri líkur en minni á að öllu verðlaunafénu verði sólundað og þú endir á sama staða eða verri. Raunhæfari leið til árangurs er að stefna að fjárhagslegu sjálfstæði.

Prófaðu að lygna aftur augunum og ímynda þér að þú hafir unnið stóran vinning. Segjum að 200 milljónir myndu renna inn á bankareikninginn þinn á morgun. Láttu nú gleðiþrungna spennu flæða um allan líkamann og skrifaðu niður eða punktaðu hjá þér hvað þú myndir gera fyrstu vikuna, fyrsta mánuðinn og fyrsta árið? Væri það að hætta að vinna? Myndir þú panta þér heimsreisnu eða kaupa drauma einbýlishúsið. Gefðu þér smá tíma í að hugsa um þetta. Svör þín segja heilmikið um hvert viðhorf þitt til peninga er og hvernig þú myndir leysa það krefjandi verkefni að fá 200 milljónir upp í hendurnar.

Ef að þú hefur bara horft til stórra útgjalda og skuldbindinga eins og bíla- og húsnæðiskaupa, þá fellur þú beint í gryfjuna með stórum hluta þeirra sem vinna svona stóra vinninga. Þá eru meiri líkur en minni á að þú munir lenda í verulegum fjárhagsvandræðum eftir stóra vinninginn.

Útgjöldum fylgir oftast kostnaður. Dýr lífstíll krefst þess að honum sé stöðugt viðhaldið með meiri peningum. Dýrir bílar kosta mikið í viðhaldi og þjónustu, hús á Spáni er dýrt í rekstri, sumarbústaðurinn er ekki ódýr og ef þú temur þér lífsstíl sem er ekki sjálfbær þá munu fjármálin enda illa. Auðfengið – auðfarið eða easy come – easy go segja þau í Ameríku og það er mikill sannleikur í því. Sjáðu bara hvernig fer fyrir mörgum atvinnuönnnum í íþróttum sem þéna milljarða á kannski tíu árum en enda oft í basli þegar ferlinum lýkur.



Hins vegar, ef að þú horfðir fyrst til þess að ávaxta vinn-inginn á öruggan hátt, greiða upp skuldir og aðeins eyða hluta af peningunum þá ert þú ein eða einn þeirra sem myndi þola að fá svona mikla fjármuni fyrirhafnarlaust upp í hendurnar.

Ef þú hefur ekki tamið þér aga þegar kemur að peningum, heilbrigt viðhorf til þeirra, og um leið rétta hegðun, eru miklar líkur á að freistingarnar taki af þér öll völd og peningarnir flæði út. Þótt draumahúsið sé að fullu greitt fylgja því há útgjöld, tryggingar, skattar og viðhald. Sama á við um dýra bíla. Slíkum eignum fylgja háar skuldbindingar sem við verðum að geta mætt. Algengast er að fólk lendi í vandræðum eftir stóra vinn-inga vegna þess að viðhorf til peninga eru röng. Í stað þess að við látum þessar 200 milljónir vinna fyrir okkur ævina á enda – sem þær gætu mjög auðveldlega gert – er farið í stjórnlausa eyðslu og fjármálin verða fljótt ósjálfbær. Fyrr en varir eru peningarnir svo uppunir. Það skiptir öllu að fjármál okkar geti staðið undir sér. Að við setjum peningana í vinnu með því að fjárfesta og lifa af tekjunum sem þeir skapa.

FIRE HREYFINGIN

FIRE stendur fyrir **Financial Independence Retire Early** eða **Fjárhagslegt sjálfstæði** og hætt að vinna snemma. Í Bandaríkjunum hefur ungt fólk í góðum störfum verið áberandi þegar kemur að því að hugsa lífið upp á nýtt og þannig hefur orðið til hópur sem hefur tileinkað sér lífsstíl þar sem markmiðið er að geta hætt að vinna snemma eða áður en hefðbundnum eftirlaunaaldri er náð. Hér er meginmarkmiðið fjárhagslegt frelsi, að eiga nóg til að geta hætt að vinna þegar tækifæri gefst og vilji stendur til þess. Til að það sé mögulegt þarf að leggja fyrir og safna eins miklu og mögulegt er. Markmiðið er að geta hætt í fastri vinnu um fimm-tugt eða jafnvel fertugt. Í ýktustu dæmunum erum við að tala um mjög hraustlegar innágreiðslur í sparnað þar sem helmingur og allt að 75% af laununum er lagður til hliðar. Það segir sig líka sjálft að ef við ætlum að stefna að fjárhagslegu sjálfstæði eins og þessu þá eru allar skuldir upp greiddar. Staðreyndin er sú að ef þú ætlar að geta hætt að vinna mjög snemma á lífsleiðinni þá þarftu að leggja fyrir allt að helminginn af laununum þínum – eftir skatt. Á sama tíma þarft þú að stefna að því að temja þér sparneytnari lífsstíl.

Markmiðið er að vita nákvæmlega hvað lífsstíl þinn kostar og eiga svo nægjanlega stóran sjóð svo hægt sé að lifa þægilegu lífi af ávöxtun sjóðsins. Þannig eru fjármálin sjálfbær og fyrirhafnarlausar tekjur (passive income) af ávöxtun duga til að greiða fyrir lífsstílinn án þess að gengið sé á höfuðstól sjóðsins. Til að átta sig betur á þessu má ímynda sér þar með tvö börn. Því skal haldið til haga að þetta dæmi er aðeins til að átta sig á hvernig svona mark-

mið virka og hvernig ein leið til að ná markmiðinu gæti litið út. Það ákveður 25 ára að ætla að stefna að fjárhagslegu sjálfstæði og hætta að vinna snemma. Það greiðir því niður skuldir og leggur fyrir í sparnað í hverjum mánuði. Eins eru þau sparsöm og fara skynsamlega með peninga sína. Þau eru samstíga um markmið og eru einnig með ágætis tekjur.

Þegar þau – eða þeir eða þær – eru fimmtug hafa þau greitt niður allar skuldir og þau hafa tamið sér hóflegan lífsstíl. Þau byrjuðu fyrir 25 árum síðan að borga í sparnað mjög hraustlega eða um 250.000 krónur á mánuði. Samhliða auknum tekjum og lægri skuldum hafa þau á þessum 25 árum aukið greiðslur í sparnað um 4% á ári. Við gerum ráð fyrir að þau hafi ávaxtað sparnað sinn nokkuð varfærnislega með blöndu af hlutabréfasjóðum, skuldabréfasjóðum, hlutabréfum, erlendum sjóðum og innstæðum. Til viðmiðunar gerum við ráð fyrir 4% árlegri ávöxtun á sparnað þeirra.

Eftir 25 ár eiga hjónin 155 milljónir króna í sparnað. Þar sem þau eru skuldlaus þurfa þau miklu lægri tekjur til að geta lifað góðu lífi. Við skulum segja 400.000 kr. dugi þeim vel út mánuðinn, samtals 4.8 milljónir á ári. Af þessum 155 milljónum fá þau um 6.2 milljónir í ávöxtun á ári. Ef við deilum því niður á mánuði þá eru það um 520.000 krónur á mánuði og eftir fjármagnstekjuskatt fá hjónin í sinn hlut 405.000 krónur á mánuði. Fimmtug geta hjónin stjórnað því hvort þau vilji vinna áfram eða hvort þau vilji hætta vinnu og fara að njóta lífsins.

FIRE hreyfingin hefur verið gagnrýnd fyrir að hún henti bara þeim sem hafa mjög háar tekjur. Það er vissulega nokkur sannleikur í því. Þrátt fyrir að við spörum alla okkar

fjármuni þá verðum við að hafa mjög háar tekjur ef við ætlum að ná að hætta að vinna um fertugt. Sannleikurinn er samt sá að við getum öll tamið okkur þessi viðhorf og stefnt að fjárhagslegu sjálfstæði. Það felur í sér að við temjum okkar hóflega neyslu, spörum og stefnum að því að verða fjárhagslega sjálfstæð. Því jafnvel þótt markmiðið sé ekki jafnháleitt og hjá FIRE-fólki þá virka aðferðirnar með sama hætti.

Samkvæmt rannsóknum sem gerðar hafa verið í Bandaríkjunum kemur í ljós að þriðjungur milljónamæringa, það er fólks sem á yfir milljón dollara, er ekki hátekjufólk. Í sömu rannsókn kom í ljós að meðal milljónamæringurinn í Bandaríkjunum þurfti um 28 ár til að safna sér og spara fyrir einni milljón dollara. Það er því mikilvægt að huga að starfslokum og hvernig líf okkar verður þegar þangað er komið. Því fyrr sem við förum að huga að þeim málum því betri verður staða okkar. Eitt getum við sagt með 100% vissu og það er að skipulögð fjármál þar sem hæfileg áhætta er tekin mun skila digrum sjóðum ef við gefum peningunum tíma til vaxa og dafna. Fjárhagslegt sjálfstæði er þannig verðugt og gott markmið sem við ættum öll að stefna að.



YFIRSÝN

Áður en við höldum í ferðalag og setjum niður stefnu þá er nauðsynlegt að vita hver staða okkar er. Þegar fyrirtæki setja sér stefnu um hvert þau vilja fara er yfirleitt staldrað við og staða mála greind. Þar fæst yfirsýn yfir styrkleika, veikleika, ógnir og tækifæri. Þegar við vitum hver staðan er getum við sett okkur raunhæf markmið og fundið réttu leiðirnar til að ná þeim. Það getur verið gagnlegt að stela þessum aðferðum frá fyrirtækjunum og færa þau heim til okkar.

Einkar mikilvægt er að einstaklingar í sambúð sem hafa sameiginlegan fjárhag ræði opinskátt um fjármál heimilisins. Sambúðaraðilar þurfa að vera jafn meðvitaðir um hver staða heimilisins er, taka ábyrgð og setja sér markmið í sameiningu. Rannsóknir hafa sýnt að ágreiningur um fjármál og skortur á yfirsýn og samstöðu eru oft ástæða þess að einstaklingar ákveða að halda í sitthvora áttina. Staðreyndin er sú að fjármál okkar eru oft óþarflega flókin. Stundum er erfitt að skilja þau eða átta sig á þeim þar sem þau eru tengd tilfinningum og viðhorfum sem eru afleiðingar uppeldis, hegðunar og reynslu.

Í grófum dráttum snýst þetta um að vita tvennt:

1. Hvaða tekjur hef ég/heimilið
2. Hvað kostar framfærslan mín/okkar

Mismunurinn á þessu segir okkur hvað við höfum til ráðstöfunar.

Aðferðir við að halda heimilisbókhald eru margar og hér verður hvert og eitt okkar að meta hvað hentar best. Margir nota tæknilegar lausnir eins og Meniga, aðrir nota Excel skjöl og enn aðrir nota einfaldlega blað og penna.

AÐ NÁ YFIRSÝN OG SETJA SÉR MARKMIÐ Í FJÁRMÁLUM

Mikilvægt er að fá skýra mynd af núverandi stöðu og meta hvort maður er ánægður með þá stöðu. Þá er hægt að skoða hvað þarf að gera til að ná þeim markmiðum sem maður hefur sett sér eða langar að setja sér.

TEKJUR

Fyrsta skrefið til að ná yfirsýn er að skrá niður allar tekjur sem þú/heimilið hefur til ráðstöfunar eftir skatta og gjöld. Ef tekjurnar eru óreglulegar eða sveiflukenndar getur verið gott að byrja strax á að skrá niður tekjurnar yfir allt árið og jafnvel reikna meðaltal, hver og einn verður að skoða hvað hentar best í þessu en markmiðið er að setja niður hvaða tekjur maður mun hafa eða að minnsta kosti telur að maður muni hafa. Ef tekjurnar eru óreglulegar má segja að enn mikilvægara sé að hafa gott heimilisbókhald til að koma í veg fyrir að lenda í vandræðum eða missa stjórn á fjármálunum.

Ef þú ert búin/n að skila skattskýrslu skaltu sækja hana til Ríkisskattstjóra. Þaðan færðu yfirlit yfir útborgaðar tekjur þínar á síðasta ári. Ef þú átt maka skráið þið tekjur ykkar saman. Það eru heildartekjur heimilisins. Tekjur eru af ýmsum toga, til að mynda útborguð laun, lífeyrisgreiðslur, bætur, barnabætur og meðlag. Við mælum með að setja allar tekjur inn í þetta bókhald, líka tilfallandi tekjur á borð við gjafir, happdrættis-

vinninga, tekjur vegna aukavinnu eða endurgreiðslu á skatti. Ef þú ert með verktakagreiðslur, leigutekjur eða aðrar fjármagnstekjur eru þær jafnframt skráðar niður eftir að greiddur hefur verið af þeim skattur.

Þegar við höfum gert yfirlit yfir þær tekjur sem við/heimilið hefur þá færum við okkur yfir í framfærsluna eða hvað það kostar að lifa.

HEILDARÚTGJÖLD

Þegar við tökum saman yfirlit um heildarútgjöld er gott að flokka útgjöldin niður í nauðsynleg útgjöld, mikilvægar skuldbindingar og útgjöld heimilisins.

Nauðsynleg útgjöld

Byrjum á að skrá niður fasta liði sem eru nauðsynlegir en hér erum við að tala um t.d.:

- # Húsnæðiskostnaður – leiga eða afborgun lána.
- # Rekstrarkostnaður fasteigna svo sem hiti, rafmagn, hússjóður, fasteignagjöld og vatns- og fráveitugjöld.
- # Önnur föst og nauðsynleg útgjöld svo sem tryggingar, leikskólagjöld, meðlagsgreiðslur og fjarskiptakostnaður líkt og net og sími.

AÐRAR MIKILVÆGAR SKULDBINDINGAR

Þegar þú ert komin/nn með lista yfir nauðsynlegu útgjöldin skoðar þú aðrar skuldbindingar sem heimilið hefur, lán sem standa þarf í skilum með t.d. námslán, bílalan og aðrar skuldir sem kunna að vera til staðar.

Útgjöld heimilisins

Næst ber að telja saman önnur útgjöld heimilisins, daglega eyðslu á borð við mat og drykk, föt, lyf og fleira. Í þeim raf-ræna veruleika sem við búum flest í er auðvelt að fá góða yfirsýn yfir útgjöld okkar án þess að við þurfum að færa nákvæmt bókhald eins og fyrirtæki. Hægt er að skoða útgjöld með því að fara yfir kortareikninga. Einnig má nýta sér sniðugar lausnir eins og Meniga til að halda utan um útgjöldin. Til að fá sem besta yfirsýn er gott er að flokka útgjöldin. Á vef umboðsmanns skuldara er að finna reiknivél fyrir framfærslukostnað. Þar eru útgjaldaliðir flokkaðir í sjö mismunandi flokka:

- # Matur og hreinlætisvörur
- # Föt og skór
- # Læknis- og lyfjakostnaður
- # Tómtundir
- # Samskiptakostnaður
- # Samgöngur
- # Önnur þjónusta fyrir heimili

Þegar við höfum tekið saman tekjur heimilisins og heildarútgjöld höfum við fengið skýra mynd af stöðunni. Þá sjáum við betur hvað við höfum til ráðstöfunar eftir að við erum búin að gera ráð fyrir framfærslu heimilisins. Góð yfirsýn gefur einnig tækifæri til að endurskoða útgjöldin og finna óþarfa kostnað t.d. í áskriftum í öppum eða öðru sem við notum ekki lengur eða getum verið án.

Helsti kosturinn við þessa nálgun er að við verðum miklu meðvitaðri um daglegu útgjöldin okkar. Það eru oftast þau sem leiða til þess að við rekum heimilið með tapi eða hagnaði. Útgjöldin eru líka sá liður í rekstrinum sem er auðveldast

HVAÐ ERU EÐLILEG ÚTGJÖLD?

En hvernig vitum við hvort okkar útgjöld í þessum lið eru eðlileg miðað við fjölskyldustærð ?

Reiknivél umboðsmanns skuldara birtir upplýsingar um grunnviðmið m.v. gefnar forsendur. Ágætt getur verið að notast við slík viðmið til samanburðar við eigin útgjöld. Höldum því samt til haga að þetta eru einungis viðmið og framfærsla er alltaf persónubundin. Þegar hingað er komið í ferlinu sjáum við fljótt hvort dæmið gengur upp, það er hvort við eigum í raun fyrir framfærslu okkar

og fljótlegast að hafa veruleg áhrif á. Það er oft miklu skýrara að sjá útgjöld okkar fyrir okkur á ársgrundvelli í stað þess að horfa á mánaðarkostnað. Þannig er auðveldara að meta hvar hægt er að skera niður og hvar ekki. Ef þú ert til dæmis með sjónvarpsáskrift fyrir 8.058 kr. á mánuði þá ertu kannski ekkert að velta slíkri upphæð sérstaklega fyrir þér. En ef þú leggur hana saman yfir árið vex hún fljótt og verður um 96.700 krónur. Þá er ágætt að setja hana í samhengi við heildartekjur heimilisins og við sjáum að þarna fara kannski 1% af tekjum okkar í útgjöld fyrir áskrift að sjónvarpsstöð eða streymisveitu sem við horfum kannski sjaldan á. Sama upphæð myndi á nokkrum árum mynda dágóðan sparnað.

Það er gömul og góð regla í rekstri að útgjöldin búi til hagnaðinn. Það þýðir á mannamáli að við eigum sífellt að vera vakandi yfir útgjöldum okkar. Við ættum til að mynda alltaf að óska eftir tilboðum ef við erum að kaupa eitthvað í einhverju magni, t.d í parket í byggingavöruverslun. Við ættum

reglulega að fá tilboð í bíla- og heimilistryggingar og leggja á okkur smávægilega rannsóknarvinnu þegar við kaupum dýr heimilistæki svo dæmi séu tekin. Það getur margborgað sig.

GERÐU ÁÆTLUN

Þegar staðan er orðin skýr er næsta skref að setja sér fjárhagsáætlun fyrir komandi tímabil þar sem áætluð útgjöld og tekjur eru skráð niður. Ef við ákveðum í vetrarhörkum í desember að næsta sumar ætlum við í ferðalag í sólina er rétt að setja slík útgjöld á áætlun.

Auðvitað getum við aldrei séð fyrir óvænta hluti en með grófri áætlun, þar sem við getum fært til bókar þau útgjöld sem við sjáum fyrir auk þeirra tekna sem við gerum ráð fyrir að afla, þá höfum við yfirsýn yfir hvað við getum gert og hvað ekki. Þegar fyrirtækjum hefur gengið vel og þau hafa verið rekin með hagnaði er þeim heimilt að borga eigendum sínum arð. Nálágastu fjármálin þín með sama hætti og vertu viss um að þegar þú kaupir eitthvað þá sé það greitt með peningum sem eru til og án þess að þú þurfir að taka lán fyrir þeim. Það er góð tilfinning að fara í sumarfrí vitandi það að þegar þú kemur heim þurfir þú ekki að fara að borga kostnaðinn við fríð.

AÐ REKA HEIMILI MEÐ HAGNAÐI

Lífið getur vissulega verið hræðilega ósanngjarnt, þar sem sumir fá stórar fjárhæðir fyrirhafnarlaust meðan aðrir þurfa að leggja hart að sér bara til að ná endum saman. Það er samt mikilvægt að vera raunsæ og spila úr þeim spilum sem við höfum á hendi.

Ef við eigum ekki fyrir föstum útgjöldum eru tveir kostir í stöðunni: Að draga úr útgjöldum eða auka tekjur okkar.

Fyrir flest okkar er fljótverkara að draga úr útgjöldum og fyrir sum eru hærri tekjur ekki mögulegar, t.d. hjá þeim sem eru á föstum lífeyri vegna örorku eða aldurs.

Við munum fara betur yfir þessa þætti síðar í þessari bók. Ef þú horfir nú á raunstöðu fjármála þinna skaltu reyna að sjá fyrir þér líf án skulda. Ímyndaðu þér hvernig það væri að fá útborguð laun og þú þurfir ekki að horfa á eftir stórum hluta þeirra fara í afborganir skulda. Það geta allir stigið skref í átt að fjárhagslegu sjálfstæði. Þangað skalt þú stefna.



VERÐMÆTASTA EIGNIN ÞÍN

Veist þú hver er verðmætasta eignin þín? Ef þú býrð í eigin hús-næði þá leitar hugurinn eflaust fyrst að íbúðinni þinni, eða því sem þú átt í henni umfram skuldir. Eða kannski skýtur digur lífeyrissparnaður fyrst upp í kollinum? Það kemur þér eflaust á óvart að sennilega átt þú eign sem er verðmætari en bæði hús-næðið þitt og lífeyrissjóðurinn. Verðmætasta eignin þín er líklega sú að geta aflað þér tekna. Í höfði þínu og höndum búa þín bestu tækifæri til að skapa þér verðmæti ef þú starfar á vinnumarkaði eða stundar viðskipti. Þessi verðmæti getur þú leyst úr læðingi með fjölbreyttum hætti. Algengasta leiðin til þess er launuð vinna, sem er sú uppspretta tekna sem við þekkjum flest. Þessi eign rýrnar með tímanum, eftir því sem tíminn til að afla tekna styttest. Það borgar sig því að hefjast handa sem fyrst!

Það er ekki þar með sagt að við eigum endilega að rjúka út á vinnumarkað um leið og grunnskóla lýkur til að ná sem flestum árum af vinnu á lífsleiðinni. Vissulega förum við að afla tekna fyrr en það eru fleiri breytur sem er nauðsynlegt að skoða. Það skiptir miklu máli að auka virði tíma okkar og þar með getu okkar til að afla hærri tekna. En hvernig gerum við það? Jú, fyrst og fremst með menntun og reynslu.

AÐ FJÁRFESTA Í SJÁLFUM SÉR

Íslenskur vinnumarkaður gerir sífellt meiri kröfur um menntun og oft er hún forsenda þess að öðlast þá reynslu sem til þarf. Þekkingaröflun er því oft lykillinn að því að auka virði tíma okkar og þar með auka tekjur okkar yfir ævina. Í þessu samhengi má gjarnan minna á að menntun getur verið af ýmsum toga og er hér ekki aðeins átt við hefðbundið bóknám. Ekki er síður mikilvægt að minna á að það kann ekki góðri lukku að stýra að velja langtíma starfsframa út frá tekjumöguleikunum einum saman. Þannig verðum við yfirleitt hratt og örugglega óhamingjusöm og útbrunnin ef að við horfum til þess eins að fá há laun fyrir vinnu okkar. Þegar líður á starfsferilinn og við búum yfir kannski tíu ára starfsreynslu, þá getur verið rétt að staldra við og skoða hvort og þá hvernig við getum aukið afköst þessarar verðmætustu eignar okkar enn frekar. Það er til dæmis hægt með því að læra eitthvað nýtt sem gagnast í starfi eða með því að taka að sér erfitt verkefni í vinnunni sem samstarfsfólk leggur ekki í. Þannig skapar þú þér tækifæri til að gera þig að verðmætari starfsmanni og vekur athygli á getu þinni og færni.

LAUNATEKJUR

Launatekjur eru þær tekjur sem við þekkjum flest: Tekjur sem við fáum greitt fyrir vinnuframlag okkar. Fyrirkomulag launa getur verið af ýmsum toga:

- # **Föst laun:** Algengasta fyrirkomulagið á íslenskum vinnumarkaði eru föst laun þar sem samið er um ákveðna launaupphæð fyrir ákveðið vinnutímabil.
- # **Tímakaup:** Ef um tímakaup er að ræða færðu greitt fyrir hverja unna vinnustund og hærra fyrir yfirvinnu.

- # **Jafnaðarkaup:** Í jafnaðarkaupi færðu sama tímakaupið hvort sem um dag- eða yfirvinnu er að ræða.
- # **Mæld afköst:** Að lokum má nefna laun sem eru greidd eftir mældum afköstum. Þau geta til að mynda hentað iðnaðarmönnum eða þýðendum þar sem samið er um greiðslu fyrir tiltekið verk.

Af launum greiðum við öll skatta, iðgjöld í lífeyrissjóði og félagsgjald í stéttarfélag. Þessa frádráttarliði er mikilvægt að þekkja og bera skynbragð á. Skoðaðu nýjasta launaseðilinn þinn og kíktu á þessa frádráttarliði. Laun eru hjá flestum sá þáttur sem hefur langmest að segja um tekjur heimilisins og við eigum að velta fyrir okkur leiðum til að tryggja að laun okkar séu eins góð og kostur er. Til að mynda með því að ræða launin við vinnuveitenda reglulega. Það er mikilvægt að þú nýtir slík launaviðtöl vel og sért undir það búin/nn að sýna yfirmanni þínum hvert virði þitt er með augljósum, skýrum og skiljanlegum dæmum.

AUKATEKJUR

Ef þú hefur tök á og tíma til getur margborgað sig að þefa uppi aðrar leiðir en hefðbundna launavinnu til að auka tekjurnar. Þú getur til dæmis selt hluti á netinu, haldið námskeið um eitthvað sem þú ert góð/ur í, smíðað lítil húsgögn í dúkkuhús, þrjónað vettlinga, búið til hljóðbók og svona mætti lengi telja. Tækifærin til að auka tekjurnar eru óþrjótandi og öll erum við góð í einhverju! Flest það sem er talið upp hér að ofan krefst þess hins vegar, eins og launatekjurnar, að þú seljir tíma þinn og færni í skiptum fyrir peninga.

FYRIRHAFNARLAUSAR TEKJUR


Best er vitaskuld að láta peningana vinna fyrir sig án þess að þú þurfir að hafa mikið fyrir þeim! Það er mikilvægt að við áttum okkur á samspili tekna og tíma. Flest efnafólk á það sameiginlegt að láta peningana vinna fyrir sig í stað þess að þau vinni fyrir peningunum. Fyrirhafnarlausar tekjur (e. passive income) eru tekjur sem við fáum án þess að við þurfum með beinum hætti að leggja fram vinnu á móti.

Gott dæmi um slíkar tekjur eru fjármagnstekjur en það eru tekjur sem við fáum af eigum okkar. Einfaldasta og algengasta dæmið um fjármagnstekjur eru vextir sem við fáum af peningum inn á bankabók. Ef við leggjum hundrað þúsund krónur inn á bankabók sem gefur 3% vexti þá fáum við 3.000 krónur í fjármagnstekjur. Aðrar fjármagnstekjur geta sem dæmi verið leigutekjur af íbúð/herbergi, arður eða söluhagnaður af hlutabréfum. Þess ber einnig að geta að á Íslandi bera fjármagnstekjur lægri skatt en launatekjur. Einhver stærstu skrefin sem við getum tekið í átt að fjárhagslegu sjálfstæði er að skapa okkur fyrirhafnarlausar tekjur en þannig öflum við okkur tekna án þess að þurfa að láta beint vinnuframlag af hendi. Þau sem það gera láta þannig peningana vinna fyrir sig.

TEKJUR VIÐ STARFSLOK

Þegar við skoðum tekjur er ekki síður mikilvægt að hugsa um hvernig staðan verður við starfslok. Í upphafi skyldi endinn skoða og því fyrir sem þú byrjar að undirbúa fjármálin við starfslok, þeim mun líklegri er að þú náir settu marki – hvert sem það er. Liður í slíku gæti verið að huga að viðbótarlífeyrissparnaði en það er einföld leið til að auka tekjurnar á efri árum. Þá leggur þú fyrir 2% eða 4% af tekjum þínum og vinnuveitandi þinn leggur til 2% á móti. Viðbótarlífeyrissparnað er

hægt að leysa út við 60 ára aldur og hann er að fullu erfanlegur, ólíkt öðrum lífeyrissparnaði. Mikilvægt er að við séum meðvituð um hvaða áhrif eftirlaunin munu hafa á fjárhaginn okkar og hvort við getum lifað því lífi sem við viljum þegar að því kemur. Væri til að mynda hagstætt að minnka við sig húsnæði? Þá ber að hafa í huga að meðalaldur hækkar í sífellu og fólk heldur sem betur fer góðri heilsu lengur en áður þekktist. Hvað viljum við gera við þennan tíma? Viljum við „setjast í helgan stein“ eða hefja ný ævintýri? Kannski viljum við halda áfram að vinna aðeins lengur, í hálfu starfi eða heilu? Það er mikilvægt að vera með opinn huga þegar kemur að eftirlaunaárunum og skipuleggja þau í samræmi við óskir sínar! Af þessu má ráða að laun, launatekjur og uppátækjasemi við að skapa eins fjölbreytta og myndarlega tekjustofna og við getum skiptir verulegu máli til að eiga fjárhagslega farsælt líf. En það er ekki nóg að hafa nægar tekjur. Það skiptir jafnvel enn meira máli hvað fer út – og hvað fer ekki út – af reikningnum okkar.



SPARNAÐUR

Þegar við höfum áttað okkur á viðhorfum okkar til peninga, tekjunum okkar og mikilvægi þess að temja okkur rétta hegðun í fjármálum, þá komum við að því sem einna mestu máli skiptir: Að spara. Í grunninn er sparnaður frekar einfaldur. Til að spara þurfum við bara að eyða minna en við öflum. Einfalt mál. Næsti kafli.

Þetta er þó ekki alveg svona einfalt því það eru margir kraftar sem verka á okkur og flestir þeirra toga okkur í þá átt að eyða frekar en að spara. Eitt af því sem við mannfólk erum léleg í er að bíða með að gera hluti sem okkur langar að gera. Við viljum gera þá núna. Að láta framtíðina stýra því sem við gerum í dag er okkur ekki öllum í blóð borið. Við þekkjum öll að hugsa sjálfum okkur þegjandi þörfina fyrir að hafa farið of seint að sofa í gær eða hafa ekki lært jafnt og þétt yfir önnina. Við erum ekki gerð til að hugsa langt fram í tímann. Heilinn okkar er ennþá heili hellisbúans sem vill borða allt sem hann kemst í þegar hann kemst í það og pæla ekki meira í framtíðinni en hann þarf. Okkur er þannig alls ekki eðlislægt að hugsa hvernig framtíðin verði eftir tíu ár og hvað þú getur gert í dag til að bæta líf þitt eftir eitt ár eða fimm ár eða tíu ár. Eitt ár virðist kannski raunhæft og innan seilingar, en fimm og tíu ár eru mörgum fjarlæg framtíð.

Þetta gerir það að verkum að við leggjum ekki nógu mikið

af peningum til hliðar í sparnað. Það er líka heill iðnaður þarna úti sem ýtir undir að við eyðum peningunum okkar. Auglýsingastofur og markaðsdeildir fyrirtækja sem vilja fá þig til að versla við þeirra fyrirtæki og kannski kaupa meira en þú ætlaðir þér að gera. Það eru ekki mörg fyrirtæki sem vilja að þú sparir. Meira að segja bankar, þar sem við geymum flest sparnaðinn okkar, vilja sennilega frekar selja þér lán heldur en að selja þér sparnað, þó svo að það hafi orðið töluverð sparnaðarvakning hjá þeim á undanförnum misserum. Þau sem helst vilja ýta undir að við eyðum minna gera það flest á öðrum forsendum en fjárhagslegum, til að mynda að draga úr sóun til verndar umhverfis og náttúru.

Þessi litla áhersla á sparnað gerir það að verkum að við erum flest algjörlega háð því að við fáum launin okkar um hver mánaðamót til að allt gangi upp. Ef eitthvað bregst er voðinn yfirleitt vís. Það geta dunið á áföll. Skollið á kreppur og þá getur farið svo að við missum vinnu og þá um leið tekjur. Við getum greinst með erfiðan sjúkdóm eða lent í slysi og dottið út af vinnumarkaði í lengri eða skemmri tíma. Við viljum reyna að þurfa ekki að bæta fjárhagsáhyggjum ofan á áföll sem við verðum óhjákvæmilega fyrir.

SPARNAÐUR NÚMER EITT: VARASJÓÐUR

Varasjóður eru peningar sem við getum gripið í þegar eitthvað kemur upp á. Það er mjög mikilvægt að við komum okkur upp varasjóði og svo enn mikilvægara að eyða honum ekki í einhvern óþarfa þegar við erum komin með hann. Við mælum eindregið með að þitt fyrsta markmið verði að koma þér upp varasjóði. Þumalputtareglan er að hann ætti að geta staðið undir útgjöldum þíns heimilis í þrjá til sex mánuði. Ef

tekjurnar eru 500.000 krónur á mánuði ættir þú að koma þér upp varasjóði sem er á bilinu 1.500.000 til 3.000.000 krónur. Þú getur líka miðað við þreföld til sexföld mánaðarleg útgjöld heimilisins: Leigu, afborganir, matarkostnað, hita, rafmagn og allt þetta helsta sem fer út af reikningum okkar í hverjum mánuði. Þó útgjöldin geti líka verið gott viðmið er flóknara að reikna þau út og við mælum því með að miða við útborguð laun.

Æskileg stærð sjóðsins veltur líka á því hversu mikið starfs-öryggi þú hefur. Ef þú ert sjálfstætt starfandi og verkefni eru stopul og skila kannski miklum tekjum í einn mánuð en þú ert síðan tekjulaus næstu þrjá mánuði, þá er betra að eiga stóran varasjóð. Ef þú ert í mjög öruggu starfi geturðu haft minni varasjóð. Hvort sem sjóðurinn er stór eða lítill þá er lykilatriðið að eiga alltaf varasjóð – og nýta hann bara í neyð! Þú mátt sem dæmi ekki teygja þig í hann þegar þig langar í nýja peysu eða til útlanda. Ef þú hins vegar missir vinnuna, þakið byrjar að leka eða ísskápurinn bilar ættir þú að grípa í hann – og byrja svo strax aftur að fylla á hann þangað til hann nær þeirri fjárhæð sem hentar fyrir þig.

Varasjóðurinn er því nær eingöngu fyrir neyðartilvik, eina undantekning frá þessu er kannski þegar þú þarft að leggja út stórar fjárhæðir á mikilvægum tímapunkti í lífinu, til dæmis þegar þú kaupir þína fyrstu íbúð. Þá er húsnæðissparnaður ofar á þínum lista en varasjóður og eðlilegt að stór hluti af peningunum þínum fari í útborgun á íbúð.

Sjóðurinn þarf að vera nógu aðgengilegur til að þú getir gripið í hann í snatri. Það er því ekki viturlegt að fjárfesta honum í hlutabréf eða nota hann til að greiða niður húsnæðislánið að geyma hann á sér reikning með litlum bindi-

tíma. Sumum hefur reynst ágætt að geyma varasjóðinn sinn í öðrum banka en þeim banka sem viðkomandi er með sín reglulegu bankaviðskipti. Þá sést hann ekki alltaf þegar farið er inn á heimabankann og því þarf ekki að standast óþarfa freistingar. Við gerum ekki ráð fyrir peningum sem við sjáum ekki.

TÖFRAFORMÚLAN 50-30-20

Það er í sjálfu sér ekkert flókið að spara en það getur verið svolítið erfitt, og þá sérstaklega að byrja. Til að gera það auðveldara er til mjög einföld regla eða formúla sem getur hjálpað þér að spara umtalsverðan hluta af laununum þínum. Þetta eru engin geimvísindi.

Við mælum með að styðjast við 50/30/20 regluna. Hún gengur út á að ráðstafa laununum þínum í ákveðnum hlutföllum.

50% Segjum að sameiginlegar útborgaðar tekjur heimilisins séu 900.000 krónur á mánuði. Þá ætti helmingur þeirra, 450.000 krónur, að fara í nauðsynjar eða það sem við köllum föst útgjöld. Borga af íbúðarláni eða leigu, kaupa mat, samgöngur og fleira. Þannig að þegar þú færð útborgað í upphafi mánaðar ættirðu að gera ráð fyrir að helmingur fari í nauðsynjar.

30% er það hlutfall launanna þinna sem fer ekki í nauðsynjar heldur aðra hluti, sem þú kæmist alveg af án en langar í. Útgjöld sem við getum leyft okkur en eru ekki lífsnauðsynleg til að geta lifað. Þarna erum við að tala um föt, út að borða, ferðalög, húsgögn og

Þess háttar útgjöld. Af útborguðum launum sem eru í þessu dæmi 900.000 ættu því 270.000 krónur að fara í slík útgjöld.


20% er svo það sem þú ættir að spara og í þessu dæmi væru það 20% af 900 þúsund krónum eða 180.000 krónur.

Ef þú tileinkar þér þessa reglu ertu farin/nn frá því að vera einhver sem eyðir öllu sem þú aflar í að vera einhver sem er að búa sér til varasjóð og leggja grunninn að auknu fjárhagslegu sjálfstæði. Miðað við dæmið með 900.000 króna útborguðum heimilistekjum þá ætti sú fjölskylda að hafa varið 2.160.000 krónum í sparnað eftir eitt ár. Þetta er ekki flóknara.

En að spara er auðvitað ekki auðvelt og alls ekki gefins. Þú gætir þurft að draga úr útgjöldum í allskonar hluti sem þig langar að gera frekar en að spara. Þú munt þakka þér í framtíðinni fyrir að þú hafir farið aðeins sjaldnar í Kringluna eða á skyndibitastaðinn og lagt aðeins meira til hliðar.

ALLUR SPARNAÐUR ER GÓÐUR SPARNAÐUR

Þessar tölur, 50–30–20, eru auðvitað bara gott viðmið. Ef þú ert ekki með nægar tekjur til að láta 50% duga fyrir nauðþurftum, þarft mögulega allar þínar tekjur til að halda þér á floti og finnur enga leið til að minnka útgjöld eða auka tekjur, skaltu samt reyna að leggja bara örlítið til hliðar í upphafi hvers mánaðar. Þó það sé ekki meira en 1.000 krónur. Því að um leið og þú gerir það þá breytist sjálfsmynd þín í að vera: „Ég er manneskja sem spara.“ Jafnvel þótt sá sparnaður sé bara örlítill, þá er það hegðunin sem skiptir máli fyrir þig, ekki fjárhæðin. Þú getur skilgreint þig sem manneskju sem ætlar



að stefna að fjárhagslegu sjálfstæði. Ef það gengur vel og þú komst gegnum mánuðinn án þess að sakna þessa þúsundkalls skaltu búa til aðra sjálfvirka millifærslu upp á aðrar 1.000 krónur á mánuði. Ef það gengur hefurðu sannað fyrir þér að þú getir sparað og það meira en þú heldur. Haltu þessu áfram í viðráðanlegum skrefum þangað til að þú nærð 20% af þínum tekjum, ef þú getur. Ekki brjóta þig niður ef það tekst ekki, kannski bjóða aðstæður ekki upp á það núna. En mikið á þér eftir að líða vel í hvert skipti sem þú eykur sparnaðinn og sérð hann vaxa við hver mánaðarmót.


Ef þú ert hinum megin á skalanum og með tiltölulega háar tekjur skaltu leggja meira til hliðar en þessi 20%, frekar en að eyða aukatekjunum í meiri lúxus eða óþarfa. Þú munt þakka þér fyrir það í framtíðinni að þú slepptir því að kaupa hundrað þúsund krónu peysu frá allt of dýru lúxusmerki sem enginn mun muna eftir á næsta ári. Hundraðþúsundkallinn sem þú borgaðir aukalega inn á húsnæðislánið þitt á hins vegar eftir að vera með þér í liði út ævina.

SJÁLFVIRKUR SPARNAÐUR

Höfum í huga að heilinn okkar er þannig gerður að hann vill ekki gera það sem er erfitt og leiðinlegt. Allt fólk sem hefur reynt að mæta í ræktina til að gera æfingar sem því leiðist þekkir þetta vel. Þess vegna er hætt á að þú gefist upp ef þú þarft að ákveða um hver mánaðarmót að millifæra á sparnaðarreikning. Það væri mikil synd og sóun á allri þeirri orku sem þú lagðir í að taka ákvörðunina í upphafi. Þess vegna er algjörlega nauðsynlegt að þú búir til sjálfvirka millifærslu í heimabankanum þínum og dagsetjir hana í byrjun hvers mánaðar. Þannig fer sú fjárhæð sem þú ætlar að spara sjálf-

krafa út af launareikningnum þínum og yfir á sparnaðarreikning. Með því að stilla sparnaðinn sjálfvirkt þá erum við búin að taka ákvörðun fyrir okkur til langrar framtíðar.

Ef þú fylgir þessari reglu um sparnað, 50–30–20, ertu með raunhæfa, tímasetta og framkvæmanlega leið til að ná þínum markmiðum. Þetta er regla og um leið hegðun sem mun tryggja þér fjárhagslegt sjálfstæði.



SMÁSKREF DAVE RAMSEY

Bandaríkjamaðurinn Dave Ramsey hefur undanfarin ár ráðlagt einstaklingum um fjármál á mannamáli og fjallað um leiðir til að bæta stöðu sína í eigin útvarps-, hlaðvarps- og sjónvarpsþáttum. Hann hefur vakið athygli fyrir leiðbeiningar sem hann kallar *7 Baby Steps*, eða *7 smáskref* sem hann segir fólk þurfa að taka á leið sinni til fjárhagslegs sjálfstæðis.

Skrefin sjö eru í raun ráðleggingar um litlar en áhrifaríkar leiðir sem fólk getur notað til að ná stjórn á fjármálum sínum. Þar er byrjað smátt í fyrsta skrefi en síðan verða skrefin stærri eftir því sem styrkur og sjálfstraust eykst. Þó ráðgjöfin miðist við bandarískan veruleika þá eiga markmið hans og nálgun allt eins við okkar líf hér á Íslandi. Það er því fullt tilefni til að fara yfir skrefin sjö sem hér hafa verið aðlöguð að íslenskum veruleika. Kosturinn við þessi skref er að þú byrjar smátt og tekur síðan stærri og mikilvægari skref.

1. SKREF

SPARAÐU 100.000 KRÓNUR

Ef þú átt ekki 100.000 kr. nú þegar til að grípa í þá er markmiðið með fyrsta skrefinu að spara 100.000 krónur eins hratt og þú mögulega getur. Þetta er neyðarsjóður sem á eingöngu að grípa til fyrir ófyrirséð smærri útgjöld. Hér tökum við meðvitaða ákvörðun um að eiga þessa upphæð til vara og halda

okkur frá dýrum neyslulánum. Engu máli skiptir hverjar skuldir þínar eru. Mælt er með að þú byrjir á þessu skrefi til að byggja undir næstu sex skrefi.

2. SKREF

BORGAÐU UPP ALLAR SKULDIR NEMA HÚSNÆÐISLÁNIÐ – OG KANNSKI NÁMSLÁNIÐ

Búðu til fjárhagsáætlun fyrir heimilið, borgaðu því næst niður allar skuldir nema húsnæðislánið og mögulega námslán með snjóboltaaðferðinni sem farið er yfir á næstu blaðsíðum. Það eru skuldir eins og bílalán, kreditkort, lán frá ömmu, yfirdráttur, raðgreiðslur o.s.frv.

3. SKREF

SAFNAÐU VARASJÓÐI SEM ÆTTI AÐ NEMA 3 TIL 6 MÁNAÐA ÚTGJÖLDUM

Þegar þú hefur borgað þessar smærri skuldir er tími til að undirbúa þig fyrir allt það óvænta sem fylgir lífinu. Þessi sjóður ætti að duga þér til að lifa af í 3–6 mánuði eins og fjallað hefur verið um hér að framan.

Þrír mánuðir ættu að nægja fyrir þau sem eru í stöðugri og öruggri vinnu en sex mánuðir ættu að nægja fyrir þau sem eru með sveiflukennda innkomu, t.d. verktakar eða sjálfstæðir atvinnurekendur. Með slíkum varasjóði kemur þú í veg fyrir skuldasöfnun ef óvænt áföll koma upp.

3A. (HLIÐARSKREF).

Hérna setjum við inn eitt hliðarskref – sem við köllum 3A; Sparnaður fyrir útborgun í íbúð.

Ef þú átt ekki íbúð (ert á leigumarkaði eða býrð í öðru hús-

næði en þínu eigin) þá kemur inn aukaskrefið að spara fyrir íbúð. Rannsóknir hafa sýnt að það er næstum undantekningalaust hagstæðara að kaupa húsnæði en að leigja. Þess vegna skaltu byrja að spara allan þann pening sem þú ert aflögufær um, til að nota sem útborgun í íbúð.

4. SKREF

BYRJAÐU AÐ FJÁRFESTA

Ertu ekki örugglega með séreignarsparnað? Ef ekki, byrjaðu strax í dag. Við erum nokkuð vel tryggð gegnum okkar lífeyriskerfi en með séreignarsparnaði getum við tryggt að við höfum það enn betra þegar við hættum að vinna. Aðrar fjárfestingar geta svo fylgt í kjölfarið eftir því sem vitneskja okkar og færni eykst. Aðalatriðið er að leggja fyrir peninga í hverjum mánuði í sparnað eða fjárfestingar.

5. SKREF

SPARAÐU FYRIR FRAMTÍÐ BARNANNA ÞINNA.

Dave Ramsey leggur áherslu á að fólk spari fyrir háskólanámi barnanna sinna. En hann er líka Bandaríkjamaður þar sem skólagjöld eru svo svimandi há að okkur Norðurlandabúum blöskrar.

Hér á landi þarf fólk sem betur fer ekki að spara sérstaklega fyrir skólagjöldum. Þess vegna skulum við aðlaga þetta skref að íslenskum veruleika. Opnaðu söfnunarreikning fyrir börnin þín og ræddu við þau um fjárhagsleg markmið þeirra með sparnaðinum. Er þetta fyrir íbúð eða námi? Hvaða markmið hafa þau þegar þau hefja sín fullorðinsár? Gerðu samning við börnin um að þú borgir inn á reikninginn og hvettu þau jafnframt til að gera slíkt hið sama með helming allra tekna

SNJÓBOLTAÐFERÐIN: GÓÐ LEIÐ TIL AÐ GREIÐA NIÐUR SKULDIR

Byrjaðu á því að skrá niður allar skuldir þínar og raða þeim upp frá lægstu skuldinni til þeirrar hæstu.

Það er mikilvægt að sjá fyrsta lánið greitt upp svo að þú sjáir árangur fljótt. Byrjaðu því á að greiða upp lægsta lánið með því að greiða aukalega inn á það, t.d. með 10.000 krónum á mánuði. Þessar 10.000 kr. leggjast saman við afborganirnar, sem eru sem dæmi 12.000 kr.

Með þessu móti greiðir þú samtals 22 þúsund á mánuði inn á lánið og skuldin greiðist hratt upp.

Þegar lægsta skuldin er uppgreidd þá tekur þú þessar 22 þúsund kr. sem aukainnborgun í næstu skuld (skuld nr. 2) og greiðir þá upphæð aukalega inn á það lán ásamt afborgunum.

Svona heldur þú áfram og innborganirnar þínar vaxa rétt eins og snjóbolti sem rúllar niður brekku. Svona ert þú svo fljótlega búin að greiða upp öll þín lán.

Nánar og ítarlegar er fjallað um hvernig best er að greiða niður skuldir í skuldakafla þessarar bókar.

sem þau vinna sér inn eða fá að gjöf. Með þessu móti gerir þú börnin þín meðvituð um góða meðferð peninga sem nýtist þeim ævina á enda.

6. SKREF

BORGADU UPP HÚSNÆÐISLÁNIÐ ÞITT EINS HRATT OG ÞÚ GETUR

Ímyndaðu þér líf án þeirrar bindingar sem felst í því að skulda og hvernig þú gætir nýtt tekjurnar í að fjárfesta, ferðast og sinna áhugamálum þínum. Þetta skref getur þú tekið þegar þú hefur náð hinum fimm og stefnir að algjöru skuldleysi.

7. SKREF

SAFNAÐU AUÐÆFUM OG GEFÐU

Fjárhagslegt sjálfstæði felur í sér frelsi og það opnar mörg tækifæri. Fjárhagslega sjálfstætt fólk getur gert margt sem aðrir geta aðeins látið sig dreyma um. Lokaskrefið er þess vegna mjög einfalt en fyrst þarftu að hafa lokið fyrstu sex skrefunum. Nú áttu að geta lifað lífi sem fæstir geta leyft sér en flesta dreymir um. Haltu áfram að byggja upp fjárhagslegt sjálfstæði en vertu rausnarlegur við aðra og gefðu af tíma þínum og fjármunum. Það eykur hamingju að gefa af sér til góðra málefna. Kenndu börnunum þínum hvernig skal fara með peninga og kynntu þeim frelsið sem felst í fjárhagslegu sjálfstæði vitandi að þegar þau erfa þig munu þau fara vel með arfinn.

Þetta eru skrefin sjö sem Dave Ramsey leggur áherslu á. Þau eru mjög gagnleg öllum sem vilja vera betri í sínum persónulegu fjármálum og eru góð leið til að stíga fyrstu skrefin í átt að fjárhagslegu sjálfstæði.



HÚSNÆÐISLÁN

Fasteignakaup eru yfirleitt stærstu viðskipti fólks á lífsleiðinni og fæst okkar kaupa og selja fasteignir oftast en þrisvar til fimm sinnum á ævinni. Í fasteignaviðskiptum eru mjög miklir hagsmunir undir. Stærstur hluti eigna Íslendinga er til dæmis bundinn í heimilinu og því er mikilvægt að vanda mjög til verka þegar keypt er fasteign.

Við leggjum í þessari bók ríka áherslu á að ekki séu tekin lán fyrir öðru en námi í formi námslána og öruggu þaki yfir höfuðið í formi húsnæðislána. Húsnæðislán eru órjúfanlegur hluti af fasteignaviðskiptum vegna þess að fæst höfum við efni á að staðgreiða húsnæðið okkar. Afar fáir eiga slíkar fjárhæðir tiltækar í banka. Þess vegna er hægt að réttlæta háa lántöku þegar keypt er íbúðarhúsnæði.

Þegar þú ert búin/nn að fá samþykkt kautilboð í húsnæði þarftu að ákveða hvernig lán þú vilt taka. Það er ekkert eitt rétt svar við þeirri spurningu og sama svarið gildir ekki fyrir alla. Svarið þarf að ríma við þinn fjárhagslega raunveruleika og þín fjárhagslegu markmið. Hvað getur þú og hvað viltu? Viltu borga eins lítið af láninu og þú getur – kannski vegna þess að þú hefur ekki efni á öðru? Viltu öryggi og vissu um hvað þú borgar um hver mánaðarmót?

Áttu erfitt eða auðvelt með óvissu og ertu tilbúin/nn að taka á þig áhættuna af því hvernig verðbólga þróast? Þetta eru

nokkrar af þeim spurningum sem þú þarft að velta fyrir þér við val á húsnæðisláni.

FJÓRAR BREYTUR LÁNA

Það eru yfirleitt fjórar breytur sem þú þarft að hafa í huga við val á láni:

- # Viltu verðtryggt eða óverðtryggt lán?
- # Viltu fasta eða breytilega vexti?
- # Viltu jafnar afborganir eða jafnar greiðslur?
- # Hvað viltu greiða lánið til baka á mörgum árum?

VERÐTRYGGT EÐA ÓVERÐTRYGGT LÁN

Kostirnir við verðtryggt lán eru að þau eru yfirleitt með lægri vöxtum og þannig lægri greiðslubyrði. Þú borgar yfirleitt minna á mánuði af verðtryggtu láni – allavega fyrst um sinn.

Ókosturinn er að þegar það er verðbólga þá hækkar heildarfjárhæð lánsins í takt við hana. Þetta gerði það t.d. að verkum að höfuðstóll verðtryggðra lána hækkaði mjög mikið í kjölfar bankahrunsins árið 2008, með erfiðum afleiðingum fyrir lántaka. Verðtryggt lán eru því á vissan hátt áhættusamari til lengri tíma en óverðtryggt. Sú hækkun höfuðstóls sem verður af hækkandi verðbólgu lækkar ekki þó að verðbólgan hjaðni. Einu skiptin sem verðtryggt lán lækka er þegar verðhjöðnun á sér stað en slíkt hefur gerist sjaldan hér á landi. Hækkunin sem leggst ofan á verðtryggt lán kallast verðbætur og leggjast þær ofan á höfuðstólinn og bera um leið líka vexti.

Höfuðstóll óverðtryggðra lána hækkar hins vegar aldrei – nema þú hættir að borga af þeim. Þú borgar því hraðar og skilvirkar af láninu þínu. Ókosturinn er þó að þau eru yfirleitt með hærri vexti en verðtryggt lán. Kostur óverðtryggðra lána er, sérstaklega ef þau eru með fasta vexti, að þau eru fyrir-

sjáanlegri hvað varðar niðurgreiðslu þeirra og afborganir þann tíma sem vextir eru fastir. Þú borgar þannig yfirleitt meira á mánuði, allavega fyrst um sinn, ef lánið er óverðtryggt. Annar ókostur er sá að þegar verðbólga er mikil, leggst hækkunin ekki aftan við lánið eins og hjá verðtryggðu láni, heldur beint á afborganir. Afborganir geta því hækkað mjög hratt, sérstaklega ef vextir hafa ekki verið festir.

FASTIR EÐA BREYTILEGIR VEXTIR

Breytilegir vextir eru nákvæmlega það sem nafnið gefur til kynna: Vextir sem geta breyst með mjög skömmum fyrirvara. Þeir eru að jafnaði lægri en fastir vextir því þú tekur á þig áhættuna af því að vaxtaumhverfi breytist, það gerir þú ekki ef þú ert með fasta vexti.

Fastir vextir eru þannig fastir og óbreytilegir, en þeir eru það þó sjaldnast að eilífu. Það er algengast að vextir séu fastir í þrjú til fimm ár. Þessu fylgir sá kostur að vextirnir breytast ekki innan skilgreinds vaxtartíma. Ef greiðslubyrðin af óverðtryggða láninu með fasta vexti sem þú tekur er 100.000 krónur þegar þú tekur það, þá hækkar sú fjárhæð ekki á meðan vextirnir eru fastir. Ókosturinn við fasta vexti er að á þeim er oft uppgreiðslugjald. Ef þú selur íbúðina og greiðir lánið upp þarftu yfirleitt að greiða uppgreiðslugjald, sem getur verið allt að 1 prósent af lánsfjárhæðinni. Það jafngildir 10.000 krónum af hverri milljón.

JAFNAR GREIÐSLUR EÐA JAFNAR AFBORGANIR

Það þriðja sem þú þarft að skoða og ákveða í framhaldinu er hvort lánið eigi að vera með jafnar greiðslur eða jafnar afborganir. Ef þú ert með jafnar afborganir þá borgar þú alltaf jafn mikið inn á höfuðstólinn af láninu og hlutfallslega minna

í vexti um hver mánaðarmót. Þetta er nokkur einföldun því þetta veltur líka á því hvort lánið sé verðtryggt eða óverðtryggt eða með fasta eða breytilega vexti.

Ef þú velur jafnar greiðslur borgar þú alltaf svipaða krónutölu um hver mánaðarmót en þú borgar mjög lítið inn á lánið sjálft í byrjun en hærra hlutfall af greiðslunum fer í vexti. Þetta snýst svo við þegar líða tekur á lánið. Í mjög einfaldaðri mynd má segja að jafnar greiðslur þýði lægri greiðslubyrði sem breytist ekki á lánstímanum, ef vextir breytast ekki. Jafnar afborganir fela í sér að þú borgar meira af láninu fyrstu árin en alltaf minna og minna í hverjum mánuði. Jafnar afborganir þýða líka að þú borgar minna í vexti á lánstímanum heldur en ef þú ert með jafnar greiðslur. Þessi síðasta breyta er dálítið flókin, gott ráð er að fara inn á lánareiknivél einhverra stóru bankanna og sjá hvernig þetta virkar. Með þessa þekkingu að vopni ættir þú að geta áttað þig á því hvernig þetta spilar saman.

HVERSU LANGUR TÍMI?

Loks þarftu að ákveða hvað þú vilt taka lánið til langs tíma. Þú getur yfirleitt valið lán frá 5 til 40 ára. Þessi breyta er einföld. Því styttri sem lánstíminn er, því hraðar greiðir þú lánið til baka. Það þýðir að styttra lán er með hærri greiðslubyrði, en þú borgar þá líka minna í vexti yfir lánstímann af því að þú er með peningana að láni í styttri tíma. Heildarendurgreiðslan getur þannig lækkað um jafnvel tugi milljóna. Á móti kemur að fæst getum við borgað 30 milljón króna lán til baka á fimm árum. Skoðaðu hver heildarlántökuskostnaðurinn er milli ólíkra lengda á láni og um leið greiðslubyrði.

Þetta eru fjórar lykilbreytur sem þú þarft að hafa í huga

þegar þú tekur lán fyrir húsnæðinu þínu. Þegar þú svo tekur ákvörðun um hvernig lán þú vilt taka þarftu að stilla þessar breytur af út frá þinni fjárhagslegu getu og markmiðum. Ef þú vilt eða þarft lán með lægri greiðslubyrði getur þú tekið verðtryggt lán með breytilegum vöxtum og jöfnum greiðslum til 40 ára. Ef þú vilt eignast húsnæðið þitt hratt og borga lánið skjótt niður gætir þú til dæmis skoðað óverðtryggt lán með jöfnum afborgunum í skemmri tíma og jafnvel með breytilegum vöxtum. Ef þú vilt vissu um hvað þú borgar af láninu þínu um hver mánaðamót gætir þú skoðað óverðtryggt lán með föstum vöxtum og jöfnum greiðslum. Allt er þetta eitt-hvað sem hver og einn lántaki þarf að meta út frá sínum þörfum. Allt sem hér er sagt er til almennra upplýsinga og skal ekki líta á sem beina ráðgjöf um húsnæðislán.

SÉREIGNARSPARNAÐUR OG HÚSNÆÐISLÁN

Áður en við sleppum tókunum af húsnæðislánum skulum við tala aðeins um séreignarsparnað.

Séreignarsparnaður virkar þannig að þú leggur allt að 2–4% af laununum þínum, skattfrjálst, til viðbótar í lífeyrissjóð og að því gefnu að þú leggir að minnsta kosti 2% til hliðar þá greiðir launagreiðandinn þinn jafnmikið, 2% í séreignasjóðinn þinn. Ef þú velur að fullnýta rétt þinn til séreignarsparnaðar og greiðir meira færðu sömu tvö prósentin í mótframlag frá vinnuveitanda.

Með þessu ertu í rauninni að fá tvö prósent í launahækkun sem þú getur að vísu ekki nýtt alveg strax. En í þessu er viðbótar bónus. Við ákveðnar aðstæður er hægt að nýta þessa peninga strax og það sem meira er, þú þarft ekki að borga skatt af þeim ef þú tekur hann út til kaupa á fasteign til eigin

nota. Þegar þetta er skrifað stendur fyrstu kaupendum íbúða til boða að nýta uppsafnaðan séreignarsparnað, allt að tíu ár aftur í tímann, í útborgun í íbúðarhúsnæði.

Allar þessar upplýsingar má finna með því að slá inn „fyrsta íbúð“ á leitarvél að eigin vali og kynna sér málið á vef Ríkisskattstjóra.

ENDURFJÁRMÖGNUN

Þegar við erum meðvituð um fjármál okkar erum við einnig á þeim stað að geta endurskoðað lánin okkar. Það getur verið mjög ábatasamt að endurfjármagna lán. Það þýðir einfaldlega að ef þér standa til boða lægri vextir hjá annarri fjármálastofnun þá sækir þú um lán þar og greiðir upp lánið hjá núverandi lánastofnun. Hér getur verið um verulega fjármuni að ræða. T.d er 1% vaxtamunur af 40 milljón króna láni 400.000 þúsund krónur á ári. Ef lánið er langt getur verið um margar milljónir í vaxtakostnað að ræða sem hægt er að spara yfir lánstímann. Mikilvægt er þó að hafa eftirfarandi atriði á hreinu þegar lán eru endurfjármögnuð: Reikna þarf *uppgreiðslugjald* inn í dæmið ef það er fyrir hendi og hversu lengi þú ert að borga það til baka með lægri vöxtum við endurfjármögnun.

Viðbótarlán Ekki freistast til þess að auka við skuldir samhliða endurfjármögnun. Taktu aðeins lán fyrir eldra lán og ekki fara að fjármagna neyslu eins og nýjan bíl eða ferðalög með íbúðaláni.

NEYSLU- OG SKYNDILÁN

Í stuttu máli má segja að til séu tvær tegundir lána sem er í lagi að taka. Húsnæðislán, ef þú vilt ekki vera á leigumarkaði, og námslán. Bæði eru þetta lán sem þú tekur til að kaupa eitthvað sem varðveitist. Húsnæðið þitt getur þú selt og keypt annað í staðinn og námið þitt nýtist þér til frambúðar og verður vonandi bæði til að auka tekjur þínar og lífsánægju. Þú ert því að brúa tekjulaust tímabil til að fjárfesta í sjálfum eða sjálfri þér. Reynslan hér á landi hefur sýnt að fjárfestingar til íbúðakaupa hafa að jafnaði skilað góðri ávöxtun yfir lengra tímabil. Sama á við um menntun. Menntun skilar sér oftast í hærri tekjum og skemmtilegri og meira gefandi störfum. Með mikilli einföldun má því líta á þessi lán sem góðu lánin eða skárri lánin. Lán er í grunninn ekkert annað en þú að nýta tekjur sem þú færð í framtíðinni til að kaupa eitthvað núna. Húsnæðislán og námslán eru líka yfirleitt á þokkalega sanngjörnum og eðli- legum kjörum, ólíkt ýmsum öðrum lánum.

Ef þú kemst í gegnum megnið af lífinu með engar aðrar skuldir en námslán og húsnæðislán, þá ertu á nokkuð góðum stað. Það geta allir staðið frammi fyrir því að þurfa að taka lán fyrir einhverju enda er lífið allt annað en fyrirsjáanlegt. Það eru nokkur atriði sem gott er að hafa í huga þegar neyslulán er tekið. Fáðu bara lánað það sem þú nauðsynlega þarft, ekkert umfram, þó það kunni að vera freistandi. Hugsaðu til enda



hvernig þú ætlar að endurgreiða lánið, þú gætir þurft að skera niður tímabundið til að ráða við afborganir. Vertu gagnrýnn, ekki hoppa á fyrsta valkostinn, berðu saman lánakjör og helstu skilmála þeirra lána sem í boði eru. Að því sögðu ætti að forðast það í lengstu lög að taka neyslu að láni.

Smálán, yfirdráttur og bílalan eru algeng dæmi um neyslulán. Þú skalt forðast slík lán eins og þú getur því þau eru yfirleitt á mjög vondum kjörum fyrir þig.

Mörg neyslulán eru í dulargervi. Greiðsludreifing er gott dæmi um þetta: Jafnvel þótt að greiðsludreifing sé sögð vaxtalaus þá er oftast en ekki eitthvað smátt letur sem gerir það að verkum að þú borgar kannski 25% meira fyrir ryksuguna sem þú kaupir því þú kaupir hana á greiðsludreifingu með einhverjum duldum kostnaði. Þá væri nær að bíða í nokkra mánuði og spara frekar fyrir því sem þú kaupir.

Besta leiðin til að sjá hvað þú borgar í vexti, sem þú getur horft á sem leigu á peningum, er að finna tölu sem heitir **árleg hlutfallstala kostnaðar** eða ÁHK. Ef hún er til dæmis 14%, þá ertu að borga 14% í kostnað ofan á kaupverðið á því sem þú kaupir. Myndir þú sætta þig við að bæta 28.000 krónum ofan á 200.000 króna sjónvarpið sem þú varst að kaupa þegar þú kemur á kassann. Ef ekki, þá ættir þú frekar að spara fyrir því en að dreifa greiðslunum.

Neyslulán og þá sérstaklega smálán, eru ein algengasta ástæðan fyrir því að fólk lendir í greiðsluvanda. Fólk sem skuldar smálán á það flest sameiginlegt að eiga erfitt með að skilja hvernig svona lán geta margfaldast á örskömmum tíma, enda er kostnaður þeirra oft ógagnsær og illskiljanlegur. Það er til mikils að

vinna að safna sér fyrir hlutunum. Staðreyndin er samt þessi að ef þvottavélin er ónýtt og fatahrúgan af óhreinum þvotti fer ekki að þvo sig sjálf þá komumst við ekki af án þess að kaupa þvottavél. Aðstæður í lífinu geta verið þannig að við komumst ekki hjá óvæntum útgjöldum. Þess vegna er svo mikilvægt að safna sér upp sjóði til að geta leyst svona vandamál án þess að þurfa að stökkva til og taka lán og borga töluvert meira fyrir þvottavélina en við hefðum þurft.

Draumaviðskiptavinir lánveitenda eru fólk sem kaupir allt með raðgreiðslum fyrir lánsfé. Slíkt fólk er fast í völundarhúsi skulda og sér aldrei nema eina leið til að eignast eitthvað. Einstaklingur sem festist í skuldaneti neyslulána greiðir stóran hluta ævitekna sinna til lánastofnana í stað þess að gera eitt-hvað skemmtilegt og uppbyggilegt fyrir peningana.

AÐ GREIÐA NIÐUR SKULDIR

Til að ná fjárhagslegu sjálfstæði er mikilvægt að við gætum þess að minnka skuldir okkar. Við þurfum flest að taka lán ef við ætlum að eignast t.d. íbúð og ef við ætlum að mennta okkur eins og hér hefur verið fjallað um. Það sem við fáum með slíkum lánum skilar sér í flestum tilfellum til baka í betra og hagkvæmara lífi. Menntun er góð og í flestum tilfellum eykur hún virði okkar á vinnumarkaði og þá um leið laun okkar.

Á Íslandi hafa fasteignakaup jafnan verið skynsamleg fjárfesting þar sem leigumarkaður er enn sem komið er frekar veikur. Til þess þurfum við langflest að taka lán og þá skiptir máli að reyna að greiða lánin upp eins hratt og okkur er kostur. Tekjurnar sem við öflum á lífsleiðinni skipta miklu máli en þær skipta oft minna máli en gjöldin. Allt of oft sjáum við eyðslu haldast í hendur við tekjur þannig að ef tekjurnar aukast um þúsund krónur aukast útgjöldin líka um þúsund krónur – og jafnvel meira.

Sama á við ef við erum með mikið af neysluskuldum eða öðrum dýrum skuldum. Ef við stefnum að fjárhagslegu sjálfstæði á markmiðið alltaf að vera að greiða skuldir okkar eins hratt niður og kostur er og ekki stofna til nýrra skuldbindinga.

Við niðurgreiðslu skulda skiptir máli að gera áætlun og haga greiðslufyrirkomulagi þannig að við sjáum árangur hratt og vel. Vandamálið við fjármál er að árangur þeirra kemur

sjaldnast í ljós fyrr en seint og um síðir. Þess vegna skiptir það miklu máli að sú leið sem við förum í að takast á við skuldir okkar verði árangursrík og við sjáum og skiljum hvað við erum að gera.

Við leggjum til tvær leiðir þegar kemur að niðurgreiðslu skulda. Í grunninn er um sömu aðferðafræði að ræða. Fyrst skalt þú skrifa niður allar skuldir þínar í töflu þar sem fyrst er heiti láns, síðan vaxtakostnaður, því næst greiðslubyrði afborgana og að endingu heildarupphæð skuldar. Svo ákveður þú hvaða lán þú ætlar að greiða niður fyrst.

- # Gefum okkur að þú skuldir 30 m.kr í íbúðalán á 5% breytilegum verðtryggðum vöxtum með greiðslubyrði sem nemur 125 þúsund krónum.
- # Þú skuldar líka 1 m.kr í bílalán með 8% vöxtum með greiðslubyrði upp á 75 þúsund á mánuði,
- # Svo ert þú líka með kreditkortalán upp á 500 þúsund á 12% vöxtum sem greiðist upp í 10 greiðslum upp á 50.000 kr.
- # Síðasta skuld þín er 250.000 króna yfirdráttur á 10% vöxtum. Slík skuld er ekki með reglulegar afborganir heldur er hún aðeins með ákveðinn gildistíma.

Fastar greiðslur af lánum á mánuði eru því 250.000 kr. við það að borga af íbúðaláni, bílaláni og kreditkortaláni.



LÁN	VEXTIR	STAÐA LÁNS	GREIDSLUBYRÐI	FJÖLDI AFBORGANA
Íbúðalán	5%	30.000.000	125.000	38 ár / 456
Bílalán	8%	1.000.000	75.000	13
Yfirdráttur	10%	250.000	50.000	5
Kreditkortalán	12%	500.000	50.000	10

Hér höfum við tvær aðferðir sem við getum notað

Dýrasta skuldin fyrst

Skynsamlegast er að byrja að greiða niður skuldina sem ber hæstu vextina og kostar okkur mesta peninga. Í þessu dæmi væri það einfalt – kreditkortalánið ber 12% vexti. Þessi leið er mjög árangursrík og virkar vel.

Lægsta skuldin fyrst

Ef þú ert hins vegar að gera þetta í fyrsta skipti þá leggjum við til aðra aðferð sem við köllum „lægsta skuldin fyrst“. Þá ákveður þú að greiða fyrst niður lægstu skuldina, sem í dæminu hér að ofan væri yfirdrátturinn.

Ástæða þess að þú ákveður að greiða lægstu skuldina í stað þeirrar dýrustu er að það skiptir meira máli að ná markmiði hér og sjá að þetta er hægt frekar en að horfa til þess að nokkrar krónur sparist. Það er frábær tilfinning að sjá skuld greidda upp, alveg óháð því hversu há hún er. Þess vegna er oft betra að velja sér verkefni í byrjun sem líklegra er að maður nái árangri við.

Árangur í fjármálum sést oftast seint og þess vegna skiptir lykilmáli að byrja á verkefnum og setja sér markmið sem við getum náð. Með slíkri nálgun eru miklu meiri líkur til þess að þú náir árangri og gerir þetta aftur.

Gefum okkur að við séum stödd í janúarmánuði svo við getum sett tímalínu niðurgreiðslu skuldarinnar í samhengi. Nú hefur þú tekið ákvörðun um að greiða niður yfirdráttinn en mánaðarlegir vextir af slíkri skuld nema um 2.500 kr., það er að segja 10% af 250.000. Með endurskipulagningu, sparnaði og útsjónarsemi leggur þú aukalega til hliðar 50.000 kr. á mánuði sem fara í að greiða niður yfirdráttinn. Með því plani greiðir þú upp yfirdráttarskuldina á fimm mánuðum eða í maí sama ár.

Þegar þú ert búin að greiða þá skuld niður ferðu í næsta skref. Þá tekur þú 2.500 krónurnar sem þú greiddir áður í vexti fyrir yfirdráttinn og leggur þær ofan á sömu upphæð og þú notaðir áður til að greiða niður yfirdráttinn og ert nú komin með 52.500 kr. sem skuldaniðurgreiðslu á mánuði. Þá upphæð notar þú svo til að greiða niður næst lægsta lánið – kreditkortalánið – og svo koll af kolli.

Ef tekjur þínar aukast í framtíðinni þá ákveður þú núna að stærsti hluti þeirra skuli fara í skuldaniðurgreiðslu en ekki neyslu. Eftir að yfirdrátturinn hefur verið greiddur þá má vel breyta um aðferð og velja dýrustu skuldina sem næstu skuld á niðurgreiðslulistanum – sem á þessum tímapunkti er reyndar líka lægsta skuldin. Það er kreditkortaskuldin sem á þessum tímapunkti í maí hefur lækkað um helming og stendur nú í 250.000 kr. þar sem þú hefur greitt niður 250 þúsund á þeim fimm mánuðum sem liðnir eru. Manstu, hún stóð í

500.000 krónum í janúar og reglulegar afborganir af henni voru 50.000 krónur. Næsta mánuð tekur þú þessar 52.500 kr. sem áður voru nýttar í að greiða niður yfirdráttinn í að greiða niður kreditkortalánið. Slíkt fyrirkomulag gerir það að verkum kreditkortalánið er greitt á þremur mánuðum en ekki fimm.

Um haustið ertu búin að greiða upp kreditkortalánið og yfirdráttinn. Þá hefur þú 102.500 kr. sem þú tekur í næsta lán sem er bílalánið. Niðurgreiðsluvélin er komin í gírinn.

Í september sama ár stendur bílalánið í u.þ.b. 325.000 kr. Í stað þess að klára það á fjórum mánuðum í árslok tekur þú 102.500 kr. og greiðir upp lánið á tveimur mánuðum. Þá ertu skyndilega komin með 177.500 kr sem þú getur nú tekið til að greiða niður íbúðalánið. Á einu ári, með því að ákveða í ársbyrjun að leggja 50.000 krónur til hliðar á mánuði, hefur þú aukið ráðstöfunartekjur þínar um 177.500 kr. sem þú notar áfram til að greiða niður skuldir og allt í einu er það raunhæfur möguleiki að þú verðir skuldlaus í fyrirsjáanlegri framtíð.

Miðað við þessar einföldu forsendur, að nota þessar aukalegu 177.500 kr. í aukagreiðslur, þá klárar þú að greiða niður íbúðalánið á innan við tíu árum í stað 38 ára. Ef þú hefst greitt lánið niður á 38 árum hefði vaxtakostnaður í þessu dæmi verið um 27 milljónir króna á lánstímanum. Með því að greiða aukalega inn á lánið þá lækkar leigan af peningunum hratt og miðað við þessar forsendur þá borgar þú rétt yfir fjórar milljónir í vaxtakostnað. Þú sparar því 23 milljónir króna í kostnað fyrir að fá lánaða peninga. Hvað myndir þú gera við 23 milljónir?

Þetta dæmi sýnir okkur að það er hægt að ná aukinni stjórn á sínum fjármálum með markvissum aðgerðum í rétta átt.

ÁRANGUR Í FJÁRMÁLUM ER 80% HEGÐUN 20% FÆRNI.

Reynslan hefur sýnt að þegar við höfum tamið okkar þessa nálgun á skuldir og lán þá lítum við raunsærri augum á fjárhagslegar skuldbindingar: Flestar skuldir draga úr möguleikum okkar til að velja. Þær binda okkur niður, hefta og halda okkur föstum. Þess vegna eigum við að horfa á skuldir sem verkefni sem við eigum að vinna í að losa okkur við. Með slíku hugarfari verða fjármál okkar heilbrigð og við færumst nær því að vera fjárhagslega sjálfstæð. Þú þarft ekki að vera með gráðu í viðskipta- eða hagfræði til að ná meiri árangri í fjármálum en meðalmaðurinn. 80% af árangri í fjármálum er að temja sér rétta hegðun og 20% er þekking og færni. Þá færni öðlumst við samhliða því að breyta um hegðun og sækja okkur fróðleik með því að t.d. lesa eða hlusta á bók eins og þessa hér.

HVAÐ BORGUM VIÐ Í VEXTI ÁRLEGA?

Taktu þig einhvern tíma til og skráðu niður hvað þú borgar í vexti af þínum skuldum. Veltu fyrir þér hvað þú gætir gert við þá peninga og líka hvað þú getur gert til að frelsa þá frá lánteitandanum þínum. Mundu að vextir eru ekkert annað en leiga á peningum sem þú fékkst einhvern tímann lánaða til að kaupa eitthvað í fortíðinni og þarft að greiða af í framtíðinni. Eitt fyrirtæki spurði neytendur á Svörtum föstudegi hvort framtíðarskuldir þeirra væru á tilboði í dag? Það er ágætis spurning sem við ættum öll að spyrja okkur regluega að.

Með því að lækka skuldir okkar lækkar kostnaðurinn við leigu fjármuna. Þess vegna skiptir svo miklu máli að hætta að horfa bara á greiðslubyrði lána eins og okkur Íslendingum er tamt og horfa meira á heildarskuldir okkar og hvernig við getum lækkað þær sem hraðast.

Settu þér raunhæf markmið þegar þessi kafli klárast um hverjar af skuldum þínum þú ætlar að borga niður á næstu mánuðum og árum og hvernig. Þegar þú nærð fyrsta markmiðinu máttu alveg verðlauna þig með því að kaupa þér eitt-hvað sem þig hefur langað í.

Það mun veita þér miklu meiri gleði og valdefla þig að vita að kaupin eru gerð á grunni góðra ákvarðana og að kaupin séu greidd með peningum sem áður hefðu farið í vaxtakostnað.

FJÁRFESTINGAR

Þegar þú hefur náð tökum á fjármálum þínum fara þau að vera spennandi. Nú ertu í þeirri frábæru stöðu að þurfa að ákveða hvað þú ætlar að gera við þessa peninga sem þú átt allt í einu í lok hvers mánaðar.

Rifjum upp fyrstu skrefin:

- ✓ Ef þú átt ekki eigið húsnæði en langar að eignast það skaltu byrja að leggja fyrir til að ná í útborgun.
- ✓ Mundu að þú mátt nota séreignarsparnaðinn þinn í útborgun við fyrstu kaup.
- ✓ Ef þú átt eigið húsnæði eða vilt ekki eignast eigið húsnæði er rétt að byggja upp varasjóð.

Þegar þér líður þægilega með varasjóðinn og stöðuna á húsnæðisláninu er rétt að spyrja: Hvað svo? Hér væri t.d. hægt að velta fyrir sér fjárfestingum.

Áður en við ræðum fjárfestingar skulum við aðeins skoða hvað það er sem gerir fjárfestingu að fjárfestingu og hvað flokkast frekar sem skuldbindingar og góð kaup. Hvað aðgreinir þessa hluti?

- # Skuldbinding er þegar þú kaupir eitthvað sem kostar þig peninga í framtíðinni. Bíllinn þinn er ágætis dæmi um skuldbindingu. Jújú, hann kemur þér í vinnuna, börnunum í leikskólann og þjónar hlutverki úlpu þegar þú ferð út í búð á veturna, en hann lækkar í verði og kostar þig heilmikið í rekstur meðan þú átt hann. Lán fyrir bíl er því sérstaklega slæmt því bæði skapar bíllinn þér kostnað og hann lækkar í verði á meðan þú átt hann.
- # Góð kaup eru þegar þú kaupir eitthvað sem þig hefur lengi langað í og það nýtist þér í þínu lífi. Góð ryksuga, göngubakpoki eða málverk gætu til dæmis verið góð kaup. Og sérstaklega góð kaup eru þegar þú kaupir skóna sem þig var búið að langa svo í á afslætti. Þarna var það ekki afslátturinn sem gerði það að verkum að þú keyptir skóna heldur varstu þegar búin að ákveða að kaupa þá og gerðir því sérstaklega góð kaup í þeim.

En skór eru ekki fjárfesting. Fjárfesting er eitthvað sem skilar þér tekjum í framtíðinni. Dæmi um þetta væri menntun sem skilar þér auknum tekjum, að breyta bílskúrnum úr geymslu í litla leiguíbúð sem hækkar í verði í framtíðinni eða hlutabréf í fyrirtæki sem greiðir út arð og hækkar í verði. Þetta eru fjárfestingar. Til þess að geta talist fjárfesting þarf það sem þú setur peningana þína í að skila þér meiri peningum í framtíðinni. Þegar fjárfestingar eru annars vegar hugsa flest okkar um hlutabréf. Þau eru algengur fjárfestingakostur en það getur verið flókið, erfitt og tímafrekt að setja sig inn í það hvernig á að bera sig að við að velja hvaða hlutabréf eigi



að kaupa og hvenær. Ef þú ert að velta fyrir þér hlutabréfa-kaupum þarftu þó að hafa nokkrar reglur í huga. Þú skalt ekki kaupa hlutabréf fyrir peninga sem þú þarft nauðsynlega á að halda. Peningarnir sem þú setur í hlutabréf verða að vera peningar sem þú mátt við að tapa og sjá aldrei aftur. Hlutabréf geta nefnilega lækkað mikið í verði á skömmum tíma og jafnvel orðið að engu.

Þetta kallar á svar við spurningunni: Hvað þoli ég mikla áhættu? Missi ég svefn yfir því að hlutabréfin sem ég keypti lækkuðu aðeins í verði í dag? Fer allur dagurinn í að fylgjast með breytingum á hlutabréfaverði og lætur það mér bara líða illa? Þá þarftu að endurskoða hvernig þú nálgast fjárfestingar. Að fjárfesta í hlutabréfum krefst þolinmæði og styrks til að stökkva ekki til við minnstu breytingar á hlutabréfamörkuðum.

Ef þú ákveður að ráðast í fjárfestingar er lykilatriði að móta þér stefnu í samræmi við þína fjárhagslegu getu, fjárhagsleg markmið og áhættuþol þitt. Í fjárfestingum er mikil áhersla lögð á að dreifa áhættunni, oft með því að kaupa í mörgum og mismunandi félögum. Í hlutabréfaviðskiptum fer hins vegar oftast en ekki saman að meiri áhætta gefur af sér meiri ávöxtun. Almennum fjárfestum, það er að segja venjulegu fólki, reynist oft erfitt að ná nógu góðri áhættudreifingu. Bæði erum við yfirleitt ekki að meðhöndla háar fjárhæðir, sem gerir það að verkum að kostnaður við viðskiptin er hlutfallslega hár, og við höfum ekki tök eða tíma til að setja okkur inn í hvaða hlutabréf er best að kaupa og hvenær.

Til að mæta þessum vanda voru búnir til svokallaðir vísi-tölusjóðir, eins og til dæmis Vanguard 500. Hann er nefndur hér í dæmaskyni og hér er alls ekki verið að ráðleggja þér

hvernig þú eigir að fjárfesta þínum peningum. Í honum er fjárfest í 500 stærstu fyrirtækjum í Bandaríkjunum í hlutfalli við stærð þeirra. Ef þú kaupir í þeim sjóði þá eignast þú ofurlítið brotabrot af 500 stærstu fyrirtækjum Bandaríkjanna. Hér á landi eru fjölmargir svona hlutabréfasjóðir í boði og þú skalt skoða þetta vel og vandlega. Reynslan hefur sýnt að slíkir sjóðir hafa gegnum tíðina skilað ágætis ávöxtun með mikilli dreifingu á áhættu og litlum kostnaði fyrir okkur meðalmennin.

Því eldri sem við erum því mikilvægara er að við minnkum áhættu í fjárfestingum. Af þeim sökum er oft talað um hlutfall skuldabréfa og hlutabréfa og er til ágætis regla sem á að lágmarka áhættu og um leið tryggja góða ávöxtun. Þar sem skuldabréf eru mun stöðugri fjárfestingarkostur en hlutabréf er ávöxtun þeirra oft lægri. Reglan gengur því út á að við drögum frá lífaldur okkar í þessu dæmi væri manneskjan 30 ára, frá tölunni 100 sem gerir 70. Þannig myndi viðkomandi fjárfesta 70% af heildarfjárfestingum sínum í hlutabréfum en 30% í skuldabréfum. Hjá 70 ára manneskju væri þessu þveröfugt farið, 30% ættu að vera í hlutabréfum en 70% í skuldabréfum. Síðan ætti að stilla hlutfallið af á hverju ári. Með þessu móti er dregið úr áhættu hlutabréfa samhliða hækkandi aldri en um leið tryggt að ávöxtun sé viðunandi.

Miklu máli skiptir að skoða vel hver umsýslugjöld bankans eða fjármálastofnunarinnar er fyrir að sjá um sjóðinn.

Sá kostnaður mun ganga á framtíðarávöxtun þína. Lág umsýslugjöld geta orðið risastór upphæð eftir dágóðan tíma. Ágætis þumalputtaregla er að miða við að slíkur kostnaður sé lægri en 1% á ársgrundvelli.

Það er ágætt að hugsa fjárfestingar í smáum skrefum byrja smátt, skoða sig um og fræðast.

NEYSLUSÁLFRÆÐI

Öllum könnnumst við við að hafa keypt eitthvað bara vegna þess að það var á svo rosalega góðu tilboði. Við könnnumst líka við tilfinninguna eftir á þegar við upplifum að við höfum verið fengin til að eyða í eitthvað sem við hefðum frekar viljað sleppa. Þetta eru góð dæmi um það hvernig auglýsendur og markaðsdeildir fyrirtækja hafa áhrif á okkur.

Þrátt fyrir að vilja halda annað þá erum við mannfólkið ekki uppfull af gagnrýnni hugsun og skynsemi frá því við vöknum og þangað til við förum að sofa. Eðlilega ekki. Ef við myndum vega og meta hverja einustu ákvörðun á hverjum einasta degi þá myndum við ólíklega komast út úr húsi áður en dagurinn væri búinn. Þess vegna grípum við til þumalputta-reglna og rútína, við komum okkur upp þægilegum leiðum til að stytta okkur leið að ákvörðunum sem við stöndum frammi fyrir dagsdaglega. Heilinn í okkar vill einfaldlega spara dýrmæta orku og því setja litlar ákvarðanir upp sem vana. Dæmi um þetta er þegar við kaupum alltaf sama morgunkornið í búðinni. Förum alltaf sömu leið í vinnuna. Sitjum alltaf á sama stað í sófanum fyrir framan sjónvarpið og skoðum alltaf sömu vefsíðurnar þegar við mætum í vinnuna á morgnana. Allt þetta er fullkomlega eðlilegt því ef við myndum velta öllum þessum hlutum fyrir okkur kæmum við engu í verk. En þetta gerir það líka að verkum að það er hægt að spila með okkur því við

veltum ekki öllum hlutum gaumgæfilega fyrir okkur. Þetta vita kaupmennirnir og ýta á ákveðna takka í hausnum okkar til að láta okkur gera hluti sem við tökum ekki yfirvegaða ákvörðun um að gera. Þetta sýnir betur en nokkuð annað að við nálgumst fjármál ekki alltaf út frá rökhugsun heldur oft út frá tilfinningum og upplifun.

Neyslusálfræði, sem þetta er angi af, er ótrúlega heillandi viðfangsefni, ekki bara fyrir fólk sem vill verða betra í fjármálum heldur líka fyrir fólk sem er forvitið um hvernig við nálgumst margt í okkar samfélagi. En hvað er það sem hefur mest áhrif á kauphegðun okkar? Þegar við horfum á þá krafta sem stjórna eyðslu okkar teiknast upp allt önnur mynd. Okkar eigin tilfinningar eru einn sterkasti – og jafnvel sá allra sterkasti kraftur sem verkar á kauphegðun okkar.

Kauphegðun okkar mótast að mörgu leyti strax í æsku. Manstu eftir að hafa suðað um nammi við afgreiðslukassann í búðinni sem barn þegar foreldrar þínir sögðu alltaf nei. Manstu hvernig þér leið þegar þú fékkst þetta nei? Og nú þegar þú ræður því loksins hvað þú gerir við peningana þína þá kannski læturðu alltof oft undan því að fá þér nammið sem þér var bannað í æsku.

Ef við værum algjörlega samkvæm sjálfum okkur myndum við verja peningunum okkar í það sem raunverulega skiptir okkur máli. Gjafir handa börnunum okkar, góðgerðarmál, kolefnisjöfnun, ferðalög, sparnað og fjárfestingar. Væri það myndin sem myndi blasa við þeim sem fengju að glugga í kortayfirlitið þitt eða væru flestar færslurnar skyndibiti, leigubílar heim af djamminu, merkjavara og vextir af smálánum? Í öllu falli er nauðsynlegt að átta sig á því hvers vegna við verjum peningunum okkar með þeim hætti sem við gerum.



Ef við gerum það ekki veldur það vanlíðan og streitu – fyrir utan að kosta okkur heilmikla peninga.

Lykillinn að betri kauphegðun og betri fjárhagsstöðu er að ná og viðhalda stjórn á tilfinningum okkar í garð peninga og þess sem við viljum eyða þeim í. Hefur þú t.d. velt fyrir þér hvort þú eyðir peningum til að uppfylla eitthvað sem þig hefur skort?

Hér eru nokkur ráð sem hafa gagnast mörgum þegar kemur að eyðslu peninga.

- ✓ **Hugsaðu til framtíðar.** Sparnaður í dag þýðir ávinningur í framtíðinni og þar af leiðandi minna álag í dag. Þegar þú ákveður að kaupa nýjan síma fyrir 100.000 krónur skaltu spyrja þig að því hvaða áhrif kaupin hafa á þig eftir 30 ár. Síminn verður löngu orðinn forngripur en ef þú fjárfestir eða greiðir niður skuldir fyrir peningana verða þessar 100.000 krónur orðnar að milljón krónum miðað við 8% ávöxtun. Er síminn virkilega milljón krónu virði?
- ✓ **Reiknaðu útgjöld í tímakaupinu þínu.** Ef þú kaupir peysu fyrir 40.000 krónur þarftu að hafa 60.000 – 80.000 krónur í tekjur. Hvað er það stór hluti af mánaðarlauninum þínum? Hvað ertu marga klukkutíma að vinna fyrir þeim launum? Viltu virkilega verja þessum peningum í eina flík frekar en að verja tíma með vinum og fjölskyldu. Kannski viltu það, en veltu því að minnsta kosti fyrir þér áður en þú straujar kortið.
- ✓ **50/30/20 reglan.** Þetta er klassík sem við fórum yfir í kafla 7 í þessari bók. Þegar þú færð útborgað í upphafi hvers mánaðar er mikilvægt að skipuleggja fjármálin. Gerðu ráð fyrir að helmingur af þínum útborguðu

launum fari í nauðsynjar, mat, húsaleigu, afborganir af lánum, samgöngur og fleira sem þú þarft nauðsynlega til að komast af. Þrjátíu prósent geturðu svo sett í eitthvað skemmtilegt. Tómsundir, spara fyrir skíðafríinu, góðan mat, upplifun og fleira. Að lágmarki tuttugu prósent eiga svo að fara í sparnað sem skilar ávinningi í framtíðinni. Greiða niður húsnæðislánið, leggja fyrir fyrir stærra húsnæði, endurgreiða námslánin eða kaupa verðbréf.

Þetta eru bara örfáar einfaldar leiðir sem þú getur nýtt til að brynja þig fyrir ágangi sölumanna og markaðssnillinga, sem öll hafa það markmið að láta þér líða eins og þér muni ekki líða vel fyrr en þú kemur peningunum þínum frá þér.



... LEGG ALLTAF
25% Í SPARNAD, AUKA
2% Í JEREIGNAR-
LÍFEYRI, VAR ÆG
BÚINN AÐ JEGJA ÞÉR
FRÁ VERÐBRÉFUNUM?
SKO...

FJÁRMÁL PARA

Veistu hvert er algengasta ágreiningsefni para? Það er ekki þvottavélin, Netflix-val, hver eigi að sækja börnin, óreiðan úti í garði eða hvað eigi að hafa í matinn.

Algengasta ágreiningsefni para, samkvæmt rannsóknum, eru peningar. Ágreiningur getur skapast um það hvernig á að nýta þá peninga sem aflað er, hvernig á að forgangsraða og upp geta sprottið áhyggjur af því að eiga ekki nóg af peningum. Þetta er í raun ekkert skrytið því kannski er ástæðan oftast en ekki sú að við höfum ekki tekið heildstætt samtal um peninga og fjármál við maka okkar. Fyrir flesta eru peningar ekki spennandi umræðuefni. Það er ekki rómantískt að setjast niður með maka sínum yfir rauðvíni og ræða lífeyrismál, sparnað, útgjaldaviðmið, fjárhagslega framtíð og stöðu sameiginlegra fjármála. Eins þarf að ræða t.d. erfðamál þegar um er að ræða samsettar fjölskyldir og mikilvægt að aðilar ræði þess mál og þekki réttarstöðu sína og barna sinna. Ef þið takið ekki þetta samtal heldur pirrið ykkur bara á hvað maki ykkar er mikill spreðari eða nirfill, þá er það nokkuð víst að það mun skapa mikla spennu á milli ykkar. Peningar eru nefnilega sjaldnast eitthvað sem við ræðum opinskátt.

Það er lágmarksviðmið að taka þetta samtal áður en tekin er ákvörðun um að hefja sambúð eða stofna til fjölskyldu. Pör og sambúðaraðilar sem hafa ákveðið að samtvinna fjár-

mál sín þurfa einfaldlega að temja sér þá venju að tala opin-skátt um fjármál heimilisins. Ef þið eruð komin yfir þennan punkt og hafið ekki átt samtalið er rétt að undirbúa það sem fyrst. Ef þið eruð mjög ósammála um fjármál getur verið gott að setja ykkur ákveðin viðmið. Sameinast um að setja að lágmarki ákveðnar fjárhæðir á mánuði í sparnað og að hámarki ákveðnar fjárhæðir í fín föt eða dýr raftæki. Þannig getið þið náð ákveðnum málamiðlunum. Ef það reynist erfitt er óvitlaust að leita til pararáðgjafa sem getur leitt ykkur í gegnum þessi mál. Ef ekkert er gert þá eruð þið búin að ákveða að leyfa óvissunni að ráða því hvernig þið viljið haga ykkar fjármálum. Sambúðaraðilar þurfa að vera jafn meðvitaðir um hver staða heimilisins er, taka báðir ábyrgð og setja sér markmið í sameiningu.

Eitt slæmt sem getur komið út úr því að sleppa þessu samtali er að annar aðilinn fer að sjá alfarið um fjármál heimilisins. Það alveg eðlilegt að pör skipti með sér verkum og annar aðilinn sjái að mestu leyti um það sem tengist fjármálum heimilisins, það þarf þó að vera upplýst ákvörðun beggja að hafa verkaskiptingu með þeim hætti. Ef þið eruð ekki á sömu blaðsíðunni getur það raskað jafnvægi í sambandinu og því mikilvægt að báðir aðilar séu meðvitaðir um hver staðan er, hver markmiðin eru og báðir aðilar taki fullan þátt í þeim leiðangri. Jöfn yfirsýn aðila skiptir ekki síst máli ef til þess kemur að leiðir skilja. Að slíta sambúð er alltaf erfitt og að gera upp fjármálin er einn erfiðasti þáttur skilnaða. Þegar báðir aðilar hafa góða yfirsýn yfir stöðuna á fjármálum heimilisins einfaldar það bæði þau skipti sem fara fram en jafnframt eru báðir aðilar í betri stöðu til að ná vopnum sínum á ný.

AÐ REKA HEIMILIÐ EINS OG FYRIRTÆKI

Fjármál einstaklinga og heimila geta orðið ótrúlega flókin sem getur haft afdrifaríkar afleiðingar. Helsta ástæðan fyrir því að svo fer er aðgerðarleysi og sinnuleysi frekar en rangar ákvarðanir. Til að reyna að skilja fjármál er ágætt að horfa á rekstur heimilisins eins og rekstur fyrirtækis. Þegar við hugsum þetta aðeins lengra þá er heimili okkar eða þín eigin fjármál ekkert annað lítið fyrirtæki sem þarf ábyrgan rekstur. Þannig getur verið gott að nýta sér þær aðferðir sem beitt er við rekstur fyrirtækja á rekstur heimilisins.

Öllum fyrirtækjum er skylt að skila ársreikningi rétt eins og einstaklingar eiga að skila skattframtali. Meginmunurinn er þegar fyrirtæki skila ársreikningi sínum eru öll útgjöld fyrirtækisins listuð upp en ekki bara tekjurnar. Þannig er hægt að sjá á einni síðu niðurstöður rekstrarreiknings fyrirtækis þar sem tekjur eru teknar saman. Útgjöld eru listuð upp og niðurstaðan verður annað hvort hagnaður eða tap.

Ef fyrirtæki tapa peningum ár eftir ár er algengast að það verði á endanum tekið til gjaldþrotaskipta eða fer á hausinn. Fyrirtæki eru stundum rekin með tapi og hafa þau þá heimild til að nýta sér skattalegt tap á síðasta ári sem frádrátt frá hagnaði í framtíðinni. Þar sem einstaklingar geta ekki gert slíkt

ætti markmið okkar alltaf að vera að reka heimili okkar með hagnaði.

EN HVERNIG GETUM VIÐ SÉÐ HVORT HEIMILI OKKAR ER REKIÐ MEÐ HAGNAÐI EÐA TAPI?

Ef heimili okkar eða við eyðum stöðugt meira en við öflum þá verðum við að fjármagna tapið. Það gerum við með því að auka skuldir okkar eða fá stuðning til að borga tapið. Það getur virkað til skamms tíma en viðvarandi taprekstur á heimili og skuldsetning gengur ekki til lengri tíma. Líkt og áður hefur verið fjallað um getur ákveðin skuldsetning reynst nauðsynleg, eins og lán til að kaupa íbúðarhúsnæði eða námslán til að fjármagna menntun, sérstaklega ef sú menntun eykur tekjur í framtíðinni. En lántaka til að standa undir útgjöldum hversdagsins er ekki sjálfbær til lengri tíma.

Stundum þurfa fyrirtæki að ráðast í fjárfestingar sem kosta peninga sem oft eru teknir að láni. En hugsunin á bak við slíkar fjárfestingar er að þær muni auka tekjur eða verðmæti. Sama lögmál á að gilda um heimili okkar.

ÚTGJÖLDIN BÚA TIL HAGNAÐINN

Það er gömul og góð regla í rekstri að útgjöldin búi til hagnaðinn. Það þýðir á mannamáli að við eigum sífellt að vera vakandi yfir útgjöldum okkar eins og við höfum farið vel yfir í þessari bók. Gerðu áætlun. Fyrirtæki gera oft fjárhagsáætlun fyrir komandi rekstrarár. Þar er reynt að áætla útgjöld og tekjur. Ef við ákveðum í vetrarhörkum í desember að næsta sumar ætlum við í ferðalag í sólina er rétt að setja slík útgjöld á áætlun. Auðvitað getum við aldrei séð fyrir óvænta hluti. Með grófri áætlun, þar sem við getum fært til bókar þá útgjaldaþætti sem við þekkjum og þær tekjur sem við gerum ráð fyrir



að afla, þá höfum við yfirsýn yfir hvað við getum gert og hvað ekki.

Það þarf ekki að taka það fram að hér ættum við alltaf að borga frið með hagnaði eða afgangi á milli tekna og útgjalda heimilisins en ekki með lánum.

AÐ REKA HEIMILI ER ALLS EKKI ÓLÍKT ÞVÍ AÐ REKA FYRIRTÆKI

Manneskja sem getur ekki rekið heimili sitt með sómasamlegum hætti ætti ekkert að vera að stofna fyrirtæki eða hefja rekstur. Það er gullin regla að við skulum hafa hlutina í lagi heima fyrir áður en við stofnum til frekari fjárskuldbindinga. Þegar fyrirtækjum hefur gengið vel og hafa verið rekin með hagnaði þá er þeim heimilt að borga eigendum sínum arð. Nálgastu fjármálin þín með sama hætti og vertu viss um að þegar þú kaupir eitthvað þá sé það greitt af peningum sem eru til og án þess að þú þurfir að taka lán fyrir því – nema í algjörum undantekningartilvikum. Það verður góð tilfinning að fara í sumarfrí næsta sumar vitandi að þegar við komum heim þurfum við ekki að verja næstu mánuðum í að vinna af okkur kostnaðinn af fríinu.

AÐ HEFJA REKSTUR

Mörg dreymir okkur um að starfa sjálfstætt og það er óneitanlega margt sem er heillandi við að vinna fyrir sjálfan sig. Þá getur maður stjórnað sínum eigin tíma, valið sér verkefni og almennt bara haft það frekar notalegt. Eða hvað? Að stofna fyrirtæki og hefja rekstur er í sjálfu sér ekki flókið en að halda utan um reksturinn þegar hann er kominn af stað krefst aga og yfirsýnar. Því fylgja skuldbindingar og í ákveðnum tegundum rekstrar getur verið þó nokkur kostnaður, svo sem vegna lag-ers og þjónustukaupa frá þriðja aðila. Þá er mikilvægt að færa bókhald og standa skil á sköttum og gjöldum til ríkissjóðs. Sé það ekki gert getur það jafnvel leitt til þungra sekta, refsinga og jafnvel fangelsisvistar. Þess vegna er mikilvægt að kynna sér allar hliðar málsins og þekkja kosti og galla þess að fara í rekstur.

GÓÐ RÁÐ ERU GULLS ÍGILDI

Fyrir fólk sem er að spá í að ná sér í aukatekjur með vinnu samhliða sínu aðalstarfi, eða er jafnvel byrjað á því og farið að hafa af því tekjur, er ýmislegt sem þarf að hafa í huga. Hvenær þarf að velta fyrir sér skattalegu hliðinni á málunum, bókhaldinu og jafnvel hvort það sé rétt að stofna félag utan um það sem maður er að gera? Mikilvægt er að leita sér réttra upplýsinga strax í upphafi, og jafnvel fá ráðgjöf hjá fagaðilum, hvort sem

ráðgjafinn heldur svo áfram að aðstoða við reksturinn eður ei. Það gæti sparað heilmikil vandræði sem geta hlotist af því að til dæmis að skila ekki virðisaukaskatti eða sleppa því að reikna sér laun. Hægt er að vinna sér inn aukatekjur með t.d. sölu á vöru og þjónustu upp að ákveðnu marki án þess að greiða virðisaukaskatt. Þetta er mikilvægt að kynna sér áður en af stað er farið. Skatturinn veitir einstaklingum leiðbeiningar og aðstoð með þessi mál og er mikið magn upplýsinga og leiðbeininga að finna á vefsvæði þeirra, skatturinn.is. Ef fólk flaskar á einhverjum af þessum atriðum er besta leiðin út úr því að leita sér aðstoðar sem allra fyrst.

KENNITÖLUR OG FÉLAGAFORM REKSTUR Á EIGIN KENNITÖLU

Þegar fólk hefur rekstur er algengt að það geri það á eigin kennitölu. Skattprósenta fyrirtækja, þegar allt er talið, er þannig mjög sambærileg skattprósentu einstaklinga. Ef reksturinn krefst ekki mikilla fjárfestinga og lántöku, með tilheyrandi áhættu, kann rekstur á eigin kennitölu að vera góður kostur. Ágætis viðmið er því skattprósenta einstaklinga. Ef sá sem á reksturinn er skattlagður í 2. skattþrepi eða neðar – það er að segja með mánaðartekjur í kringum eina milljón á mánuði þegar þetta er skrifað- eru allar líkur á því að rekstur á eigin kennitölu sé hagkvæmari en rekstur á sérstakri kennitölu.

- # **Einkahlutafélag (ehf.)** Einstaklingur getur á hvaða tíma- punkti sem er stofnað félag utan um sinn rekstur eða breytt forminu á rekstri á eigin kennitölu í rekstur í félagi. Meginmunur á rekstri á eigin kennitölu annars vegar og rekstri í einkahlutafélagi eða hluta- félagi hins vegar er ábyrgðin. Ef rekstur á eigin kenni-



tölu fer á hliðina, til dæmis vegna skuldsetningar, gæti einstaklingurinn fylgt með því hann ber ábyrgð á greiðslu allra skulda félagsins. Þetta á ekki við um einkahlutafélög og hlutafélög. Þá takmarkast tjón eigenda við hlutaféð sem þeir lögðu til félagsins. Verði félagið gjaldþrota þurfa eigendur ekki að greiða skuldir félagsins. Það er hins vegar mikilvægt að hafa í huga að ekki má taka peninga út úr einkahlutafélagi nema í formi launa eða arðs. Einkahlutafélög greiða 20% tekjuskatt af hagnaði og þegar hann hefur verið greiddur og mega eigendur greiða sér út arð. Af arðgreiðslum úr einkahlutafélagi er svo einnig greiddur fjármagnstekjuskattur sem er 22%.

- # **Samlagsfélag (slf.)** Annað félagaform er samlagsfélag sem svipar til blöndu af rekstri á eigin kennitölu og einkahlutafélagi. Eigendur félagsins verða að vera að minnsta kosti tveir og einn eigandi samlagsfélags ber ábyrgð á skuldum félagsins. Þannig að ef félagið lendir í fjárhagsvandræðum smitast þau yfir á eigandann. Í samlagsfélagi má eigandi taka peninga út úr félaginu eins og honum sýnist. Hagnaður af rekstri samlagsfélags er skattlagður eins og hagnaður af rekstri annarra félaga. Hagnaður í lok hvers árs er þannig skattlagður um 36,7% sem er töluvert lægri skattprósenta en tekjuskattur í hæsta skattþrepi, sem er 46,25% þegar þetta er skrifað.

Fyrir forvitna er áhugavert að nefna að talan 36,7% er ekki dregin upp úr hatti. Hún er samtala af skatti á hagnað fyrir-tækja, sem er 20%, og fjármagnstekjuskatti, sem er 22%. Höfundur gerir sér grein fyrir því að 20 plús 22 er 42 en ekki 36,7, en útreikningurinn er aðeins flóknari. Ef fyrirtæki hagnast um hundrað krónur greiðir það 20 krónur í skatt. Ef þetta sama fyrirtæki greiðir svo krónurnar 80 í arð borgar sá sem arðinn fær 22% í skatt af því, eða 17,6 krónur. Og hvað er 20 plús 17,6? Jú, 36,7. Þar hafið þið það.

Sameignarfélög Þá er einnig hægt að stofna sameignar-félag en það er eins og samlagsfélög að öllu leyti nema því að í þeim bera allir eigendur ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins. Það þýðir að ef allt fer í skrófunu og skuldirnar hlaðast upp þá geta kröfuhaf-arnir sótt peningana sem félagið skuldar þeim til allra sem standa að sameignarfélaginu. Þetta félagaform er því, skiljanlega, að mörgu leyti að hverfa.

LAUNATENGÐ GJÖLD

Laun og launatengd gjöld er eitthvað sem fólk þarf að hafa í huga þegar það ákveður að fara í eigin rekstur því samkvæmt reglum skattayfirvalda eiga þau sem eru í rekstri að greiða sér laun. Oft er sagt að við eigum að leggja 30% ofan á laun til að fá fram heildarlaunakostnaði við gerð viðskiptaáætlana. Launagreiðandi þarf að greiða mótframlag í lífeyrissjóði auk þess sem hann greiðir tryggingagjald en það eru þau gjöld sem launagreiðendur, þar með talið sjálfstætt starfandi, greiða vegna launakostnaðar við atvinnurekstur. Önnur launatengd

gjöld í staðgreiðslu eru markaðsgjald og gjald í Ábyrgðasjóð launa sem oftast eru talin með tryggingargjaldinu. Það er hægt að sjá á fjölmörgum stöðum á netinu hver launatengd gjöld verða og sjá þá raunkostnað.

VIRÐISAUKASKATTUR

Meginreglan er sú að öll sala á vöru og þjónustu er virðisauka-skattskyld. Það þýðir á einföldu máli að við eigum að leggja virðisaukaskatt ofan á reikninga sem við sendum og skila skattinum til ríkissjóðs. Þannig leggst oftast 24% virðisauka-skattur ofan á reikninga sem sendir eru út og mikilvægt er að standa skil á þessum skatti sem kallast útskattur til skattsins.

Það má síðan kostnaðarfæra virðisaukaskatt á vöru og þjónustu sem keyptar eru vegna rekstursins og draga þann skatt sem kallast innskattur frá. Ein þægileg og einföld regla er þó sú að þeim sem eru í rekstri og senda út reikninga er heimilt að sleppa því að innheimta virðisaukaskatt af sölu á vöru eða þjónustu ef sú sala er undir 2 milljónum á ári.

ÁÐUR EN ÞÚ HEFUR REKSTUR

Það getur því verið nokkur ávinningur í því að stofna fyrirtæki utan um reksturinn sinn – hvort sem það er lítið smíða-verkstæði í bílskúr á Seltjarnarnesi eða framleiðsla hlaðvarps um heimilisfjármál, svo eitthvað sé nefnt. Aftur er þó á það minnt að gott er að viðurkenna vanmátt sinn og leita ráða hjá fólki sem veit betur. Það getur margborgað sig, þó svo að greiða þurfi fyrir slíka ráðgjöf í upphafi reksturs. Endurskoðendur og bókhaldsstofur veita slíka þjónustu.

LÍFEYRISMÁL

Því fyrr sem við förum að huga að lífeyrismálum og setja okkur markmið um starfslok því líklegra er að við getum náð markmiðum okkar og lifað fjárhagslega góðu lífi á efri árum. Ávinningur af sparnaði og fyrirhyggju vex með tímanum og því fyrr sem þú ferð að leggja fyrir til efri áranna, því meiri verður ávinningurinn. Einstaklingur sem fer að hugsa um þessi mál fyrir 35 ára aldur getur afrekað ótrúlega hluti á 30 árum. Samhliða markmiðum um fjárhagslegt sjálfstæði er rétt að við hugum líka að því hvenær við viljum hætta að vinna eða í það minnsta geta haft það sem raunhæfan möguleika.

LÍFEYRISMÁL Á ÍSLANDI

Lífeyristekjur okkar á efri árum skiptast í grófu lagi í þrennt. Í fyrsta lagi erum við með almannatryggingakerfi sem greiðir lágmarkslífeyri til allra landsmanna. Tryggingastofnun Ríkisins (TR) greiðir út þann ellilífeyri. Mikilvægt er að hafa í huga að greiðslurnar frá TR skerðast við aðrar greiðslur eða tekjur sem við fáum, til dæmis úr lífeyrissjóðum eða fjármagnstekjur, fyrir utan greiðslur úr séreignarsjóðum. Almannatryggingarkerfið hefur það hlutverk að tryggja ákveðin lágmarkslífeyrisréttindi. Í öðru lagi erum við svo með lífeyrissjóðakerfið þar sem réttindi okkar miðast við greidd iðgjöld á starfsævinni.

Því meira sem við borgum því meira fáum við. Og í þriðja lagi höfum við séreignarsjóð eða viðbótarlífeyrissparnað.

LÍFEYRISKERFIÐ Á ÍSLANDI – SJÓÐASÖFNUN

Núverandi lífeyriskerfi má rekja til ársins 1969. Við gerð allsherjar kjarasamninga á vinnumarkaði var samið um að settir skyldu upp lífeyrissjóðir fyrir launafólk með skylduaðild og fullri sjóðsöfnun frá árinu 1970. Kerfið virkar þannig að því lengur sem við greiðum í lífeyrissjóði því meiri réttindi ávinnum við okkur. Hérna er ágætt að staldra við því að þegar þetta er skrifað má sjá að lífeyrissjóðakerfið sem við búum við í dag er rétt orðið 50 ára gamalt. Það er því sjálft enn ekki komið á eftirlaunaaldur og hefur ekki hafið töku lífeyris. Því er það fyrst núna sem við erum að sjá fólk fara á eftirlaun með full réttindi.

EN HVERNIG VIRKAR ÞETTA?

Öllu vinnandi fólki á Íslandi, á aldrinum 16 til 70 ára, er skylt að greiða í lífeyrissjóði. Af launum okkar er tekið iðgjald sem rennur í þann lífeyrissjóð sem við greiðum í. Í sumum starfsgreinum er skylt að greiða í ákveðna sjóði en annars staðar ekki. Það er skynsamlegt að skoða þessa hluti vel og vandlega. Lífeyrisgreiðslur þínar eru að jafnaði þannig að 4% eru dregin af laununum þínum, fyrir skatt, og lögð í lífeyrissjóð. Launagreiðandinn þinn á svo að leggja fram væna sneið á móti sem er kallað mótframlag og er um 12% af heildarlaunum, sem dæmi:



Ef þú ert með 500.000 krónur í laun fara 20.000 af þeim í lífeyrissjóð og launagreiðandi greiðir 57.500 krónur á mánuði, samtals fara því 77.500 krónur í lífeyrissparnað þinn í hverjum mánuði. Á ári eru það rúmlega 900.000 krónur. Lífeyrisgreiðslur eru ekki skattlagðar þegar þær eru greiddar inn í lífeyrissjóðinn en eru það hins vegar þegar þær eru greiddar út.

En hvernig er þessu háttað hjá þeim sem starfa ekki hjá eða þiggja laun af vinnuveitanda? Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda er lífeyrissjóður sem er hugsaður fyrir fólk sem ekki fær greidd laun af vinnuveitanda og er þannig ekki launafólk í hefðbundnum skilningi, til dæmis sjálfstætt starfandi. Þessi hópur hefur oft skattskyldar tekjur sem ekki eru greidd lífeyrisðgjöld af heldur greiðir það í sambærilegan sjóð sem kallast Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda. Þá fær fólk árlega reikning sem áætlar lífeyrisgreiðslur þess í söfnunarsjóðinn. Þannig er tryggt að viðkomandi safni réttindum.

SÉREIGNASJÓÐUR – VIÐBÓTARLÍFEYRISSPARNAÐUR

Séreignarsjóður er valkvæður viðbótarlífeyrissparnaður og má byrja að greiða í hann við 16 ára aldur. Séreignarsparnaðinn má byrja að greiða út þegar við höfum náð 60 árum í aldri. Hann skerðir ekki aðrar bætur og er varinn gegn kröfum sem á okkur geta fallið, til dæmis við gjaldþrot.

Í raun er þetta einhver öruggasti sparnaður sem við getum myndað á ævinni og það má með nokkurri vissu mæla með því að sem flestir skoði það að borga í séreignarsparnað um leið og þeir fara út á vinnumarkaðinn. Viðbótarlífeyrissjóðir

virkar þannig að þú velur hvort þú greiðir 2 eða 4% af launum þínum í séreignarsjóð en atvinnurekandi greiðir svo aukalega 2%, að því gefnu að þú greiðir að lágmarki 2%.

SKATTFRELSI SÉREIGNARSPARNAÐAR

Allur lífeyrissparnaður er skattskyldur á einhverjum tíma-punkti. Eða hvað? Þegar kemur að séreignarsparnaði eru dæmi um að hið opinbera hafi heimilað útgreiðslu hans án þess að greiddur sé af honum skattur. Þegar þetta er skifað er ein leið heimil til þess en vert er að athuga að um tímabundið úrræði stjórnvalda er að ræða.

Séreignarsparnaður sem útborgun. Kaupendur geta nýtt sér séreignarsparnað sinn sem útborgun í íbúð við fyrstu kaup.

Séreignarsparnaður sem greiðsla inn á íbúðalán.

Eigendum fasteigna hefur verið heimilt að ráðstafa hluta séreignarsparnaðar sem greiðslu inná íbúðalán til eigin nota. Innborgun séreignar er hagstæð leið sem við hvetjum lesendur til að kynna sér vel. Þetta úrræði hefur þó aðeins verið heimilað tímabundið og því best að skoða þessi mál vel og þá hvort heimild þessi sé enn virk.

ÚTTEKT SÉREIGNARSPARNAÐAR VEGNA FJÁRHAGSÁFALLA

Í tvígang hafa íslensk stjórnvöld heimilað einstaklingum að taka út séreignarsparnað vegna fjárhagsáfalla. Fyrst við bankahrunið 2008 og aftur til að bregðast við áhrifum heimsfaraldurs Covid-19, áratug síðar. Það má því segja að séreignarsparnaður íslensku þjóðarinnar sé einnig neyðarsjóður sem stjórnvöld geti heimilað greiðslur úr til að bregðast við efnahagsáföllum.

Í báðum þessum aðstæðum hafa einstaklingar þurft að greiða tekjuskatt af útgreiðslum úr séreignarsjóðum. Velta má fyrir sér hvort slík ráðstöfun á séreignarsparnaði sé góð, en forðast ætti í lengstu lög að greiða sér út séreignasparnað.

AÐ TAKA ÚT LÍFEYRI

Samkvæmt lögum er heimilt að byrja að taka út lífeyri úr skyldu-tryggingarsjóðum frá 62 til 70 ára. Séreignarsparnað megum við byrja að taka út þegar við höfum náð 60 ára aldri. Þú getur séð hvernig dæmið lítur út hjá þér hjá þínum lífeyrissjóði. Því fyrir sem við hefjum töku lífeyrisréttinda því lægri greiðslu fáum úr lífeyrissjóðnum okkar. Lífeyrisréttindi verða vonandi umtalsverð þegar við komumst á lífeyrisaldur og eðli stórra sjóða er að þeir ávaxtast í flestum tilfellum mikið með tímanum. Landsamtök lífeyrissjóða eru með vefsíðu www.lifeyrismal.is þar sem hægt er að nálgast mikilvægar upplýsingar um þessi mál.

Við þurfum samt að velta fyrir okkur nokkrum sviðsmyndum samhliða því að setja okkur markmið um hvenær við ætlum að hefja töku lífeyris. Ef við byrjum of snemma að taka út lífeyri er hætt við að við göngum of mikið á lífeyri okkar og höfum einfaldlega ekki nægjanlegar tekjur. Ef við hefjum töku of seint er hætt við að eigum of mikil réttindi og náum ekki að njóta þeirra. Þess vegna skaltu skoða þessi mál og setja þér markmið um að á ákveðnum tímapunkti munir þú hafa efni á og eiga næg réttindi til þess að geta hætt að vinna ef þig langar til þess. Því fyrir sem þú ferð að huga að þessum málum því betri verður staða þín þegar til þess kemur að þú getir hætt að vinna. Það er líka ágætt að muna að heilsa, tími og peningar eru sjaldnast í fullkomnu jafnvægi. Það þýðir einfaldlega að við skulum njóta peninganna okkar og gefa okkur tíma til að gera hluti meðan við höfum heilsu til þess.

Þeim sem starfa í einkageiranum er heimilt að hefja töku lífeyrisgreiðslna samhliða áframhaldandi vinnu. Þannig getur einstaklingur til að mynda hafið töku lífeyris 65 ára og unnið áfram til 70 ára. Þannig gæti sá aðili safnað lífeyrisgreiðslunum og ávaxtað þangað til hann hættir á vinnu-markaði. Þetta þarf hver og einn að skoða í samhengi við skattgreiðslur og fleiri þætti. Tekjuskattur er greiddur af lífeyrisgreiðslum og því þarf einnig að skoða skattþrep og áhrif þeirra.

Þeim sem starfa hjá hinu opinbera er heimilt að minnka starfshlutfall þegar þau hafa náð 65 ára aldri og fá greitt úr lífeyrissjóði á móti. Þannig fengi aðili sem færir í 50% starf 50% lífeyrisgreiðslur á móti.

Ef þú skoðar lífeyrismál þín í þaula og skipuleggur vel getur vel verið að þú getir hafið töku lífeyris við 60 ára aldur. Hægt er að skoða áunnin lífeyrisréttindi í gegnum lífeyrisgáttina www.lifeyrisgatt.is en þar skráir þú þig inn með rafrænum skilríkjum og sérð yfirlit frá öllum þeim lífeyrissjóðum sem þú hefur greitt í á Íslandi.

Til að skoða greiðslur úr almannatryggingakerfinu getur þú farið inn á reiknivél á vef Tryggingastofnunar ríkisins og slegið inn þann lífeyri sem þú munt fá greiddan úr þínum lífeyrissjóðum (sömu tölu og þú fékkst úr lífeyrisgáttinni). Þá getur þú séð forsendur þínar og samspil lífeyrisgreiðslna þinna og greiðslna úr almannatryggingakerfinu.

Lífeyrisréttindi er eitthvað sem flestir byrja að hugsa um of seint. Réttindi og tekjur af lífeyri geta spilað stórt hlutverk þegar kemur að fjárhagslegu sjálfstæði og hvort við höfum val um að hætta vinna þegar okkur langar til.



FASTEIGNIR

HÚSNÆÐI

Leiga á húsnæði eða afborganir af húsnæðislánum eru afar stór hluti af mánaðarútgjöldum flestra. Leigumarkaðurinn á Íslandi er fremur lítill og oft ótryggur og að auki á leigan það til að vera talsvert hærri en afborganir af sambærilegri eign. Þegar leigan tekur stóran hluta af mánaðarlegri innkomu getur verið erfitt að safna fyrir útborgun í íbúð, en safnast þegar saman kemur og fæstir sjá eftir þeim „fórarkostnaði“ að leggja tímabundið mikið á sig til að ná fyrir útborgun. Íbúðin sem við kaupum er alla jafna stærsta fjárfestingin sem við ráðumst í. Þess vegna ættum við að reyna að komast inn á þennan markað eins fljótt og hægt er.

SÉREIGNARSPARNAÐUR OG FASTEIGNIR

Við höfum rætt um mikilvægi séreignarsparnaðar, enda er slíkur sparnaður eitt það mikilvægasta sem við tileinkum okkur til að ná árangri í fjármálum. En hvernig tengist séreignarsparnaður íbúðakaupum? Jú, eins og fram hefur komið þá getum við notað uppsafnaðan séreignarsparnað sem útborgun í íbúð, séum við að kaupa íbúð í fyrsta skipti. Það sem meira máli skiptir er að þegar við fáum þennan sparnað greiddan út þá þurfum við ekki að greiða af honum tekjuskatt. Það er ágætt að minna lesendur á að við megum byrja að greiða inn

í séreignarsparnað þegar við höfum náð 16 ára aldri og því fyrir sem við hefjum slíkan sparnað því sterkari verða fjármál okkar.

LÁN OG REKSTUR ÍBÚÐA

Þegar við höfum séð fasteign sem okkur líst vel á er gott að skoða lánareiknivélar bankanna og velta fyrir sér ólíkum lánaformum. Verðtryggt, óverðtryggt eða blandað lán. Fjallað er um íbúðalán á ítarlegan hátt í kafla um húsnæðislán.

Rekstrarkostnaður við fasteignir er nokkuð hár og ber að taka hann með í reikninginn. Sem dæmi um kostnað sem getur vegið þungt eru:

- # Fasteignagjöld sem sveitarfélögin leggja á fasteignir.
Þau eru reiknuð út frá fasteignamati sem er aðgengi-
legt á vefnum
- # Hússjóður
- # Hiti og rafmagn
- # Vatns- og fráveitugjöld
- # Tryggingar
- # Viðhald og annar tilfallandi kostnaður

Það segir sig sjálft að því stærri sem eignin er því hærri verða þessir kostnaðarliðir. Mikilvægt er að skoða liði eins og t.d. fasteignagjöld sem oft geta verið umtalsverð.

STAÐSETNING, STAÐSETNING, STAÐSETNING!

Gott ráð er að skoða sérstaklega hvert meðalverð fasteigna er í þeim hverfum sem við erum að skoða en það má gera á verðsjá fasteigna sem Þjóðskrá heldur úti, verdsja.fasteignaskra.is. Þannig getur þú reynt að kaupa hagstæða eign. Hverfi eru

misdyr og oft getur munað 1–2 svefnherbergjum á íbúðum á sama verði milli hverfa. Staðsetning kostar og mikilvægt er að skoða hverfi sem þú vilt búa í og bera saman fermetraverð.

Annað gott ráð að er að muna að í flestum tilfellum á fólk fyrstu íbúðina sína aðeins í 3–5 ár. Af þeim sökum getur verið betra að reyna að komast sem fyrst inn á markaðinn með því að vera með opinn huga fyrir ódýrari hverfum. Þegar hugað er að staðsetningu er líka mikilvægt að huga að samgöngum. Ef mjög langt er í vinnu eða skóla fyrir öll á heimilinu getur það þýtt að tveir bílar verði fyrir valinu. Skoðaðu tengingu svæðisins við almenningssamgöngur og athugaðu einnig hvernig þær munu verða í framtíðinni. Hvað með hjólaleiðir og göngustíga? Þetta eru allt þættir sem vert er að hafa í huga og geta falið í sér töluverðan kostnað – eða sparnað!

SALA Á FASTEIGNUM

Þegar við seljum fasteignir er gott að hafa þóknanir og gjöld fasteignasala í huga. Þjónusta þeirra er ekki ódýr og taka þeir sölulaun sem er ákveðið hlutfall af því verði sem eignin selst á, oft á bilinu 1,2–2,5%. Af 50 milljón króna eign eru því sölulaun á bilinu 500 þúsund til 1,5 milljón króna og ofan á þá upphæð leggst virðisaukaskattur sem er 24%.

Ef fasteignin er seld í einkasölu, það er aðeins hjá einum fasteignasala, er þóknunin lægri en ef fasteignin er seld hjá fleiri fasteignasölum. Þú skalt aldrei samþykkja að setja fasteign á sölu nema þú vitir hvaða sölubóknun fasteignasalinn mun taka fyrir að selja. Það er sjálfsagt mál að biðja um lægri prósentu ef fasteignin er seld í einkasölu eða hreinlega hringja í nokkra sala, segja frá eigninni og spyrja um sölulaun. Hálft prósent í sölu getur hlaupið á hundruðum þúsunda í sparnað fyrir þig. Að sama skapi skal spyrjast fyrir um önnur gjöld

eins og umsýslugjöld og þess háttar. Eins skaltu komast að því hvaða þjónusta er innifalin í sölulaunum. Mun fasteignasalinn sýna íbúðina fyrir þig eða þarft þú að gera það? Mun hann mynda íbúðina og verður það gert af fagmanni og svona mætti lengi telja.

Einnig má hafa í huga að hagsmunir fasteignasala og seljanda eru ekki alltaf hinir sömu. Fasteignasalinn fær aðeins lítinn hluta af söluverði í sinn vasa. Oft getur það verið seljanda í hag að stökkva ekki á fyrsta tilboð: Ein milljón í hærri söluverði skilar sér í 15 þúsund krónum hærri sölulaunum til fasteignasalans, sé hann með 1,5% í sölulaun, á meðan þú færð 985 þúsund krónum meira í vasann. Þetta er gott að muna og góð regla er að skoða vel svipaðar eignir og þína í sama hverfi, reikna út meðalverð og vera með raunsæjar væntingar um hvað sé ásættanlegt verð.

Betra er að bíða og gefa sér tíma í sölu heldur en að vera undir mikilli pressu því ef við fáum ekki besta mögulega verð fyrir fasteign okkar er það okkar tap og annarra gróði. Hins vegar skiptir miklu máli að vera með raunhæf verð þegar fasteignir eru seldar. Of há verðlagning kemur niður á eftirspurn og oft þarf að koma aftur með eignina inn á markaðinn á lægra verði. Í gegnum tíðina hefur það verið góð og skynsamleg fjárfesting að kaupa sér íbúð á Íslandi. Ef þú ert ekki enn á þeim stað sökum t.d. aldurs eða þig vantar enn meira fjármagn skaltu samt byrja að skoða markaðinn. Hvar þig langar að búa og hvað það kostar að kaupa þar sem þig langar að kaupa. Slík markaðsrannsókn mun hvetja þig til að byrja að spara og þegar að því kemur að þú kemst inn á markaðinn þá þekkir þú hann.

BÍLAR OG SAMGÖNGUR

Það er oft sagt að það sé ómögulegt að búa á Íslandi nema eiga bíl. Það er kannski ekki alls kostar rétt en ljóst er að bílar eru bæði dýrir í rekstri og viðhaldi. Félag íslenskra bifreiðaeiganda (FÍB) áætlað sem dæmi að árlegur kostnaður við rekstur bíls árið 2022 sé frá 1,2 milljónum fyrir bíl sem kostar 3,1 milljón og hærri fyrir dýrari bíla. Rekstrarkostnaður getur því verið á bilinu 100–200 þúsund kr. á mánuði eftir því hversu dýr bíllinn er. Þetta eru háar tölur sem geta vel slagað upp í svipaðar upphæðir og venjulegt fólk greiðir í afborganir húsnæðislána.

Kostnaðarþáttum við rekstur bíla er skipt í nokkra flokka sem fylgja hér á eftir.

KAUP

Um leið og þú keyrir nýjan bíl út úr umboðinu hefur hann lækkað að virði um 15–20%. Það er vissulega gaman að kaupa nýjan bíl en ef við venjum okkur á að kaupa okkur nýja bíla reglulega þar sem þeim gamla er skipt upp í nýjan þá erum við að kasta miklum fjármunum á glæ.

Eins er vert að skoða þætti eins og bilanatíðni og áreiðanleika. Slíkar upplýsingar er auðveldlega hægt að finna með einfaldri netleit en fjölmargar erlendar neytendasíður taka saman reynslusögur eigenda. Eins skaltu tala við bifvélavirkja ef þú þekkir einhvern slíkan og spyrja hvort hann mæli með

þessum eða hinum bílnum. Skoðaðu líka hvað almennt viðhald eins og varahlutir og viðgerðir kosta en slíkur kostnaður helst oft í hendur við hátt kaupverð. Reyndu alltaf að eiga næga peninga þannig að þú sleppir við að taka bílalán. Slík lán eru að jafnaði dýr og bæta bara við þann mikla kostnað sem fylgir því að eiga og reka bíl. Ef þú verður að taka bílalán þar sem aðstæður krefjast þess skaltu taka eins lágt lán og þú getur. Aldrei falla í þá gryfju að kaupa þér dýrari bíl af því þú getur fengið fjármögnun til þess.

NOTKUN OG VIÐHALD

Undir notkunarlið fellur til að mynda eldsneyti, viðhald og dekkjakaup. Það skiptir miklu máli að velja sparneytinn bíl en ef við ætlum að kaupa bensín- eða díselbíl eigum við fyrst og síðast að skoða eyðslu. Hægt er að spara stórar fjárhæðir með því að horfa á hvað það kostar að keyra hvern kílómetra. Það er ágætt að byrja á að áætla heildarakstur á ári og deila niður á mánuði til að sjá hver rekstrarkostnaður væntanlegs bíls er miðað við eyðslu. Á vef Orkuseturs www.orkusetur.is má reikna út slíkan kostnað.

Þá er aftur gott að rannsaka rauneyðslu á netinu en tölur bílaframleiðanda eru oftast í besta falli draumsýn, þar sem eyðsla er mæld við mjög sérstakar aðstæður. Enn betra er ef aðstæður leyfa að kaupa sér rafbíl. Rafbílaeigendur borga nánast engan kostnað við viðhald samanborið við bíla sem ganga fyrir bensín eða dísel. Rafbílar þurfa miklu minna viðhald, þá þarf aldrei að smyrja eða senda í olíuskipti og sökum einfaldleika þeirra eru miklu færri hlutir sem snúast, slitna og bila. Rafbílar eru enn dýrir í kaupum sökum þess hversu dýrar rafhlöður þeirra eru en vert er að skoða rafbíla með opnum huga, bæði fyrir veskið og umhverfið!

HVAÐ SEGIRU,
ENGINN
SKULDAGALI?



neibb!



TRYGGINGAR

Öllum bíleigendum er skylt samkvæmt lögum að ábyrgðartryggja bílinn sinn. Sú trygging bætir öðrum það tjón sem ökutæki þitt veldur og líka slys sem þú eða sá sem keyrir ökutækið verður fyrir. Að auki getum við kaskótryggt bílinn en þá fáum við tjón sem við sjálf völdum á bíl okkar bætt, til dæmis ef við keyrum á í órétti, rispum bílinn eða beyglum. Eigin áhætta er mismikil í slíkum tryggingum og hefur hún áhrif á kostnað. Gott er að kynna sér þá þætti vel hjá sínu tryggingafélagi. Mikilvægt er að fá tilboð í bílatryggingar reglulega og þá má einnig fá tilboð í aðrar tryggingar eins og brunatryggingar og fjölskyldu- og innbústryggingar samtímis. Hægt er að óska eftir tilboðum með einföldum hætti á vefsíðum tryggingafélaganna og getur oft munað miklu.

BIFREIÐAGJÖLD OG ANNAR KOSTNAÐUR

Bílar á Íslandi eru þegar þetta er skrifað skattlagðir með bifreiðagjöldum sem innheimt eru tvisvar á ári. Skatthlutfallið fer eftir útblæstri en markmið þeirrar lagasetningar tekur mið af umhverfissjónarmiðum. Þannig ber bíll sem eyðir miklu hærri bifreiðagjöld.

Aftur eru rafmagnsbílar hagkvæmur kostur þar sem þeir eru lausir við allan útblástur og bera því mjög lág bifreiðagjöld. Rafbílaeigendur þurfa hins vegar að greiða ákveðna krónutölu á ekna kílómetra sem gott er að hafa til viðmiðunar.

Þá ber að hafa í huga að reglulegar skoðanir og skoðanagjöld þeim tengdum.

BÍLAR LÆKKA Í VIRÐI

Bílar eru ekki sérlega góð fjárfesting og yfirleitt allt annað en fjárfesting nema í einhverjum undantekningartilfellum. Á

mannamáli þýðir það að bílar lækka nokkuð hratt í virði eftir aldri og notkun. Bílar falla hlutfallslega meira í verði fyrsta árið en næstu 2–3 árin. Það segir sig því sjálft að það borgar sig frekar að kaupa notaðan bíl en nýjan. Eftir fjögurra ára aldurinn eykst verðfall mjög á milli ára en hversu mikið fer eftir tegund, ástandi og útliti.

BÍLAR SEM STÖÐUTÁKN

Bílar eru gott dæmi um stöðutákn því þeir eru vel sýnilegir öðrum og við erum svo að segja hluti af bílnum. Enda er það svo að sumir bílar verða tákn um ríkidæmi og völd. Því dýrari sem bíllinn er því færrí hafa efni á að kaupa hann. Viðhalds-kostnaður á dýrum bílum er líka hærri. Þess vegna ættum við aldrei að kaupa dýran bíl án þess að vera viss um að kaupin á honum hafi ekki áhrif á fjárhag okkar. Ekki falla í þá gryfju að taka dýrt og kostnaðarsamt lán til þess eins að aka um á bíl sem kostar þig alltof mikið.

AÐRIR BIFREIÐAKOSTIR

Að hafa bíl til umráða þarf ekki endilega að tákna að eiga bíl. Til að mynda er hægt að leigja bíl og horfum við þá oftast til langtímaleigu hjá bílaleigum. Einnig mætti skoða að leigja þannig bíl í félagi við aðra og þá skipta honum á milli sín eftir dögum og þá um leið kostnaði. Eins eru deilibílar spennandi kostur sem hefur farið vaxandi hér á landi. Í sumum hverfum höfuðborgarinnar er þar að auki boðið upp á rafdeilibíla sem eru í senn frekar ódýrir og afskaplega þægilegir.

VIRKIR FERÐAMÁTAR Í STAÐ BÍLS?

Þegar kemur að því að velja sér stað til að búa á er gott að skoða staðsetningu út frá nálægð við þjónustu t.d. matvöruverslanir,

tómstundir, heilsugæslu og jafnvel vinnu þegar það er hægt. Það eru mikil lífsgæði fólgin í því að geta gengið til að nýta sér helstu þjónustu. Á undanförunum árum hefur uppbygging innviða fyrir virka ferðamáta verið gríðarmikil og á höfuðborgarsvæðinu og víðar hefur vaxið net hjóla- og göngustíga sem gerir notkun á virkum ferðamátum mun fýsilegri. Virkir ferðamátar sem gætu komið í stað bifreiðar eru til að mynda:

- # **Hjólreiðar** hafa farið mjög vaxandi undanfarin ár. Sum sem hjóla mikið segja að með hjólreiðum spari þau einnig tíma og fé sem annars þyrfti að eyða í líkamsræktarstöðvum. Rafmagnshjól hafa svo aukið enn frekar á vinsældir hjólreiða en með þeim má komast hratt yfir borgarlandslagið án þess að erfiða um of. Því henta þau vel þar sem fara þarf yfir langan veg eða upp og niður brekkur, t.d. til vinnu.
- # **Rafhlaupahjól** eru svo ný viðbót í þessa gerð samgangna. Hvort heldur þau eru leigð eða keypt þá geta þau hentað vel til ferða innan borgarinnar. Einnig er hægt að flétta þeim saman við almenningssamgöngur til að brúa bilið milli biðstöðva og áfangastaðar.
- # **Almenningssamgöngur.** Það getur verið skynsamlegt að skoða áætlun almenningssvagna með tilliti til þinna ferða og sjá hvort Strætó geti hentað. Samhliða þessu er rétt að benda á fyrirhugaðar framkvæmdir við Borgarlínuna, hágæða almenningssamgöngur sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eru með í undirbúningi þegar þessi bók er skrifuð. Þar verða tíðari ferðir og meiri skilvirkni en í því kerfi sem er í boði nú. Borgarlínan mun vafalítið efla almenningssamgöngur og vinsældir þeirra.

MATUR OG MATARINNKAUP

Matarinnkaup eru stór liður í útgjöldum allra. Við komumst ekki hjá því að borða og eins og við heyrum reglulega þá er matarkarfan ekki ódýr á Íslandi. Oft er þó hægt að spara mikið með því að skipuleggja matarinnkaupin og horfa á þau sem áskorun eða verkefni sem þarf að leysa. Við skulum samt hafa það alveg á hreinu að við leggjum til að horft verði til hollustu matar fyrst og síðast og í framhaldinu reynt að gera góð kaup. Heilsa okkar er mikilvægasta fjárfestingin því án hennar getum við ekki notið allra hinna fjárfestinganna okkar. Hér á eftir höfum við tekið saman ráð og hugmyndir til þess að gera matarinnkaupin hagkvæmari og um leið einfaldari.

SKIPULÖGÐ INNKAUP

Skipuleggðu matseðil fyrir vikuna og skrifaðu niður innkaupalista áður en þú ferð í búðina – og farðu eftir honum. Það getur verið gott að fara vel yfir það sem til er í skápunum heima samhliða því að listinn er skrifaður og skoða hvað vantar úr búðinni til að búa til máltíð úr því sem til er heima. Það segir sig sjálft að aldrei skal svöng manneskja versla í matinn.

Sumum hentar að kaupa allt sem þarf fyrir vikuna í einni ferð nema þá helst ferskvöru eins og fisk, kjöt og grænmeti fyrir þær máltíðir sem á að elda síðar í vikunni. Þessi nálgun er ekki bara góð fyrir veskið heldur fer oft mikil orka í að

ákveða hvað á að vera í matinn. Þá fær fólk iðulega verri hugmyndir, þreytt að loknum vinnudegi og ekki síður ef við erum orðin svöng.

AÐ KAUPA Í MATINN

Matvöruverslanir eru hannaðar með það í huga að við eyðum sem mest af peningum þegar við förum inn í þær. Af þeim sökum þurfum við að ganga í gegnum alla búðina til að kaupa mjólk, kjöt og fisk. Ferskvara er oftast við útveggi því hana þarf reglulega að endurhlaða og selja hratt.

Þegar við erum kominn inn í búðina er góð regla að forðast vörur sem eru í augnhæð. Óþarfa vörum er stillt upp í þessa hæð svo við komumst ekki hjá því að sjá þær og séum líklegri til að kaupa þær. Rannsóknir hafa sýnt fram á að við erum ekkert nema vaninn og heilar okkar mannanna vilja frekar geta gripið til vana en að þurfa að velta fyrir sér hvort við eigum að kaupa perur eða banana. Af þeim sökum er gott að breyta til og versla ekki alltaf í sömu búðinni. Í nýrri búð þarftu að leita að hlutunum en um leið verðu þú meðvitaðri um hvað þú er að versla. Á móti kemur er það oft tímafrekara að versla í búð sem maður þekkir ekki vel og tíminn er dýrmætur.

Að versla í matinn af vefsíðum matvöruverslana er einnig góð leið til að forðast óþarfa freistingar auk verulegs tíma-sparnaðar sem í því felst.

LEGGÐU SAMAN ÞAÐ SEM FER OFAN Í KÖRFUNA

Samhliða því að fara með innkaupalista í búðina er góð regla að leggja stuttlega saman hversu mikið er búið að eyða jafn-óðum og hlutunum er hent ofan í innkaupakörfuna. Þetta krefst aga en gefur manni strax yfirsýn yfir hversu miklum



fjármunum er búið að eyða og fyrir vikið má þá draga úr óþarfa ef eyðslan er orðin of mikil. Öll þekkjum við það að klóra okkur í hausnum þegar við greiðum fyrir innkaupin og furða okkur á því í hvað allir þessir peningar fóru.

INNBYGGÐUR SVEIGJANLEIKI

Skipulögð matarinnkaup eru best, en við megum þó ekki vera svo stíf að við missum af góðum tilboðum. Það er gott að láta matseðilinn taka mið af því ef vörur eru á útsölu. Ef við sjáum að einhver vara sem við kaupum gjarnan er á útsölu er sniðugt að koma henni fyrir í matseðli vikunnar. Stundum er matvara með afslætti þar sem hún er að fara á síðasta söludag. Ef þú metur það svo og veist að gæði hennar hafa ekki skerst er ekkert að því að kaupa nokkur eintök og frysta til að neyta síðar.

MATUR OG VENJA

Hver ákvað að kvöldmatur skyldi vera stærsta máltíð dagsins? Ef allir á heimilinu fá staðgóða máltíð í hádeginu, í skóla eða á vinnustað, er ekkert sem mælir gegn því að hafður sé einfaldari matur um kvöldið. Það er ekkert að því að bera á borð ódýrari máltíðir eins og súpur, grauta, samlokur eða salöt. Ef heimilisfólk er mett og ánægt er þetta ágætis leið sem sparar tíma og peninga og gefur meiri tíma til notalegrar samveru eftir vinnudaginn.

MINNKUM MATARSÓUN

Ef þú getur, skipuleggðu þá matarinnkaup og matargerð þannig að þú getir notað afganga í hádegismat daginn eftir. Eða safnaðu jafnvel saman afgangum frá tveimur kvöldum í eina máltíð. Einnig getur verið sniðugt að gera tvöfalda eða þrefalda uppskrift þegar þú eldar og frysta einn til tvo rétti. Með þessu

HAGSTÆÐ INNKAUP

Það getur verið skynsamlegt að kaupa mikið magn af vörum ef þrjú skilyrði eru uppfyllt:

- ✓ Að kílóverð vörunnar sé ódýrara í magni.
- ✓ Að það sé pláss fyrir þessar vörur.
- ✓ Að maður muni neyta þeirra áður en þær skemmast eða eru komnar yfir síðasta sölundag.

Því miður er ekki alltaf hagstæðara að kaupa í miklu magni og því skiptir miklu máli að skoða kílóverð og sjá sparnaðinn með eigin augum.


Ekki kaupa innpakkað grænmeti. Slíkt er kannski þægilegra en undantekningarlaust er það mun dýrara en að kaupa grænmeti í stykkjatali.

móti sparar þú ekki aðeins peninga heldur líka tíma, því það tekur jafnlangan tíma að steikja einn lauk og þrjá.

ÚT AÐ BORÐA

Ef maður vill fara út að borða aðeins finna en skyndibita þá er góð regla að brjóta upp hefðina og fara í hádeginu. Hádegismatseðlar veitingahúsa eru iðulega töluvert ódýrari en kvöldseðlar.

Skyndibitastaðir eru svo eitthvað sem má leyfa sér við og við og þá getur verið sniðugt að skoða tilboð hjá símafyrirtækjum eða bönkum sem oft bjóða upp á tvo fyrir einn eða önnur slík tilboð sé maður tilbúin að fara til dæmis á virkum degi.



FJÁRMÁL OG BÖRN

Fjármálahegðun er lærð, rétt eins og önnur hegðun. Því skiptir miklu máli að við séum góðar fyrirmyndir fyrir börnin okkar og kennum þeim hvernig eigi að haga fjármálum.

Hvernig eigum við að tala um fjármál við börnin okkar? Árangur í peningum er fyrst og fremst hegðun og síðan færni. Þess vegna eigum við að hjálpa börnunum okkar að skilja hvernig peningar virka. Það þýðir ekki að við þurfum að segja þeim hvað við erum með í laun og hver útgjöldin eru. Og enn síður ættum við að blanda þeim í fjárhagsvandráði því það er mikilvægt að vernda börnin okkar og leyfa þeim að eiga sína barnæsku án þess að vera með peningaáhyggjur. Hins vegar á umræða um fjármál almennt ekki að vera feimnismál og hún er mikilvæg svo börnin læri að skilja og átta sig á virkni peninga og fjármála. Með kortum og snjallsímagreiðslum verðum við sífellt fjarlægari raunverulegum peningum. Þess vegna skiptir enn meira máli að við fræðum börnin okkar og leyfum þeim að átta sig á þeim tilfinningum, góðum sem slæmum, sem peningar geta kveikt með okkur.

FJÁRMÁL OG TILFINNINGAR

Börn skynja heiminn oft út frá því hvernig foreldrar þeirra skynja heiminn og bregðast við honum. Ef foreldrar spennast upp þegar talað er um peninga eða komast í uppnám þegar

börn biðja um hluti þá skynja börnin það. Það er líklegra en ekki að þau taki þessar tilfinningalegu tengingar með sér inn í fullorðinsárin.

Peningar valda kvíða og vanlíðan hjá mörgum okkar og því forðumst við oft að tala um þá. Þess vegna skiptir miklu máli að þú skoðir hvernig peningar hafa áhrif á þig og jafnvel hvort þú eigir tilfinningatengdar minningar úr æsku þeim tengdum, eins og við fórum yfir í byrjun þessarar bókar.

Sum okkar hafa til dæmis sterka þörf fyrir að eyða strax því sem ratar inn á bankareikninginn. Þessi þörf getur stafað af þeirri hugsun að peningar séu eitthvað sem stöðugt skorti eitthvað sem aldrei sé nóg af. Þess vegna sé best að eyða þeim strax og kaupa eitthvað sem þá allavega veitir manni smá gleði. Því peningar fari alltaf hratt í burtu. Slíkar tilfinningar geta vel hafa orðið til í æsku viðkomandi. Ef það var t.d. alltaf haldin veisla þegar laun voru greidd út eða farið út að borða til að fagna því að það voru til peningar þá sendir það okkur þau skilaboð að peningaskortur sé eins og þurrkatíð og það sé eins gott að nýta regnið. Vökva plönturnar í þau fáu skipti sem það rignir.

Barn sem elst upp við að foreldrar þess nálgist fjármál á slíkan hátt getur tamið sér samsvarandi viðhorf þegar það verður fullorðið. Slæm fjármálahegðun er þó síður en svo bundin við skort á peningum. Ef það eru alltaf til nægir peningar er hætta á að börn átti sig ekki á virði þeirra eða hvernig til þeirra er unnið. Börn þurfa að skilja að kortið er ekki tengt við ótæmandi auðlind og að peningar vaxa ekki á trjám. Þess vegna verða börn að læra að tengja saman vinnu og laun og að þeim sé ekki tafarlaust veitt allt sem hugur girnist.

AÐ STJÓRNA PENINGUM

Það er mikilvægt að börn fái tækifæri til að stjórna peningum. Ef barnið þitt vill nýjan síma þá skaltu spyrja það: Hvernig ætlar þú að vinna fyrir símanum?

Við verðum einnig að gæta þess að dekra ekki börnin okkar um of. Ef að barn fær alltaf nýtt leikfang þegar það biður um slíkt erum við að styrkja það í að tileinka sér hugsunarlaus kaup og láta undan skyndihugdettum. Við slíkar aðstæður, þegar börn biðja um eitthvað til dæmis þegar verið er að kaupa í matinn, er gott að ræða við barnið í rólegheitum um það af hverju við förum í búðina. Planið var að kaupa kvöldmat og nesti fyrir skólann. Það stóð aldrei til að kaupa leikföng. Við sem foreldrar viljum gefa börnunum okkar það sem þau óska sér. Slíkt er fullkomlega eðlilegt. Ef við ólumst upp við kröpp kjör og skort þá er enn skiljanlegra að við viljum tryggja að börnin okkar upplifi ekki það sama og við. Sannleikurinn er hins vegar sá að ef barnið þitt fær allt það sem hugurinn girnist þá fer það út í lífið með þær væntingar að það geti og eigi skilið að fá samstundis allt það sem hugurinn girnist. Það er því í góðu lagi að segja barninu þínu að þú hafir ekki efni á ákveðnum hlut eða að það þurfi að spara fyrir hlutunum.

ÞARFIR OG LANGANIR

Það er grundvallarmunur á löngunum og þörfum. Þarfir eru það sem við þurfum til að geta dregið fram lífið. Fatnaður, matur og húsnæði eru dæmi um grunnþarfir.

Merkjavara, nýjasta símaútgáfan eða leikföng eru hins vegar ekki þarfir heldur eitthvað sem okkur langar í. Það er erfitt að kenna barni muninn á milli þarfa og langana eða gildi sparnaðar ef þú ert alltaf straujandi kortið. Börn læra fyrst og síðast að tileinka sér hegðun sem þau sjá okkur iðka í okkar

daglega lífi. Það má til dæmis auðveldlega spara verulegar fjárhæðir þegar keyptir eru dýrari hlutir eins og t.d. farsími með einföldum verðsamanburði. Svo má minna á að þú ert aldrei með betra tímakaup en akkúrat þegar þú biður um afslátt á því sem þú ert að kaupa. Þetta er ekki auðvelt því það er eitthvað innra með okkur sem stoppar okkur í að gera þetta. En með því að sýna börnum að það bítí þig enginn þegar þú reynir að lækka verðið á því sem þú ert að kaupa gefum við þeim örlítið forskot út í lífið.

SPARAÐ FYRIR ÞVÍ SEM ER EKKI Í BOÐI Í DAG

Það getur verið takmarkandi að nálgast alltaf fjármálin okkar út frá því að við höfum ekki efni á hlutunum í stað þess þæla í hvernig við getum eignast þá. Ef við segjum strax að við höfum ekki efni á því að fara í sumarfrí til útlanda þá er ekki meira um það að segja og sá draumur er farinn veg allrar veraldar. Ef við hins vegar nálgumst þetta frí og útgjöldin sem því fylgja eins og áskorun, þar sem við skoðum aðrar leiðir til að safna fyrir fríinu. Til dæmis með því að sleppa skyndibita og leggja fyrir smátt og smátt erum við strax farin að sýna börnunum okkar að fjármál séu síbreytileg og ekki meitluð í stein. Skynsamar ákvarðanir í dag geta skapað minningar sem endast okkur ævina á enda.

BÖRN LÆRA ÞAÐ SEM FYRIR ÞEIM ER HAFT

Það er gömul saga og ný að hegðun þín og viðhorf til fjármála mun hafa miklu meiri áhrif á börnin þín en ráð, boð og bönn. Það er ástæða fyrir því að það eru miklu meiri líkur á að börn byrji að reykja ef foreldrarnir gera það og minni líkur á að börn byrji að reykja ef foreldrarnir gera það ekki. Sem fyrirmyndir leggjum við viðhorf og hegðun inn í undirmeðvitund. Ef barn

venst á það að um leið og launin berast inn á reikning foreldra sé farið í verslunarleiðangur þá verður barnið mun líklegra til að temja sér slík viðhorf. Að eyða þeim peningum sem til eru strax. Ef barnið lærir og skilur mikilvægi þess að leggja fyrir og að til sé eitthvað sem heitir fjárhagslegt sjálfstæði þá er það líklegra til að stefna í þá átt. Börn gera það sem þau sjá en ekki það sem þau heyra.

Einn mikilvægur þáttur sem okkur ber að kenna börnum okkar er hvernig fara skal með peninga sem við fáum óvænt. Fermingar- eða afmælisgjafir eru oft í formi peninga og við slík tilefni er mikilvægt að við kennum börnum okkar að horfa á slíkar gjafir sem tækifæri til að bæta fjármálin. Við eigum aldrei að heimila án þess að ræða við barnið að það eyði öllu strax í neyslu og skemmtanir. Nálgumst þetta með 50/25/25 reglunni. Að helmingurinn fari í langtíma-sparnað, 25% fari í að safna sér fyrir einhverju eins og síma eða tölvu og afganginn megi nýta í eitthvað skemmtilegt. Ef barnið lærir að peningar sem koma óvænt inn eins og gjafir sé eitthvað sem eyða megi strax mun það tileinka sér þennan ósið þegar komið er á fullorðinsár.



FJÁRSVIK

Þó þessi bók snúist um leitina að peningunum þá er ekki síður mikilvægt að gæta þess að við týnum þeim ekki aftur. Ekki nóg með að stöðugt sé sótt að okkur um að eyða peningum þá fer þjófnaður á peningum sífellt vaxandi. Samhliða því að peningar urðu rafrænir og stór hluti bankaviðskipta og verslunar færðist á netið hefur netglæpum fjölgað mikið. Því er mikilvægt að ræða þessa glæpi þar sem oft geta tapast stórar fjárhæðir sem stundum er nánast vonlaust sækja til baka. Lögreglan hefur á undanförunum árum merkt mikinn vöxt í tilkynningum um netglæpi og upphæðum sem er stolið fer hækkandi. Eins er mikil þróun í aðferðum glæpamanna þar sem stöðugt er verið að þróa nýjar og árangursríkari aðferðir. Þessa tegund glæpa er hægt að fremja hvar sem er í heiminum en sökum þess að oftast er um að ræða erlenda brotamenn getur verið mun flóknara að hafa hendur í hári glæpamannanna.

Glæpirnir eru gjarnan framdir þannig að þúsundir tölvupósta eru sendir á netfangalista. Því miður eru alltaf einhverjir sem bíta á agnið og þá geta háar fjárhæðir tapast mjög hratt. Um leið og peningarnir eru teknir úr höndum fórnarlambins fara þeir oftast hratt í gegnum mjög flóknar leiðir í alþjóðahagkerfinu sem dregur úr möguleikum á að endurheimta þá.

SVIKAPÓSTAR

Algengustu netglæpirnir eru svikapóstar. Þar er tölvupóstur glæpamanna dulbúin sem póstur frá fyrirtæki eða einstaklingi. Oft eru þessir póstar frá fyrirtæki eins og dreifingarfyrirtæki sem segist vera með pakka til viðkomandi og aðeins þurfi að greiða lága upphæð með kreditkort. Það getur verið mjög erfitt að sjá að um svikapóst sé að ræða þar sem fölsunin er oft næstum óaðfinnanleg. Við eigum alltaf að vera á varðbergi þegar við erum beðin um að skrá lykilorð eða gefa upp kreditkortaupplýsingar í gegnum tölvupósta. Vegna þessa eru engin fyrirtæki, félagasamtök eða stofnanir sem óska eftir slíkum upplýsingum í gegnum tölvupósta.

Best er að fara beint inn á síður eða öpp þeirra fyrirtækja eða þjónustuaðila sem í hlut eiga og kanna þar á „mínum síðum“ hver staðan er, í stað þess að smella á tengil í tölvupósti eða smáskilaboðum.

Það eru nokkur atriði sem einkenna slíka pósta sem við skulum hafa í huga.

- # **Undarlegt orðalag:** Ef málfar er óhefðbundið og í texta eru málfræði- eða stafsetningarvillur bendir það til svika. Fyrirtæki reyna iðulega að gæta að slíku í efni sem frá þeim fer.
- # **Skritið lén:** Ef bréfið á að vera frá bankanum þínum en sendandi notar gmail þá er það skýrt dæmi um svik. Eins eru dæmi um að lénin sýnist í fljótu bragði vera frá t.d. bankanum þínum en ef betur er að gáð vantar einn staf. Því er mikilvægt að lesa vel í tölvupóstfangið eða lénið áður en brugðist er við.
- # **Áríðandi!** Oft er látið líta út fyrir að mikið liggi á og við

þurfum að bregðast við strax. Fólki er jafnvel hótað að eitthvað slæmt gerist greiði það ekki strax.

Grunsamleg viðhengi. Við eigum aldrei að opna slíkt þó að það sé fullyrt að í viðhengi séu nektarmyndir af okkur eða eitthvað annað þaðan af verra.

INNKAUPA- OG VÖRUSVIK

Þessi svik eru gerð af fyrirtækjum eða einstaklingum sem segiast ætla að selja þér eitthvað sem aldrei stendur til að afhenda eða senda. Þú færð jafnvel sendan tölvupóst eða smáskilaboð að pöntun þín sé móttækin en vöruna sem þú ætlaðir að kaupa færðu aldrei. Svona vörur eru gjarnan auglýstar á samfélagsmiðlum eða á Internetinu. Oft getur tjónið þó orðið mun meira ef þú hefur afhent svindlurunum kreditkortanúmerið þitt. Þá eru mun meiri líkur á að kortið þitt verði notað með sviksamlegum hætti. Ef við erum stödd á vefsíðu sem við höfum ekki heimsótt áður og erum við það að fara að skrá kreditkortanúmer okkar er gott að skoða fyrst hvort upplýsingar fyrir frekari samskipti eins og síma eða tölvupóst sé að finna. Einnig mælum við með að fletta söluaðilanum upp á netinu á síðum á borð við trustpilot.com. Hægt er að tilkynna svik til kreditkortafyrirtækja sem mögulega geta þá stoppað greiðslu.

Hér á landi sjáum við reglulega sambærileg svik á samfélagsmiðlum þar sem aðilar eru að selja vörur eins og síma og væntanlegir kaupendur millifæra á viðkomandi. Oft með því að sýna falsað skjáskot af millifærslu. Reglulega má sjá fólk varað við slíkum einstaklingum sem oft tekst að svíkja fjölda fólks áður en til þeirra næst. Við ættum þess vegna aldrei að borga fyrir vöru né heldur afhenda hana nema við séum búin

að fá 100% staðfestingu á greiðslu eða afhendingu. Góð vísa er sjaldan of oft kveðin og ef kaupin eru of góð til að vera sönn eru meiri líkur en minni að þau séu ekki sönn.

„NIGERÍUSVINDL“

Þetta eru ein algengustu og elstu svikin í bókinni. Þau eru kennd við vesturafríkuríkið Nígeríu þar sem frumkvöðlar á þessu sviði eru gjarnan sagðir hafa verið, þótt ósanngjarnt sé að kenna hið fallega land við þennan ljóta glæp. Svindlið gengur út á að „auðugur einstaklingur“ frá framandi landi leitar til fólks eftir hjálp við að flytja mikil auðæfi út úr heimalandi sínu.

Loforð þeirra gengur út að þú munir fá mikla fjármuni en til að svo geti orðið þarft þú að senda smávægilegar upphæðir til að standa straum af kostnaði við stóru millifærsluna. Þitt hlutverk í þessum millifærslum er að taka við peningunum og þér er lofað stórum fjárhæðum fyrir viðvikið. Ef þú millifærir peninga er gerð krafa um að þú greiðir sífellt meira og oft er gripið til hótana um ofbeldi þar sem málið sé komið of langt á veg.

FJÁRFESTINGASVIK

Rafmyntir eins og Bitcoin eru framandi, spennandi og eitt-hvað sem margir virðast hafa grætt mikla fjármuni á. Fólk sem keypti Bitcoin fyrir smávægilegar upphæðir fyrir nokkrum árum er í dag stóreignafólk – sérstaklega ef það seldi á réttum tíma. Glæpamenn hafa nýtt sér þá staðreynd að fæst okkar hafa djúpan skilning rafmyntum til að stela kreditkortaupplýsingum eða öðrum persónulegum upplýsingum. Flest höfum við séð auglýsingar með „íslenskum aðilum“ þar sem vísað er í falsaða umfjöllun fjölmiðla um að fjárfesting þeirra í Bitcoin

hafi skilað gríðarlegri ávöxtun og ríkidæmi. Annað einkenni svipaðra svika er tilboð um fjárfestingu í fyrirtæki sem sé með nýja rafmynt sem sé að fara á markað og muni umbylta heiminum og skila ávöxtun sambærilegri þeirri sem Bitcoin hefur skilað. Þér er boðin ævintýrleg ávöxtun og gull og grænir skógar. Aftur: Ef það hljómar of gott til að vera satt þá er það líklega ekki satt. Eins eru dæmi um aðila sem hringja í fólk erlendis frá þar sem reynt er að selja þér stórkostleg tækifæri og oft eru solumennirnir mjög ágengir. Besta leiðin er að þakka fyrir og segjast ekki hafa áhuga og leggja á.

SMÁA LETRIÐ

Þetta er eitthvað sem við höfum öll gerst sek um. Að fá upp á skjáinn mikinn texta sem við þurfum að skrolla niður til að samþykkja til að geta komist áfram. Öll þjónusta sem við samþykkjum að kaupa á netinu krefst þess að við samþykkjum langa og flókna lögfræðiskilmála sem ekki nokkur sála nennir að lesa til enda. Af þessum sökum smellum við á samþykki án þess að leiða hugann að því hvað við vorum að gera. Oft eru þó íþyngjandi kvaðir í slíkum skjölum sem hafa það eitt að markmiði að ná af okkur enn meiri peningum en við ætluðum. Þar getur verið um að ræða langan uppsagnartíma ef þjónustunni er sagt upp. Af þessum sökum eigum við alltaf að leggja á okkur svolitla rannsóknarvinnu um fyrirtæki sem við þekkjum ekki eða höfum ekki keypt þjónustu af áður. Oftar en ekki dregur stutt leit á netinu slík svik fram.

STAFRÆN GÍSLATAKA

Sífelld algengara er að samfélagsmiðlareikningar eða önnur tölvugögn séu hökkuð eða að brotist sé inn í þá. Slík innrás getur haft mjög neikvæð áhrif á líðan auk þess sem oft-

ast er um að ræða gróft brot á persónuvernd. Íðulega er farið fram á greiðslu vilji maður fá aðgang sinn aftur auk þess sem oft er hótad að viðkvæm persónuleg gögn verði gerð opinber. Þar sem stór hluti lífs flestra okkar fer í dag fram á samfélagsmiðlum og við notum þá til að eiga í trúnaðarsamtölum þá er slík innrás fyrir flesta mjög alvarlegur hlutur. Þess vegna ákveða margir að greiða uppsett lausnargjald til að fá aðgang sinn aftur. Við eigum öll að vera með tveggja þrepa auðkenningu, til dæmis þannig að ef einhver skráir sig inn þarf að samþykkja slíka skráningu með síma sem þú ert búin að gefa upp. Ef þú ert ekki með tveggja þrepa auðkenningu skaltu hætta að hlusta eða lesa strax og virkja slíkar varnir fyrir alla þína aðganga og áskriftir: Facebook, Gmail, X, Instagram og svo framvegis .

SPILLIFORRIT

Reglulega sækjum við forrit, öpp og annað efni af Internetinu og setjum það upp á tölvum okkar, símunum og snjalltækjum. Stundum gerist það að með einhverju forriti laumast falin bakdyraforrit. Bakdyraforrit eru forrit sem opna aðgang að tölvu/tæki fyrir utanaðkomandi aðilum án þess að slíkt hafi verið samþykkt og oftast veit viðkomandi ekki af því að þetta forrit sé sett upp í tölvunni. Oft fylgja með spilliforritum annar leynihugbúnaður (e. stealth software) sem hefur það eina hlutverk að fela spilliforritaskrár á tölvunni svo veiruvarnarforrit finni þau ekki. Þessi forrit er hægt að nota með ýmsum hætti – til dæmis til að fylgjast með hvaða lykilorð þú slærð inn og ýmislegt fleira.

STEFNUMÓTA- OG ÁSTARSVIK

Þessi tegund svika er ein sú erfiðasta og sárasta þegar kemur að fjársvikum. Það er sárt að tapa peningum en slík svik byggja iðulega á miklum tilfinningum þar sem fórnarlambinu hefur oft verið talið trú um að alvöru tilfinningar og traust sé á milli fólks. Slíkum málum fylgir oft mikil skömm og sársauki ofan á þann fjárhagslega skaða sem hlýst af þeim. Við eigum því alltaf að hafa lágmarks fyrirvara á ókunnugu fólki sem fer að senda okkur vinarbeiðnir eða reynir að nálgast okkur að fyrra bragði. Veruleg aukning hefur orðið á slíkum fjársvikum en eitt einkenni þeirra eru yfir hversu langan tíma þau eiga sér stað þar sem það tekur tíma að skapa traust. Oft er stofnað til ástarsambands þar svikarinn spilar á tilfinningar fórnarlambins sem oft trúir að loksins hafi ástin knúið dyra. Þegar traust hefur skapast fer svikarinn að biðja um smávægileg peningalán og er haldið áfram eins lengi og hægt er. Þar sem tilfinningar geta verið í spilunum er fólk oft grandlaust.

Annað dæmi um slík svik eru fjárkúgunarmál.

Mörg þekkja það að fá vinabeiðnir eða fylgjendur á samfélagsmiðlum frá fólki sem ekki er til í raunveruleikanum. Oft á tíðum er lögð mikil vinna í að búa til trúverðugan prófíl og ef viðkomandi hefur undirbúið sig vel þá er líklegt að þið eigið margar sameiginlegar tengingar sem enn eykur á trúverðugleikann. Slík gervimenni óska oft eftir allskonar efni, jafnvel myndum af þér án fata, sem þau síðan hóta að dreifa á netinu ef rétt verð er ekki greitt. Í tilvikum sem þessum er best að fyrirbyggja skaðann og hundska öll þessi skilaboð og vinarbeiðnir.

Þetta var örstutt yfirferð yfir þær helstu gildirur sem má búast við að rekast á á hversdagslegu vafri um netið.

Með því að vera meðvituð í samskiptum og taka ekki hvat-

vísar ákvarðanir má koma í veg fyrir að lenda í klóm fjárvikara. Ef svo óheppilega vill til að þú lendir í klóm þeirra er mikilvægt að leggja stoltið til hliðar, því það er erfitt að þurfa að viðurkenna mistök á borð við þessi, og hafa samstundis samband við lögreglu til að bjarga því sem bjargað verður. Ekki gleyma að enginn er einn um að hafa lent í þessu og við eigum dæmi þess að stórfyrirtæki hafi lent í klónum á svikahröppum sem þessum hætti þrátt fyrir varúðarráðstafanir. Skömmín er því ekki þín heldur þeirra sem ræna peningunum með ófor-skömmuðum leiðum.

FJÁRMÁLAÁFÖLL

Fjármálaáföll er eitthvað sem við flest upplifum á leið okkar í gegnum lífið. Fjármálaáfall er óvæntur atburður sem hefur neikvæð áhrif á fjármál okkar. Það segir sig sjálfst að því betur undirbúin sem við erum fyrir möguleg áföll því meiri líkur eru á að við náum að vinna okkur úr erfiðleikunum. Við skulum til einföldunar skipta fjármálaáföllum í tvo flokka.

HAGRÆN ÁFÖLL

Hagræn áföll eða kerfislæg áföll eru áföll sem snerta hagkerfið allt, t.d. fjármálahrunið 2008 eða óðaverðbólga sem gerir það að verkum að afborganir af húsnæðislánum snarhækka. Það er erfitt að sjá fyrir svona áföll og mikilvægast er að viðhafa heilbrigð fjármál eins og að eiga sparnað og skulda ekki meira en þú ræður við að greiða auðveldlega af.

Það er vert að benda á að þegar stór kerfislæg áföll dynja yfir hefur ríkisvaldið gjarnan gripið til sérstakra ráðstafanna. Eftir fjármálahrunið 2008 var t.d. veitt heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar og í Covid faraldrinum fengu fjölmargir atvinnurekendur styrki vegna takmarkana á starfsemi. Við eigum þó aldrei að gera ráð fyrir að ríkisvaldið grípi okkur en það er þó ágætt að vita til þess að stjórnvöld hafa reynt að milda áhrif slíkra áfalla.

PERSÓNULEG FJÁRMÁLAÁFÖLL

Persónuleg fjármálaáföll eru áföll sem snerta okkar persónulega fjárhag með beinum hætti. Við munum hér á eftir skoða þessa gerð fjármálaáfalla aðeins betur og skoða til hvaða ráðstafanna við getum gripið til að takmarka áhrif þeirra eins og frekast er kostur.

Óvænt fjárútgjöld, t.d.

- # Tannréttingar barna
- # Viðgerð á bíl
- # Kostnaðasamar framkvæmdir á fasteign

Veikindi og slys, t.d.

- # Tímabundinn eða langvarandi missir á starfsgetu vegna veikinda
- # Slys sem veldur tímabundinni eða varanlegri örorku
- # Löng endurhæfing eftir veikindi eða slys
- # Veikindi og slys maka sem veldur tekjumissi
- # Veikindi og slys nákomins ættingja sem krefst umönnunar

Atvinnumissir t.d.

- # Þér er sagt upp störfum
- # Maka er sagt upp störfum
- # Atvinnuveitandi fer á hausinn

Breyttar aðstæður, t.d.

- # Maki fellur frá
- # Skilnaður
- # Fangelsi



Eins og sjá má að ofan geta persónuleg fjármálaáföll verið af fjölbreyttum toga, og stundum eiga þau grunn í enn erfiðari persónulegum áföllum, t.d. ástvinamissi eða varanlegum heilsu- bresti sem veldur örorku. Oft eru áföllin þess eðlis að erfitt var að sjá þau fyrir en þó má draga verulega úr áhrifum þeirra með því að eiga sparnað og búa við lága skuldsetningu.

Ýmis bjargráð, sem fólk áttar sig oft ekki á, geta þó mildað persónuleg fjármálaáföll.

VEIKINDI OG SLYS

Þegar um veikindi eða slys er að ræða er mikilvægt að skoða réttindi varðandi veikindi hjá sínu stéttarfélagi en algengt er atvinnurekandi tryggi greiðslur í tiltekinn tíma (veikinda- dagar). Lög og kjarasamningar kveða á um útfærslu veikinda- réttar; fjölda veikindadaga, skilyrði fyrir launuðu veikinda- leyfi og fleira.

Ef um langvarandi veikinda er að ræða, og réttindi hjá atvinnurekanda eru runnin út, geta launþegar sótt um sjúkra- dagpeninga hjá sínu stéttarfélagi. Athugið að réttindi eru ólík milli stéttarfélaga og geta einnig farið eftir aldri og fleiri þáttum. Sum stéttarfélög greiða dagpeninga vegna alvarlegra veikinda maka til skemmri tíma.

Þeir sem ekki hafa launatekjur í veikindum geta átt rétt á sjúkradagpeningum frá Sjúkratryggingum Íslands. Þeir eru þá greiddir til viðbótar við sjúkradagpeninga stéttarfélags. Það þarf einnig að sækja sérstaklega um þá.

Algengar fjölskyldu- eða heimilistryggingar greiða oft til- tekna upphæð við veikindi, slys eða sjúkrahúslegu. Einnig er hægt að kaupa sérstakar slysa- og sjúkdómatryggingar sem greiða þá tiltekna upphæð við alvarleg veikindi. Rétt er að

skoða þessi atriði vel, sér í lagi ef við erum með stóra fjölskyldu og berum ábyrgð á velferð fleiri en aðeins okkar eigin.

Veikindi barna – Foreldrar geta einnig átt rétt á launuðu leyfi vegna veikinda barna sinna yngri en 13 ára, en reglur um slíkt eru breytilegar eftir kjarasamningum. Ef veikindi barns standa lengur en réttur til launa nær, getur foreldri átt rétt á sjúkradagpeningum úr sjúkrasjóði síns stéttarfélags. Þá geta foreldrar fatlaðra og langveikra barna sótt um umönnunargreiðslur frá Tryggingastofnun.

Kannaðu og/eða tryggðu rétt þinn hjá:

- # Atvinnurekanda
- # Stéttarfélaginu þínu
- # Sjúkratryggingum Íslands
- # Tryggingafélaginu þínu
- # Tryggingastofnun (umönnunargreiðslur)

ÖRORKA OG ENDURHÆFING

Það getur hent alla að missa getu eða færni til að vinna og afla sér tekna. Það er fyrir flesta mikið áfall að vera kippt út af vinnumarkaði hvort sem það er til skemmri eða lengri tíma.

Fólk á aldrinum 18–67 ára getur sótt um að fara í örorkumat þar sem færni viðkomandi er metin eftir slys, sjúkdóma eða fötlun.

Endurhæfing það er skilyrði að endurhæfing sé fullreynd áður en örorka er metin og er mat á örorku oftast tímabundið. Því þarf oft að fara aftur í slíkt mat. Sum stéttarfélög styðja meðlimi við endurhæfingu og þá greiðir Tryggingastofnun endurhæfingarlífeyri til þeirra sem verða óvinnufær vegna sjúkdóma eða slysa og eru í endurhæfingu til að komast aftur út á vinnumarkað.

Kannaðu og/eða tryggðu rétt þinn hjá:

- # Tryggingastofnun
- # Stéttarfélaginu þínu
- # Tryggingafélaginu þínu

ÖRORKA

Fólk með 75% örorku eða hærri fær lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun. Ofan á það bætast gjarnan greiðslur frá þeim lífeyrissjóði/sjóðum sem greitt hefur verið í, ef viðkomandi hefur starfað á vinnumarkaði. Hægt er að nálgast upplýsingar um upphæðir örorkulífeyris á vef Tryggingastofnunar. Mikilvægt er að huga að því að allar skattskyldar tekjur eins og atvinnu- og fjármagnstekjur, tekjur frá stéttarfélagi og lífeyrissjóðsgreiðslur hafa áhrif til skerðingar á örorkulífeyri Tryggingastofnunar.

Örorkulífeyrir lífeyrissjóða kemur gjarnan til móts við lífeyri Tryggingastofnunar. Sjóðsfélagar eiga rétt á örorkulífeyri úr samtryggingarsjóði ef þeir verða fyrir orkutapi sem metið er a.m.k. 50% (hjá sumum sjóðum 40%) og hafa orðið fyrir tekju-skerðingu. Örorkulífeyrir er miðaður við áunnin lífeyrisréttindi og framreiknuð réttindi.

Heimilistryggingar eða fjölskyldutryggingar greiða margar hverjar tiltekna upphæð komi til örorku einstaklinga og er mikilvægt að skoða þær upphæðir. Eins er hægt að kaupa sérstakar sjúkra- og slysatryggingar sem bæta tjón vegna skertrar starfsgetu.

Kannaðu og/eða tryggðu rétt þinn hjá:

- # Tryggingastofnun
- # Lífeyrissjóðnum þínum
- # Tryggingafélaginu þínu

ATVINNUMISSIR

Það getur hent okkur öll að missa vinnu eða lækka verulega í tekjum. Við uppsögn fær launþegi í flestum tilfellum greiddan uppsagnarfrest, oftast í þrjá mánuði sem þýðir að viðkomandi getur farið að undirbúa sig fyrir breyttan veruleika með því að sækja um nýja vinnu.

Hins vegar getur vinnan líka horfið eins og hendi væri veifað t.d. ef fyrirtæki verður gjaldþrota. Við slíkar aðstæður er fólk sent heim samdægurs og þarf að sækja um laun sem það á rétt á í uppsagnarfresti í gegnum ábyrgðasjóð launa hjá Vinnumálastofnun. Slíkt tekur töluverðan tíma og því þarf strax að skoða hvernig staðan er og leita leiða til brúa bilið.

Þú getur sótt um atvinnuleysisbætur hjá Vinnumálastofnun allt að mánuði áður en þú verður atvinnulaus að fullu eða hluta. Mikilvægt er að hafa í huga að atvinnuleysisbætur eru ekki greiddar afturvirkir. Því er mikilvægt að sækja um atvinnuleysisbætur í síðasta lagi þann dag sem þú verður atvinnulaus, t.d. þegar uppsagnarfresti lýkur. Sem umsækjandi getur þú í fyrsta lagi fengið greiddar atvinnuleysisbætur frá og með þeim degi sem þú getur hafið störf, þ.e. ert orðin/nn atvinnulaus. Fyrstu þrjá mánuðina eru atvinnuleysisbætur tekjutengdar, um 70% af meðaltali heildarlauna síðustu sex mánuði, en eftir það lækka þær. Atvinnuleysisbætur eru ekki háar en geta sannarlega skipt máli og auðveldað þér að komast á beinu brautina. Þú getur samtals átt rétt á atvinnuleysisbótum í 30 mánuði.

Kannaðu og/eða tryggðu rétt þinn hjá:

Vinnumálastofnun

ÁSTVINAMISSIR

Að missa maka er einhver erfiðasta lífsreynsla sem fólk lendir í. Fyrir utan sorg og erfiðar tilfinningar þá bætast oft við miklar fjárhagsáhyggjur og ótti um afkomu þar sem báðir aðilar hafa áður tekið þátt í framfærslu heimilisins. Við slík áföll þarf að hugsa öll fjármálin upp á nýtt.

Ef aðilar voru ekki giftir erfa skylduerfingar og eftir atvikum lögerfingar makans eigur hans og á það við hlut í íbúð, inn-eignir í banka o.s.fr.v. Ef aðilar eru giftir erfir maki langstærstan hluta eigna. Það skiptir miklu máli að ræða þessa hluti og ef fólk er ekki skráð í hjúskap að fyrir liggi erfðaskrá. Það gerist allt of oft að aðilar þurfa að selja ofan af sér heimili vegna þess að ekki var hugað að réttlátri skráningu eigna og hvað gerist ef annar aðili fellur frá.

Þá þarf að huga að ýmsum praktískum málum, sem dæmi lokast bankareikningar sem eru á nafni hins látna þegar dánarvottorð er komið til sýslumanns. Sá reikningur opnast ekki fyrr en fyrir liggur heimild til setu í óskiptu búi eða leyfi hefur fengist til einkaskipta. Þá þarf að fá yfirlit yfir beingreiðslur makans í bankanum og einnig eigin beingreiðslur til að fá heildaryfirlit, til dæmis fyrir húsgjöld, húsaleigu, tryggingar, fasteignagjöld og fl.

Fjölmargir lögmenn bjóða upp á gerð erfðaskrár. Það er því vel þess virði að skoða þessi mál vel og ræða við maka og lög-festa skiptingu arfs þannig að allir séu sáttir. Að mörgu þarf að huga og þótt bjargráð kunni að liggja víða er ekki sjálf-gefið að fólk viti hvar þau er að finna. Ef þú færð lífeyri hjá Tryggingastofnun gætir þú t.d. átt rétt á heimilisuppbót eða dánarbótum. Hjá skattstjóra er hægt að sækja um að nýta persónuafslátt hins látna í allt að níu mánuði eftir andlát eða

jafnvel skattaívilnun vegna tekjumissis og þá gætir þú átt rétt á makalífeyri frá lífeyrissjóði maka. Einnig gætir þú átt réttindi hjá tryggingafélagi þínu, sér í lagi ef maki hefur haft líf-eða sjúkdómatryggingu.

Kannaðu og/eða tryggðu rétt þinn hjá:

- # Tryggingastofnun
- # Stéttarfélaginu þínu (það gæti veitt útfararstyrk)
- # Ríkisskattstjóra/Skattinum
- # Tryggingafélaginu þínu/maka
- # Lífeyrissjóður maka

TAKTU ÁKVÖRÐUN

Eins og þú sérð geta fjármálaáföll verið af ýmsum toga og þau eru ekkert til að skammast sín fyrir. Það sem skiptir máli er hvernig þú bregst við! Lykilatriði er að setta sig við breyttan veruleika í kjölfar fjármálaáfalls. Hér þarft þú að horfast í augu við raunverulega stöðu og ekki seinka því sem þú getur gert í dag til morguns.

Að fresta hlutum er besta leiðin til að auka á kvíða og mun ekki gera hlutina auðveldari.

- # Taktu ákvörðun um að á hverjum degi ætlir þú að gera eitthvað sem er til þess fallið að bæta stöðu þína.
- # Ef þú átt erfitt með að ná utan um það sem þú þarft að gera skaltu tala við einhvern sem getur hjálpað þér að brjóta upp vandamálin í smærri verkefni.

FÁÐU YFIRSÝN

- # Fyrsta skrefið í því að ná tökum á fjármálunum er að öðlast góða yfirsýn og það gerir þú með því að halda einhverskonar heimilisbókhalld. Heimilisbókhalld er í raun bara aðferð við að ná yfirsýn og geta í kjölfar þess sett sér markmið. Farið er vandlega yfir hvernig þú öðlast slíka yfirsýn fyrir í þessari bók.

EN EF ÞAÐ DUGIR EKKI TIL?

En segjum að þú hafir gert þitt allra besta til að draga úr útgjöldum en tekjurnar duga samt ekki fyrir skuldunum. Hvað er þá hægt að gera?

Besta leiðin er að tala við beint við fjármálastofnanirnar og láta vita hver staðan er. Í lang flestum tilfellum reyna bankar og fjármálastofnanir að aðstoða með skuldbreytingum og bjóða upp á að semja um greiðslur yfir t.d. lengra tímabil.

Með skipulögðu heimilisbókhalddi og skýrum sparnaðar-markmiðum er búið að taka mikilvægt skref í rétta átt úr vandanum. Við fjármálaáföll getur há skuldastaða þó haft mjög neikvæð og erfið áhrif og stundum leitt til þess að leita verður til fagaðila um hjálp. Umboðsmaður skuldara veitir til dæmis ókeypis ráðgjöf sem þú gætir nýtt þér.

HORFÐU TIL FRAMTÍÐAR

Verkefnið virðist kannski yfirgnæfandi stórt en ef þú skiptir því niður í minni hluta verður það viðráðanlegra. Verðlaunaðu þig þegar þú nærð einhverju markmiði eða smásigri með því að gera eitthvað skemmtilegt og hrósaðu sjálfum þér. Þú ert á réttri leið! Sólin kemur alltaf aftur upp. Við lendum öll í áföllum um ævina, og flest sem hafa náð langt í lífinu eða

efnast vel hafa gengið í gegnum svipaða hluti, eins og lesa má í fjölmörgum ævisögum!

Mundu að fjármálaáföll eru ekki endastöð heldur langoftast tímabil sem við komumst flest yfir. Ef við höfum tileinkað okkur góða hegðun þegar kemur að fjármálum verðum við betur í stakk búin til að takast á við slík áföll og komumst fyrir yfir þau.

Leitin að peningunum er eitt mikilvægasta verkefni lífsins. Þessari bók er ætlað að leiðbeina fólki að fjárhagslegu sjálfstæði. Í henni er farið yfir helstu þætti persónulegra fjármála á einfaldan og skýran hátt ásamt því að vísað er veginn í átt að heilbrigðum samskiptum við peninga.

Bókinni er skipt upp í 23 sjálfstæða kafla þar sem eftirfarandi þættir fjármála eru meðal annarra skoðaðir:

- Tilfinningar okkar til peninga og fjárhagslegur ósiðir.
- Neyslulán og góð ráð við uppgreiðslu skulda.
- Hvað þarf að hafa í huga þegar kemur að fasteignalánum.
- Mikilvægi sparnaðar og fjárfestinga.
- Hverju þarf að huga að ef við viljum stofna fyrirtæki.
- Innkaup til heimilis og neyslusálfræði?
- Lífeyrismál og sparnaður til framtíðar.

Bókin er fyrir öll þau sem vilja tileinka sér betri hegðun þegar kemur að peningum og um leið taka fyrsta skrefið í átt að fjárhagslegu sjálfstæði. Hún er skrifuð fyrir fermingarbörn og forstjóra.

**STAÐREYNDIN ER SÚ AÐ VIÐ HÖFUM TILHNEINGU TIL
AÐ OFMETA HVERJU VIÐ GETUM ÁORKAÐ Á SKÖMMUM
TÍMA EN VANMETA STÓRKOSTLEGA HVERSU MIKLU VIÐ
GETUM KOMIÐ Í VERK Á LÖNGUM TÍMA.**



ISBN 978-9979-9514-8-3



9 789979 951483